


3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
föstudagur
POPP







# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

28. maí 2010 — 123. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



## Ætlar að sigra

*Hera Björk er bjartsýn á góðan árangur í Eurovision-keppninni í Ósló.*

**fólk** 46

## Gengur á tíu tinda

*Þorsteinn Jakobsson gengur á tíu fjöll í dag í tilefni af fimm ára afmæli Ljóssins.*

**tímamót** 30



## Spenna hjá stelpunum

*Sigurganga Vals hélt áfram í Pespi-deild kvenna en Blikar komust í annað sætið.*

**sport** 42

**veðrið í dag**




**SKÚRIR SYÐRA** Í dag verða norðaustan eða austan 3-8 m/s. Skýjað með köflum og síðdegisskúrir syðra en bjart V-lands. Hiti 4-15 stig.

**veður** 4

# Besti flokkurinn með sjö

**Sjálfstæðisflokkurinn vinnur á í Reykjavík samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningur við Besta flokkinn og Samfylkinguna er á niðurleið. Fjórðungur kjósenda hefur ekki gert upp hug sinn.**

**KÖNNUN** Heldur dregur úr stuðningi við Besta flokkinn í Reykjavík samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi. Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig einum borgarfulltrúa á kostnað Besta flokksins frá sambærilegri könnun fyrir viku.

Besti flokkurinn nýtur stuðnings 40,9 prósenta borgarbúa, sem myndi skila flokknum sjö borgarfulltrúum af fimmtán. Fyrir viku sýndi könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 flokkinn með átta borgarfulltrúa og hreinan meirihluta.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 26,7 prósent atkvæða og fjóra fulltrúa. Það er 5,6 prósentustigum og einum borgarfulltrúa meira en fyrir viku.

Samfylkingin missir fylgi milli kannana. Af þeim sem tóku afstöðu styðja 18,3 prósent flokkinn. Miðað við þann stuðning fengi Samfylkingin þrjá borgarfulltrúa.

Vinstri græn tapa einnig lítillega milli kannana, og mælast nú með stuðning 8,9 prósenta borgarbúa. Það myndi skila flokknum einum borgarfulltrúa, en hann fékk tvo í borgarstjórnarkosningunum 2006.

Aðrir flokkar ná ekki manni í borgarstjórn samkvæmt könnuninni. Alls sögðust 2,6 prósent styðja Framsóknarflokkinn og 1,5 prósent H-lista óháðra. Þá sögðust 0,6 prósent styðja Reykjavíkurframboðið og sami fjöldi styður Frjálslynda flokkinn.

Af 800 borgarbúum sem hringt var í í gærkvöldi sögðust 26,1 prósent enn óákveðin, þrátt fyrir að kosið verði á morgun. Þá sögðust 12,8 prósent ætla að sleppa því að kjósa, eða skila auðu. **- bj / sjá síðu 4**






**FRAMBJÓÐENDUR Á LOKASPRETTI** Þótt stutt sé í kosningar gáfu frambjóðendur til borgarstjórnar í Reykjavík sér tíma til að fylgja Reyni Ingibergssyni göngugarpi um Öskjuhlíðina í gær í tilefni af útkomu bókar hans Náttúran við bæjarvegginn - 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jóhanna fagnar afsögn:

## Sýnir kjark og mikla auðmýkt

**STJÓRNMÁL** „Ég er þakklát Steinunni Valdísi fyrir þessa ákvörðun og með henni sýnir hún í senn mikla auðmýkt og kjark," segir Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar.



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Steinunn Valdís tilkynnti í gær að hún hefði ákveðið að segja af sér þingmennsku þar sem hún telji sig ekki geta rækt skyldur sínar sem þingmaður vegna umræðu um styrkjamál hennar. Steinunn þáði þréttán milljónir króna í styrki í kosningabaráttu sinni.

Í yfirlýsingu sem Steinunn Valdís sendi frá sér segist hún hafa hreinan skjöld og geti því ekki beðist afsökunar á að hafa gerst sek um siðspillingu með því að sækjast eftir og fá fjárstyrk frá þessum aðilum á þessum tímum. **- shá / sjá síðu 2.**

Svíar hafa reynt að miðla málum innan Evrópusambandsins vegna Icesave:

# Ósamið um lagalega fyrirvara

**UTANRÍKISMÁL** Enn eru það lagalegu fyrirvararnir sem Alþingi setti við Icesave-samninginn sem fyrst og fremst standa út af í viðræðum Íslands við Bretland og Holland. Bretar eiga sérstaklega erfitt með að sætta sig við þá. Þá er einnig ósamið um vaxtaprósentu.

Samninganefndir landanna þriggja hafa ekki hist síðan fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna 6. mars. Þær hafa þó verið í óformlegu sambandi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa menn innan íslenska stjórnkerfisins ákveðnar áhyggjur af því að efnahagsþrengingar í ESB-ríkjum hafi áhrif á hugsanlegt tilboð Breta og Hollendinga. Þannig sé hætta á að bornir verði saman vextir á láninu til Íslands og til ríkja á borð við Grikkland.

Svíar hafa reynt að miðla málum á vettvangi Evrópusambandsins, samkvæmt heimildum blaðsins. Það hafa þó verið óformlegar þreifingar. **- kóp / sjá síðu 6**









## SPURNING DAGSINS



*Þorbjörg, er þetta kynjaður skáldskapur?*

„Já, ábyggilega en hann er að minnsta kosti líka kynþokkafullur.“

Fyrsta bók Þorbjargar Marinósdóttur, Makalaus, kom út í gær. Bókin fellur í flokk svokallaðra skutluskáldsagna og byggir meðal annars á reynslu höfundarins og samskiptum hennar við hitt kynið.

Olíuslysið í Mexíkóflóa orðið það stærsta í sögu Bandaríkjanna:

# 72 milljónir lítra lekið í flóann

**MEXÍKÓ, AP** Olíuslysið í Mexíkóflóa er það stærsta í sögu Bandaríkjanna. Samkvæmt varlegu mati vísindamanna hafa næstum 72 milljónir lítra af olíu lekið í sjóinn frá því að borpallur brann og sökk í apríl. Útreikningar vísindamanna gefa til kynna að á bilinu 1,9 og 3,8 milljónir lítra af olíu hafa lekið í sjóinn á hverjum degi frá því að slysið varð.

Barack Obama Bandaríkjaforseti svaraði spurningum fréttamanna um málið í gær. Hann hefur verið gagnrýndur fyrir aðgerðaleysi og seinagang, en sagði gagnrýnendur ekki þekkja allar hliðar málsins. Hann greindi frá því að skipuð yrði nefnd til að skoða öryggi olíuborana, og að engin ný leyfi yrðu veitt til borana næstu sex mánuðina.

Obama sagði jafnframt að þeirri ríkisstofnun sem fer með olíumál hafi yfirsést og hafi ekki verið nægilega vel undirbúin fyrir leka af þessu tagi. Yfirmaður stofnunarinnar, Elizabeth Birnbaum, hætti störfum í gær.

Olíufyrirtækið BP hefur undanfarna daga reynt að stöðva lekann og bárust fréttir af því í gær að það hefði tekist. Talsmenn fyrirtækisins vildu þó ekki staðfesta það í gærdag en sögðu tilraunir til að stöðva lekann halda áfram. **- þeb**



**BLAÐAMANNAFUNDUR** Bandaríkjaforseti svaraði spurningum á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stálu dýrum skartgripum:

## Vopnaðir menn rændu uppboð

**SVÍÞJÓÐ** Þrír menn rændu skartgripum fyrir tólf milljónir sænskra króna í Stokkhólmi í gær.

Mennirnir komu inn í Bukowski-uppboðshúsið um hádegi í gær vopnaðir byssum. Í húsinu var sýning á þeim munum sem verða á uppboði í byrjun júní. Um tuttugu manns voru á staðnum þegar mennirnir ruddust inn en enginn særðist. Mennirnir komust undan á bíl, sem fannst stuttu síðar. Verið var að leita vitna til að komast að því hvernig mennirnir héldu áfram flóttanum. **- þeb**

Vísinda- og tækniráð:

## Hvatningarverðlaun veitt

**FÓLK** Dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir hlaut í gær hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs. Verðlaunin voru afhent á Rannsóknaþingi í gærmorgun.

Unnur er dósent við læknadeild Háskóla Íslands og er forstöðumaður miðstöðvar í lýðheilsuvísindum við skólann. Hún dvelur nú sem gestavísindamaður við faraldsfræðideild Harvard-háskóla.

Hvatningarverðlaunin eru á hverju ári veitt vísindamanni sem þykir hafa skarað fram úr snemma á ferlinum og skapi væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi. Verðlaunin eru tvær milljónir króna. **- þeb**

Ákærður fyrir líkamsárás:

## Rifbeinsbraut fórnarlambið

**DÓMSMÁL Tæplega sextugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir líkamsárás. Manninum er gefið að sök að hafa ráðist á annan mann í Reykjavík í júlí 2008. Árásarmaðurinn sló og sparkaði í andlit og líkama hins með þeim afleiðingum að hann rifbeinsbrotnaði, auk þess sem hann hlaut skurð ofan við augabrún, mar og eymsli vinstra megin á brjóstkassa. - jss**

## BJÖRGUN

### Fékk á sig brotsjó

Björgunarsveitir á Suðurnesjum voru kallaðar út á tólfta tímanum í gær þegar tilkynning barst um að bátur hefði fengið á sig brotsjó og væri að sökkva. Björgunarskip og þyrla voru send til móts við bátinn. Skömmu síðar bárust þær fregnir að báturinn væri að sigla inn í Sandgerðishöfn og var bátsverjinn heill á húfi en blautur og kaldur.

# Steinunn segir af sér

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir mun afhenda þingforseta afsagnarbréf sitt á mánudag. Ástæða afsagnar hennar er umræða um styrki sem hún þáði árið 2006. Forsætisráðherra telur ákvörðun hennar sýna auðmýkt og kjark.**

**STJÓRNMÁL** Steinunn Valdís Óskarsdóttir hefur ákveðið að segja af sér þingmennsku. Hún telur sig ekki geta rækt skyldur sínar sem þingmaður vegna umræðu um styrkjamál hennar. Forsætisráðherra telur að afsögn hennar muni auka tiltrú almennings á Samfylkingunni og stjórnmálum almennt.

Steinunn segir í yfirlýsingu, sem hún sendi frá sér í gær, að litlu breyti hvort ásakanir um mútur eða spillingu eigi við rök að styðjast. Hún segist hafa hreinan skjöld og geti því ekki „beðist afsökunar á að hafa gerst sek um siðspillingu með því að sækjast eftir og fá fjárstyrk frá þessum aðilum á þessum tíma“.

Steinunn þáði um þrettán milljónir króna í styrki til að fjármagna kosningabaráttu sína í tveimur prófkjörum árið 2006. Annað prófkjörið var fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík þar sem Steinunn hafnaði í öðru sæti. Sama ár ákvað hún að skipta um vettvang og tók þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar til Alþingis. Í apríl síðastliðnum skýrði hún frá því að hún hefði orðið að leita eftir styrkjum til að fjármagna prófkjörsbaráttu sína þar sem hún væri ekki af efnafólki komin. Þá taldi hún ekki ástæðu til að segja af sér.

Steinunn segist hafa mátt vita að ákvörðun hennar um að þiggja styrki árið 2006 gæti teflt trausti hennar gagnvart umbjóðendum hennar í tvísýnu. „Gildir þá einu hversu góður hugur lá þar að baki eða hversu vel ég treysti dómgreind minni og heiðarleika í framhaldinu[...].“

Steinunn segir að persónulegt stolt hafi ráðið miklu um að hún hafi ekki tilkynnt um afsögn sína fyrr. Hún vildi ekki stíga fram „undir hrópum um óheiðarleika, siðspillingu og mútuþægni“.

Hún segir jafnframt að afsögn sín sé viðleitni til að sátt skapist í samfélaginu og uppbygging megi hefjast á réttlátara samfélagi.

Steinunn Valdís mun afhenda þingforseta afsagnarbréf sitt á mánudag þegar þing kemur saman á ný. Hún baðst undan viðtali í gærkvöldi þegar eftir því var leitað og vísaði til yfirlýsingar sinnar.

Næstur á eftir Steinunni Valdísi á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík norður er Mörður Árnason. **- shá**



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Steinunn hefur setið á Alþingi fyrir Samfylkinguna frá árinu 2007. Hún sat í borgarstjórn í þrettán ár fyrir R-listann og Samfylkinguna. Hún var borgarstjóri frá 2004 til 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**13 milljónir** Steinunn þáði um þrettán milljónir króna í styrki til að fjármagna kosningabaráttu sína í tveimur prófkjörum árið 2006.

### Sýnir auðmýkt og kjark



„Ég er þakklát Steinunni Valdísi fyrir þessa ákvörðun og með henni sýnir hún í senn mikla auðmýkt og kjark. Mér finnst mikil reisn yfir ákvörðun Steinunnar Valdísar og ég trúi að með henni sé stigið mikilvægt skref í að auka tiltrú almennings á Samfylkingunni og stjórnmálum almennt,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. **- kóp**

Jarðskjálfti undir Kyrrahafi:

## Varað við hættu á flóðbylgju

**NÝJA SJÁLAND, AP Jarðskjálfti sem mældist 7,2 að styrkleika varð undir Kyrrahafi um 500 kílómetra norður af höfuðborg Vanúatú-eyjaklasans í gær. Varað var við hættu á flóðbylgju, en viðvörunin var dregin til baka um klukkustund eftir skjálftann.**

**Jarðskjálftans varð vart á nyrstu eyjum Vanúatú, en ekki hafði verið tilkynnt um skaða af hans völdum í gær. Alls eru 83 eyjur í eyjaklasanum, og sagði talsmaður veðurstofu Vanúatú að nyrstu eyjarnar séu svo nálægt upptökum skjálftans að varla hefði verið nægur tími til að vara fólk við mögulegri flóðbylgju. - bj**

Smitaði sig af tölvuvírus:

## Óttast vírusa í ígræðslum

**VÍSINDI** Breskur verkfræðiprófessor hefur prófað að smita sjálfan sig af tölvuvírus til að sýna fram á áhættu tengda háþróuðum ígræðslum í mannslíkamann.

Mark Gasson, verkfræðiprófessor við Reading-háskóla í Bretlandi, lét græða í sig einfalt örmerki, svipað því sem notað er í þjófavörn í verslunum. Örmerkið smitaði hann svo af vírus.

Eftir því sem læknavísindunum fleygir fram verða tæki sem grædd eru í mannslíkamann fullkomnari. Þau fullkomnustu eru í raun litlar tölvur, og aðeins tímaspursmál hvenær tölvuvírusar verða vandamál fyrir lækna. **- bj**

## VEÐUR

### Júní skárri en maí

Júnímánuður verður heldur hlýrri en maí ef marka má spá Veðurklúbbsins á Dalbæ, dvalarheimili aldraðra á Dalvík. Tungl verður fullt fimmtudaginn 27. júní og samkvæmt spánni mun þá hlýna ofurlítið, þó enginn almennilegur hiti verði. Þetta kemur fram á vefsíðu Dalvíkurbæjar.






Lausasölustöðum utan kjarnasvæðis fjölgað stórlega og aðgengi bætt:

# Bætt frídreifing Fréttablaðsins

**FJÖLMIÐLAR** Breytingar verða gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins um næstu mánaðamót. Blaðinu verður áfram dreift ókeypis í lúgur og svokallaða Fréttablaðskassa á kjarnadreifingarsvæðinu, höfuðborginni og nærliggjandi bæjum. Annars staðar verður blaðið selt á 150 krónur. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna og fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður þrefaldaður, úr um 60 í 170.

Á kjarnasvæðinu verður blaðinu hér eftir sem hingað til ýmist dreift frítt í lúgur eða í Fréttablaðskassa sem staðsettir eru á völdum stöðum inni í íbúðahverfum. Nýbreytnin í dreifingu á kjarnasvæðinu felst í að hætt verður frídreifingu í verslunum og á bensínstöðvum en blaðið í staðinn selt í lausasölu á sömu stöðum.

Þessar breytingar á dreifingu Fréttablaðsins koma í kjölfar breytinga sem voru innleiddar síðastliðinn vetur. Þetta fyrirkomulag dreifingar hefur gefist vel og til marks um það hefur lestur blaðsins aukist um 4,2 prósentustig frá því að lausasala blaðsins var tekin upp á landsbyggðinni.

Þessu til viðbótar verða á ýmsum stöðum, til dæmis á flugvöllum og í öðrum samgöngumiðstöðvum, settir upp sjálfsalar.



**ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA** Fréttablaðið verður prentað í 90 þúsund eintökum sem fyrr. Blaðið er aðgengilegt á rafrænu formi á visir.is. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fréttablaðið er gefið út daglega í um 90 þúsund eintökum og stendur ekki til að minnka það upplag. Auk þess er Fréttablaðið aðgengilegt ókeypis á rafrænu formi á visir.is. Þá geta lesendur fengið blaðið sent í tölvupósti alla útgáfudaga, án endurgjalds. **- shá**


Vinnum saman í Reykjavík
Hverjum treystir þú
til að stýra Reykjavík
næstu 4 árin?
70% borgarbúa eru ánægð með störf Hönnu Birnu.
Ástæðan er einföld. Vel hefur verið haldið á málum í Reykjavík.
Undir forystu Hönnu Birnu hefur stjórn borgarinnar einkennst af stöðugleika og samvinnu.
Allir flokkar sameinuðust um aðgerðaáætlun vegna efnhags-ástandsins þar sem forgangsraðað var í þágu barna og velferðar án þess að segja upp fastráðnu starfsfólki.
Á sama tíma hefur ánægja borgarbúa með þjónustu borgarinnar aukist.
Skattar hafa ekki verið hækkaðir.
Leikskólagjöld, frístundaheimilisgjöld og matargjöld í grunnskólum eru með þeim lægstu á höfuðborgarsvæðinu.
Öllum grunnskólabörnum er tryggð vistun á frístundaheimilum.
Öllum börnum sem verða tveggja ára á árinu eru tryggð leikskólapláss.
Fyrsta hugmyndaþingið var haldið og íbúar fengu í fyrsta sinn tækifæri til að kjósa um hverfaverkefni í fjárhagsáætlun.
Reykjavíkurborg hefur haldið uppi framkvæmdum og stutt við atvinnuskapandi verkefni. Á þessu ári verður framkvæmt fyrir 26 milljarða á meðan ríkið framkvæmir fyrir 18 milljarða.
Borgarsjóður er rekinn hallalaus á erfiðum tímum.
xd.is/reykjavik
Hanna Birna Kristjánsdóttir
borgarstjóri
x D

## GENGIÐ 27.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 130,02 | 130,64 |
| Sterlingspund | 189,11 | 190,03 |
| Evra | 159,73 | 160,63 |
| Dönsk króna | 21,467 | 21,593 |
| Norsk króna | 19,993 | 20,111 |
| Sænsk króna | 16,518 | 16,614 |
| Japanskt jen | 1,4359 | 1,4443 |
| SDR | 191,09 | 192,23 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,7195

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón Gnarr oddviti Besta flokksins segir niðurstöðu könnunarinnar vera ákveðin vonbrigði:

# Vonast eftir betri niðurstöðu í kosningunum

**STJÓRNMÁL** „Þetta eru nú ákveðin vonbrigði. Ég stóð í þeirri trú að við myndum bæta við okkur jafnt og þétt. Ég hef stefnt að því allan tímann að ná hreinum meirihluta til að við getum staðið fyrir einhverjum alvöru breytingum í borginni,“ segir Jón Gnarr, efsti maður á lista Besta flokksins.


JÓN GNARR

„Ég hef fulla trú á því og vona það svo innilega að við náum hreinum meirihluta svo það verði alveg gleði í gegn og Reykvíkingar geti átt bjarta og skemmtilega framtíð með Besta flokknum.“

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar vill gera betur í kosningunum en í könnuninni. „Við teljum atvinnumálin vera stærsta málið og erum eini flokkurinn sem er að kynna raunhæfa aðgerðaáætlun í þeim málaflokki. Ég vona því að eftir að hefur verið talið upp úr kössunum þá verði staða okkar enn sterkari en þetta gefur til kynna,“ segir Dagur B.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, vonast eftir betri niðurstöðu í kosningunum.

„Við erum að sækja á miðað við síðustu könnun Fréttablaðsins þótt aðrar nýlegar skoðanakannanir hafi sýnt okkur eitthvað hærri. Ég vonast auðvitað til þess að niðurstaðan úr kosningunum færi okkur fleiri borgarfulltrúa og að íbúar í Reykjavík kjósi með áframhaldandi árangri án skattahækkana og nýjum vinnubrögðum í stjórnmálum,“ segir Hanna Birna.

Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna, hafði fátt um könnunina að segja.

„Ég hef fátt um þetta að segja. Ég ætla bara að nota daginn á morgun til að halda áfram að tala við fólk. Við erum á baráttufundi í Iðnó þar sem er brjálæðisleg stemning og brjálæðislega margir. Við ætlum bara að fara út og sannfæra fólk og það mun alveg örugglega takast,“ segir Sóley Tómasdóttir.

**- shá**

Vatnsskortur í Árborg:

## Sett fyrir leka og útlitið betra

**SVEITARSTJÓRNIR** Neysluvatnsstaðan í Árborg er á uppleið. Bæjaryfirvöld höfðu hvatt íbúa til að fara sparlega með vatn þar sem það var orðið af skornum skammti. Guðmundur Elíasson, framkvæmdastjóri Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar, mætti á fund bæjarráðs og upplýsti um stöðu vatnsöflunar.

„Fram kom að verið er að tengja dælur í nýjum holum þannig að útlit vatnsbirgða stendur til bóta og búið er að gera við stóran vatnsleka, upp á um 10 sekúndulítra. Þá kom fram að fyrsti ársfjórðungur ársins er sá þurrasti í sautján ár,“ segir í fundargerð bæjarráðs. **- gar**

Félag leikskólakennara:

## Enginn vill skera niður

**MENNTUN Framboðin í Reykjavík virðast ekki vilja skera meira niður til leikskóla, segir formaður Félags leikskólakennara.**

**Þetta hafi komið fram á fjölmennum framboðsfundi kennara og fulltrúa flokkanna á miðvikudag.**

**„Frambjóðendur virtust slegnir yfir hljóðinu í kennurum um áhrif niðurskurðarins,“ segir formaðurinn, Marta Dögg Sigurðardóttir.**

**Hún vill ekki lýsa yfir stuðningi við neinn flokk, en hvetur fólk til að kynna sér stefnumálin og „kjósa svo menntun og leikskóla“.** **- kóþ**

### DÓMSTÓLAR

### Tók lögreglumann hálstaki

Tæplega tvítugur piltur hefur verið ákærður fyrir að hafa veist með ofbeldi að lögreglumanni í Hafnarfirði í fyrra og tekið hann hálstaki. Lögreglumaðurinn hafði haft afskipti af piltinum vegna skyldustarfa sinna.

# D-listinn vinnur mann af Besta flokknum í borginni

**Besti flokkurinn fær sjö borgarfulltrúa í sveitarstjórnarkosningunum á morgun samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fleiri styðja Sjálfstæðisflokkinn en fyrir viku, en færri Samfylkingu og Besta flokkinn.**

**KÖNNUN** Stuðningur við Sjálfstæðis-flokkinn í Reykjavík hefur aukist síðustu vikuna, á meðan dregur úr fylgi Samfylkingarinnar og Besta flokksins, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var í gærkvöldi.

Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig manni frá sambærilegri könnun sem gerð var fyrir viku, á kostnað Besta flokksins.

Besti flokkurinn er enn langstærsti flokkurinn í borginni. Af þeim sem afstöðu tóku í könnuninni sögðust 40,9 prósent myndu að kjósa Besta flokkinn ef gengið yrði til kosninga nú. Það er þremur prósentustigum minna fylgi en í sambærilegri könnun sem gerð var fyrir viku, þegar flokkurinn naut stuðnings 43,9 prósenta borgarbúa.

Verði þetta niðurstöður kosninga fær Besti flokkurinn sjö borgarfulltrúa af fimmtán, einum frá hreinum meirihluta. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var fyrir viku náði flokkurinn áttunda manninum, og þar með meirihluta í borgarstjórn.




### Fleiri styðja Sjálfstæðisflokk

Umtalsvert fleiri styðja Sjálfstæðisflokkinn nú en í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 fyrir viku, en flokkurinn er samt langt frá kjörfylgi. Stuðningur við flokkinn mælist nú 26,7 prósent, 5,6 prósentustigum meiri en fyrir viku. Þetta er þó 15,4 prósentustigum undir 42,1 prósents fylgi flokksins í síðustu sveitarstjórnarkosningum, árið 2006.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi miðað við þessa niðurstöðu fjóra borgarfulltrúa, en er með sjö í dag. Þetta er þó einum meira en í könnuninni fyrir viku, þegar könnun benti til þess að flokkurinn fengi þrjá borgarfulltrúa.

Samfylkingin tapar fylgi milli kannana, en mælist nú með stuðning 18,3 prósenta borgarbúa. Það er 9,3 prósentustigum frá 27,6 prósenta kjörfylgi flokksins, og 2,8 prósentustigum minna en flokkurinn fékk í könnun fyrir viku síðan. Verði þetta niðurstaða kosninganna á morgun fær Samfylkingin þrjá borgarfulltrúa, en er með fjóra í dag.

Stuðningur við Vinstri græn er svipaður og í síðustu könnun, og enn talsvert minni en kjörfylgi flokksins. Í könnuninni sem gerð var í gærkvöldi sögðust 8,9 prósent myndu kjósa flokkinn. Stuðningurinn mældist 9,8 prósent fyrir viku, og var 14 prósent í síðustu kosningum. Vinstri græn fengju miðað við þetta einn borgarfulltrúa, en eru með tvo í dag.

### Framsókn nær ekki inn manni

Framsóknarflokkurinn mælist með svipað fylgi og í síðustu viku, 2,6 prósent. Flokkurinn fékk 5,9 prósent atkvæða í síðustu kosningum, og einn borgarfulltrúa, en kæmi ekki að manni miðað við niðurstöður könnunarinnar.

Önnur framboð í borginni fá minna fylgi, og eru langt frá því að ná manni inn í borgarstjórn verði niðurstöður kosninga á morgun í takt við skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

H-listi óháðra mælist með stuðning 1,5 prósenta Reykvíkinga. Reykjavíkurframboðið og Frjálslyndi flokkurinn mælast með stuðning 0,6 prósenta borgarbúa hvor flokkur.

### Fjórðungur ekki gert upp hug sinn

Af þeim 800 Reykvíkingum sem hringt var í sögðust 26,1 prósent enn óákveðin, tveimur dögum fyrir kosningar. Þá sögðust 12,8 prósent þeirra sem þátt tóku í könnuninni ætla að skila auðu eða sleppa því að kjósa.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 27. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk?

Alls tóku 66,4 prósent afstöðu til spurningarinnar.

**brjann@frettabladid.is**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**GOTT VEÐUR UM HELGINA** Veður verður almennt gott um helgina en það verður hægviðri og milt um allt land. Á morgun lítur út fyrir að bjartast verði um austanvert landið en það dregur fyrir vestan til og má búast stöku skúrum einkum sunnan- og vestanlands.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 20° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 21° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 19° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# ALLAR VÖRUR TAX FREE

ÍDAG

## VIÐ FRAMLENGJUM

## AÐEINS Í DAG

**TAX FREE**

**ALLAR VÖRUR Í HÚSASMIÐJUNNI - ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI**

viðarvörn • málning • garðhúsgögn • garðverkfæri • sumarblóm
gjafavörur • gluggar • pottaplöntur • sláttuvélar • trjáplöntur • grill
heitir pottar • skjólveggir • leiktæki • blómapottar • heimilistæki
hreinlætistæki • garðslöngur • blöndunartæki • pallaefni
ga... • trampolín • skrúfur • festingar • verkfæri • ljós
...sáhöld • útivistarfatnaður • vinnufatnaður
...hjól • bílavörur • bílakerrur...og miklu meira!

**OPIÐ TIL 21**
**Í SKÚTUVOGI**
Sjá nánar afgreiðslutíma verslana á blómaval.is og husa.is

Látum verkin tala!

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*„Fylgdist þú með undankeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á þriðjudagskvöld?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 68% |
| NEI | 32% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú hlynnt(ur) sameiningu háskóla í sparnaðarskyni?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Þingflokkar stjórnarflokkanna funda um breytingar í ríkisstjórn:

# Frumvarp um stjórnarráð kemur eftir helgi

**ALÞINGI** Reyna á að leggja frumvarp um breytingar á stjórnarráði fyrir Alþingi eftir helgi. Frumvarpið var rætt í þingflokkum stjórnarflokkanna í gær, en Vinstri græn frestuðu umræðunni fram á mánudag. Vonir standa til að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi og breytingarnar að veruleika um áramótin.

Nokkur styr hefur staðið um efni frumvarpsins og hefur Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, opinberlega lýst sig andvígan breytingunum. Það hefur Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi, einnig gert. Samkvæmt heimildum blaðsins standa líkur þó til að þingflokkur Vinstri grænna muni samþykkja frumvarpið. Samfylkingin styður frumvarpið. Búast má við að Jón Bjarnason verði einn þeirra ráðherra sem víkja úr stjórninni við breytingarnar.

Breytingarnar eru í takti við það sem kynnt var í stjórnarsáttmálanum, fækkun ráðuneyta úr tólf í níu. Ný og betrumbætt ráðuneyti yrðu umhverfis- og auðlindaráðuneyti, atvinnuvegaráðuneyti og innanríkisráðuneyti.

Í farvatninu eru einnig breytingar á starfsháttum innan stjórnarráðsins. Snýr það að ábyrgð ráðherra. Skerpt verði á stjórnunar- og eftirlitsskyldum, skyldur ráðherra verða útfærðar enn frekar og verkstjórn forsætisráðherra verður skýrari, svo eitthvað sé nefnt.

- kóp



**RÍKISSTJÓRNIN** Ráðherrum verður fækkað úr tólf í níu um næstu áramót, verði frumvarp forsætisráðherra að lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL









**EKKERT BREYST** Staðan í Icesave-málinu hefur ekki breyst síðan viðræðum var slitið tveimur dögum fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna á Íslandi í byrjun mars. Svíar hafa komið að mögulegri lausn málsins, þótt óformlega sé. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Lagalegir fyrirvarar vefjast fyrir Bretum

**Svíar hafa hlutast til um Icesave-deiluna og bjuggust við fundi fljótlega. Þær vonir hafa dvínað. Álit ESA ekki talið Íslendingum fjötur um fót þar sem vilji til greiðslu lágmarkstryggingar var ljós. Lagalegir fyrirvarar óleystir sem og vextir.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvar standa samningaviðræður um Icesave-deiluna?

Bjartsýnustu menn bjuggust jafnvel við fundi um Icesave-deiluna fyrir helgi, en ljóst er að það gengur ekki eftir. Það var ekki síst vegna aðkomu Svía að málinu að þær vonir vöknuðu. Þeir hafa átt í óformlegum samskiptum við Breta og Hollendinga og vonuðust sjálfir til að þáttaskil yrðu fljótlega í málinu. Sama bjartsýni ríkir ekki í íslenska stjórnkerfinu.

Samkvæmt áliti ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, sem Fréttablaðið greindi frá í gær, ber Íslendingum að endurgreiða Bretum og Hollendingum lágmarkstryggingu til innstæðueigenda vegna Icesave-reikninganna. Sú upphæð nemur 20.887 evrum á hvern reikning að hámarki.

Heimildarmenn Fréttablaðsins telja að álitið rýri ekki málstað Íslendinga. Vissulega hafi rökum þeirra verið hafnað en þeir standi enn á því að þeim beri ekki lagaleg skylda til greiðslu reikninganna.

Hins vegar samræmist þetta tilboði Íslendinga í deilunni, en pólitísk samstaða er um að greiða lágmarkstrygginguna. Álitið hafi því ekki endilega neikvæð áhrif á stöðu Íslendinga í samningnum.

Ekki hafa verið haldnir fundir meðal samninganefnda ríkjanna síðan upp úr viðræðunum slitnaði 4. mars, tveimur dögum fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna á Íslandi. Nefndarmenn hafa hins vegar verið í óformlegu sambandi sín á milli. Af Íslands hálfu er litið svo á að allt sé klárt fyrir viðræður að nýju, engin skilyrði þurfi að setja fyrir þeim.

Líkt og áður segir er pólitísk samstaða um að greiða lágmarkstrygginguna. Eftir standa viðræður um vexti, en Íslendingar hafa verið reiðubúnir að greiða það sem þeir nefna hóflega vexti. Þeir lagalegu fyrirvarar sem Alþingi gerði við greiðslu skuldarinnar standa hins vegar enn í viðsemjendum þeirra.

Þar stendur hnífurinn í kúnni, því þeir fyrirvarar eru einmitt forsenda pólitískrar samstöðu hér á landi um greiðsluna. Slík samstaða er svo aftur forsenda þess að Bretar og Hollendingar samþykki nýjan samning.

Heimildarmönnum Fréttablaðsins ber saman um að ekki verði boðað til fundar í deilunni í bráð. Málið sé einfaldlega ekki komið inn á borð nýrrar ríkisstjórnar í Bretlandi og embættismenn séu því tregir til aðgerða. Þeir vilji ekki gera samninga sem mögulega falli nýjum húsbændum illa í geð.

Það gæti hins vegar breyst á næstu vikum og ráðherrarnir beint sjónum sínum að málinu. Ljóst er hins vegar að af nógu er að taka á þeim bænum. Það mun því ekki reyna strax á hvort samningar náist og hvort Bretar felli sig við lagalegu fyrirvarana, en þeir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir þeim, samkvæmt heimildum blaðsins.

kolbeinn@frettabladid.is

## 26 sigrar tvö töp

Yfirlit yfir dóma EFTA-dómstólsins í samningsbrotamálum eykur ekki bjartsýni á jákvæða niðurstöðu fyrir Ísland, fari málið þangað. Er þar eingöngu horft til niðurstaðna dómsins, ekki lagalegra gagna.

Alls hafa 28 samningsbrot komið til kasta dómstólsins og þar af eitt mál hvar fimm voru sameinuð í eitt. Í 26 þeirra féll dómurinn ESA í vil, en aðeins í tveimur þeirra var dæmt aðildarríki í hag, Noregi í báðum tilvikum.

Af þessum 26 málum sem ESA hefur unnið fyrir dómnum hafa sex snúið að Íslandi.

## Áhyggjur af Grikklandi

Eitt af því sem menn óttast innan íslenska stjórnkerfisins er að efnahagsþrengingar annars staðar í Evrópu muni hafa áhrif á það tilboð sem Bretar og Hollendingar kynnu að setja fram. OECD hefur hvatt til þess að vextir almennt á lánum verði ekki undir 3,5 prósentum. Þá hafa vandræðin í Grikklandi breytt hugsun margra leiðtoga í Evrópu gagnvart lánum til annarra ríkja. Hollendingar hafa verið mjög íhaldssamir í afstöðu sinni til lána til Grikklands og það sem menn óttast er að viðsemjendur Íslendinga spyrji hvers vegna Íslendingar ættu að fá önnur kjör en Grikkland fær. Þar er verið að ræða um 5,5 til 6 prósenta vexti.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill byggja upp lýðræðislegt og réttlátt þjóðskipulag grundvallað á virkri þátttöku almennings. Hreyfingin hafnar alræði markaðshyggjunnar og vill varðveita sjálfstæði þjóðarinnar og forræði yfir eigin auðlindum. Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill binda enda á hersetu í landinu og aðild að hernaðarbandalagi, en leggur áherslu á að eiga gott og friðsamlegt samstarf við allar þjóðir, vernda náttúru og umhverfi landsins ... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

# Vinstri græn – sterk í borgarstjórn

**Á síðasta kjörtímabili hefur VG meðal annars fengið samþykkt:**

- Opinbert **orkuverð OR.**
- **Afnám forréttinda** borgarfulltrúa og valinna embættismanna varðandi sumarbústaði.
- **Frítt í sund** og á bókasöfn fyrir atvinnulaust fólk.
- **Desemberuppbót** fyrir barnafólk á fjárhagsaðstoð.
- Fleiri stöðugildi fyrir **Barnverndarnefnd.**
- Að árið 2010 er tileinkað **velferð barna.**
- Aðgerðarhóp um **velferð barna.**
- **Aukin atvinnutækifæri fyrir ungt fólk** með auknu fjármagni.
- **Bætta stöðu utangarðsfólks.**
- **Aukna táknmálstúlkun** á viðburði borgarinnar.
- Að skólamáltíðir eru á sama verði í öllum skólum og **að aðeins er greitt fyrir tvö börn.**
- Aukið fjármagn **til aðgengismála.**
- Hlutlausa úttekt á **kynbundnum launamun** í borginni.
- **Rannsókn á stjórnsýslu og stjórnkerfi** borgarinnar.
- **Árlega borgarafundir** með borgarbúum og borgarfulltrúum.
- **Hjólreiðaáætlun** fyrir Reykjavíkurborg.

**Við höfum einnig:**

- **Komið í veg fyrir að Orkuveitan lenti í klóm Hannesar Smárasonar og Bjarna Ármannssonar.**
- Spornað við því að Björgólfur Thor Björgólfsson eignaðist **Hallargarðinn.**
- **Stöðvað einkavæðingu** á Droplaugarstöðum.

## Við viljum VG sterk í borgarstjórn

## – EN ÞÚ?




1. sæti
Sóley Tómasdóttir

2. sæti
Þorleifur Gunnlaugsson

3. sæti
Líf Magneudóttir

**VINSTRI GRÆN**
–vegur til framtíðar

Suðurgata 10 I opið kl.13-18 alla daga og frá kl.11 á kjördag I sími 517 0758 I reykjavik@vg.is I www.vgr.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Fyrir hvað stendur skammstöfunin ESA?*
2. *Hvað heitir fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í handknattleik?*
3. *Hvaða plötu eru Rolling Stones að endurútgefa?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Gæsluvarðhald framlengt yfir tveimur meintum kókaínsmyglurum.

# Tekinn með milljón í umslagi

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn, grunaðir um stórfellt kókaínsmygl til landsins hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 18. júní. Hæstiréttur hefur staðfest þann úrskurð.

Í greinargerð lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að lögregla hafi lagt hald á mikið magn fíkniefna sem flutt voru til landsins með flugi frá Alicante á Spáni 10. apríl. Efnin voru falin í þremur ferðatöskum. Þetta reyndust vera 1,6 kíló af kókaíni. Styrkur kókaínsins var mjög mikill, um eða yfir 80 prósent.



**KÓKAÍN** Kókaínið var vandlega falið í ferðatöskum.

Annar mannanna hefur viðurkennt að hafa haft uppi á burðardýri til að flytja efnin til landsins. Hann afhenti viðkomandi fjármuni fyrir farmiða, uppihaldi erlendis og skipulagningu ferðarinnar. Þá sótti hann efnin til burðardýrsins.

Lögregla fylgdist síðan með hinum manninum, sem sæta skal gæslu áfram, þar sem hann fór heim til þess burðardýrsins, sótti kókaínið, náði í vitorðsmann og sýndi honum töskurnar með efnunum í.

Lögreglan handtók þann fyrrnefnda síðan og var hann þá með rúmlega eina milljón í umslagi.

**- jss**

Verkföll í Noregi:

# Skólum og leikskólum lokað

**NOREGUR** Gert er ráð fyrir því að loka þurfi fjölmörgum skólum og leikskólum í Noregi frá og með deginum í dag vegna verkfalla. Um átján þúsund opinberir starfsmenn fella niður vinnu í dag.

Verkalýðsfélög höfðu gert kröfu um launahækkun fyrir láglaunastéttir og aðgerðir til þess að minnka launamun kynjanna. Tillögum ríkisins um rúmlega þriggja prósenta launahækkun var hafnað alls staðar nema í Ósló. Þar héldu samningaviðræður áfram í gær.

**- þeb**


# Þitt atkvæði skiptir máli



Sveitarstjórnarkosningarnar á morgun eru gríðarlega mikilvægar. Tryggjum hugsjónum jafnaðarmanna um öflugt atvinnulíf og góða velferðarþjónustu brautargengi.
Stöndum saman!



| | AKSTUR Á KJÖRSTAÐ | KOSNINGAKAFFI OG KOSNINGAVAKA |
|---|---|---|
| Akranes | 431 1523 | Sal Félags eldri borgara, Kirkjubraut kl. 14–18. Garðakaffi kl. 22 |
| Akureyri | 899 8335 | Græna hattinum kl. 13–17. Kosningavaka kl. 21 |
| Álftanes | 824 1739 | XS-rútunni við íþróttavöllinn kl. 10–18. Hólmatúni 20 kl. 19 |
| Árborg | 482 1508 \| 894 2098 | Tryggvaskála kl. 10–22. Kosningavaka kl. 22 |
| Blönduós | 895 6021 \| 893 4331 | Ósbæ, Þverbraut 1 kl. 10–22. Kosningavaka kl. 22 |
| Borgarbyggð | 437 1999 | Kosningaskrifstofunni kl. 10–18. Brúðuheimum kl. 22 |
| Ólafsfjörður | 840 9330 \| 865 4324 | Húsi eldri borgara kl. 15. Kosningavaka kl. 20 |
| Siglufjörður | 893 5059 \| 894 8933 | Húsi Einingar Iðju kl. 15. Kosningavaka kl. 20 |
| Garðabær | 618 7725 \| 618 7726 | Garðatorgi 5, 2. hæð (lyfta) kl. 13–18. Kosningavaka kl. 20 |
| Grindavík | 823 8324 | Verkalýðshúsinu kl. 10–22 . Kosningavaka kl. 22 |
| Hafnarfjörður | 565 3113 | Strandgötu 43 kl. 9–19. Fjörukránni kl. 20 |
| Hornafjörður | 478 2002 | Hafnarbraut 34 kl. 9–21.30. Humarhöfninni kl. 21:30 |
| Húnaþing vestra | 893 4378 | Óríon, Höfðabraut 6 kl. 12–20. Kosningavaka kl. 20 |
| Kópavogur | 650 4105 | Hamraborg 11, 3. hæð (lyfta) kl. 9–18. Kosningavaka kl. 20 |
| Mosfellsbær | 544 2048 \| 892 9988 | Þverholti 3 kl. 9–22. Ásláki kl. 22 |
| Norðurþing | 899 9241 | Gamla Bauk kl. 11.30–18.30. Garðarsbraut 44 kl. 22 |
| Reykjanesbær | 421 3030 | Hafnargötu 50 kl. 8–22. Ránni kl. 19 |
| Sandgerði | 423 7474 | Húsi Sigurvonar við höfnina kl. 9–18. Kosningavaka kl. 19 |
| Seltjarnarnes | 893 8450 | Nýjalandi á Eiðistorgi kl. 12–16. Rauða Ljóninu kl. 21.30 |
| Seyðisfjörður | 849 3381 \| 863 1448 | Öldutúni kl. 13.30–18. Austurvegi 13 kl. 19 |
| Skagafjörður | 453 7072 | Ströndinni við Sæmundargötu kl. 14–17. Kosningavaka kl. 20 |
| Reykjavík | 663 9774 \| 663 9775 \| 663 9776 | Hótel Borg kl. 13–18. Kosningavaka kl. 21 |

**Allir velkomnir!**
Nánari upplýsingar | **414 2200** | www.**xs.is**





# Ný framboð í bæjarstjórn í Kópavogsbæ

**Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Kópavogi fellur samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Bæði Næst besti flokkurinn og Listi Kópavogsbúa koma einum manni í bæjarstjórn.**

**KÖNNUN** Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Kópavogsbæ fellur í kosningunum á morgun samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Bæði nýju framboðin, Næst besti flokkurinn og Listi Kópavogsbúa, koma samkvæmt henni manni í bæjarstjórn.

Sjálfstæðisflokkurinn tapar talsverðu fylgi, og mælist nú með stuðning 29,1 prósents bæjarbúa. Flokkurinn fékk 44,3 prósent atkvæða í síðustu kosningum, og tapar því rúmlega fimmtán prósentustigum.

Verði þetta niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna á morgun fengi Sjálfstæðisflokkurinn fjóra bæjarfulltrúa en er með fimm í dag.

Samfylkingin tapar einnig fylgi samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Alls sögðust 26,0 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 myndu kjósa flokkinn ef gengið yrði til kosninga nú. Flokkurinn tapar rúmum fimm prósentustigum frá kosningunum 2006. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar fengi flokkurinn þrjá bæjarfulltrúa en er með fjóra í dag.

Næst besti flokkurinn er þriðji stærsti flokkurinn í Kópavogi samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Flokkurinn nýtur samkvæmt henni stuðnings 13,4 prósenta Kópavogsbúa, sem myndi færa flokknum einn mann í bæjarstjórn.

Vinstri græn bæta lítillega við fylgi sitt frá síðustu kosningum, fá 12,4 prósent samkvæmt könnuninni en fengu 10,4 prósent í kosningunum 2006. Flokkurinn heldur samkvæmt því sínum eina bæjarfulltrúa.

Listi Kópavogsbúa er nýr eins og Næst besti flokkurinn, og kæmi líka að einum manni yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fylgið er þó aðeins minna en fylgi Næst besta flokksins, 8,5 prósent.

Framsóknarflokkurinn fengi samkvæmt könnuninni 8,9 prósenta fylgi, en fékk tólf prósenta fylgi í síðustu kosningum. Þrátt fyrir fylgistapið myndi flokkurinn halda sínum eina bæjarfulltrúa miðað við niðurstöðu könnunarinnar.

Frjálslyndi flokkurinn býður fram í Kópavogi, og mælist í könnuninni með stuðning 1,9 prósenta þeirra sem afstöðu tóku.

Hringt var í 800 manns miðvikudaginn 26. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 60,6 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is



# Ólafur og Kolbrún leiða H-lista framboð um heiðarleika

## Helstu stefnumál H-listans:

- Forgangsröðun í þágu velferðar og öryggis borgarbúa
- Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni
- Stöðvun rándýrra framkvæmda sérstaklega Orkuveitunnar sem þjóna undir erlend málmbræðslufyrirtæki.
- Tryggt skal að eigur og auðlindir almennings lendi ekki í höndum einkaaðila.
- Forgangsröðun en ekki skattahækkanir, nema á stóreignarfólk og erlend málmbræðslufyrirtæki.
- Lækkun fasteignagjalda fyrir aldraða og öryrkja svo að þeir geti búið sem lengst á sínum heimilum
- Efling heimahjúkrunar og heimaþjónustu.
- Tekið verði á íbúðarmálum borgarbúa m.a. með fjölgun leiguhúsnæðis.
- Lækkun eða niðurfelling gjaldskrár fyrir börn, unglinga, aldraða og öryrkja.
- Endurskoðun framkvæmda á Tónlistar-og ráðstefnuhúsi við höfnina.
- Menningar- og náttúruverðmæti borgarbúa verði höfð í heiðri og nýtt með sjálfbærum og gjaldeyrisskapandi hætti.
- Ferðaþjónusta og nýsköpunnarverkefni verði stórefld.
- Sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Efling almenningssamgangna.
- Frítt í strætó fyir börn, unglinga, aldraða og öryrkja.
- Íbúalýðræði verði eflt verulega.
- 30 km. hámarkshraði í öllum hverfum borgarinnar
- Styrkir til stjórnmálasamtaka og stjórnmálamanna verði feldir niður og óheimilt verði að þigga kosningastyrki.
- Eitt samfélag fyrir alla.



**FRAKKLAND** Mótmælaganga í Marseilles í Suður-Frakklandi í gær. Landið var plagað af verkföllum og mótmælum vegna fyrirætlana stjórnvalda um að hækka eftirlaunaaldur sem nú er 60 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heræfingar eru hafnar í Suður-Kóreu eftir hótanir um árásir á skip:

# Norður-Kórea riftir friðarsamkomulagi

**KÓREA, AP** Norður-Kórea rifti í gær samkomulagi við Suður-Kóreu sem koma átti í veg fyrir átök á sjó. Norður-Kóreumenn sögðust jafnframt ætla að ráðast á öll þau skip sem kæmu inn fyrir lögsögu landsins, sem er umdeild.

Yfirmaður bandaríska hersins í Suður-Kóreu gagnrýndi Norður-Kóreumenn opinberlega í gær fyrir að sökkva suður-kóresku varðskipi í lok mars. Hann sagði Bandaríkin, Suður-Kóreu og önnur lönd innan Sameinuðu þjóðanna skora á Norður-Kóreu að hætta öllum ögrandi aðgerðum og standa við fyrra samkomulag.

Suður-Kóreumenn hófu heræfingar við vesturströnd landsins í gær. Tíu herskip voru við æfingarnar og æfðu þau meðal annars kafbátaleit og skutu æfingaskotum og slepptu sprengjum í hafið. Þá ætlar Suður-Kórea að skipuleggja tvær stórar heræfingar í samstarfi við Bandaríkin í júlí, í þeim tilgangi að draga úr Norður-Kóreumönnum.

Fjölmiðlar í Suður-Kóreu greindu frá því í gær að viðbúnaðarstig hersins hefði verið hækkað, en yfirvöld hersins vildu ekki staðfesta það. Ef satt reynist er það í fyrsta sinn sem viðbúnaðarstigi er breytt síðan Norður-Kórea gerði kjarnorkutilraunir fyrir ári. - þeb



**HERSKIP Á ÆFINGU** Þessi herskip voru á meðal þeirra sem æfðu við vesturströnd Suður-Kóreu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Þurrkari - WT 44E103DN
Tilboðsverð:
129.900 kr. stgr.
(Verð áður: 156.900 kr.)

SIEMENS
Þvottavélar & þurrkarar nú á tilboðsverði

Þvottavél - WM 14E261DN
Tilboðsverð:
129.900 kr. stgr.
(Verð áður: 159.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is
ATARNA


# Stöðvuðu útflutning á sjö veikum hrossum

**Útflutningur sjö hrossa sem grunuð voru um að vera sýkt af hestapestinni var stöðvaður fyrr í mánuðinum. Vitað er um eitt hross sem veiktist eftir að það var komið til Belgíu. Það hefur ekki smitað önnur hross þar ytra.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hafa hross sem hafa verið flutt út borið hestapestina með sér?

Frá því að vart varð við smitandi hósta í hrossum í byrjun apríl hafa verið flutt út til Evrópu 59 hross í þeim mánuði og 57 hross í maí. 5. maí fóru ellefu hross til Mið-Evrópu, en 8. maí fóru 46 hestar til Norðurlandanna. Sjö hestar voru teknir úr þeim hópi við útflutningsskoðun vegna gruns um sýkingu. Þetta segir Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis.

„Við höfum rætt við útflytjendurna eftir að hrossin fóru út og spurst fyrir um hvort þeir hafi frétt af veikum hestum, sem farið höfðu héðan og í ljós hefur komið að vitað er um eina hryssu sem fór til Belgíu, er virtist hafa veikst eftir að hún kom út. Íslenskum hrossum er oft haldið sér eftir að þau koma út, vegna smithættu þeirra í nýju umhverfi, og það hafði verið gert við þessa hryssu. Hún er á góðum batavegi og hefur ekki smitað önnur hross.

Spurður um það sem fram kom í Fréttablaðinu í fyrradag að útflutt hross hefði smitað hross á búgarði í Þýskalandi af hóstanum kveðst Gunnar Örn hafa kynnt sér málið í kjölfar fréttarinnar og rætt við umráðamann hestsins.

„Um var að ræða vetrgamalt trippi sem hefur ekki fengið nein einkenni veikinnar, en virðist vera dauft. Við hliðina á því var óbólusettur þýskur hestur, sem heyrir til undantekninga því þeir eru yfirleitt allir bólusettir við öllum hugsanlegum sjúkdómum. Viku eftir að trippið kom veikist hesturinn af hósta. Af hverju vita menn ekki, né heldur hvort það er frá þessu nýinnflutta trippi komið. Það verður aldrei sannað. Aðrir hestar á búgarðinum hafa ekki veikst."

Spurður um grunsemdir þess efnis að folöld séu að fæðast veik, eins og fram hafa komið í Fréttablaðinu, segir Gunnar Örn að þekkt sé að þegar móðir taki veiki myndi hún mótefni sem berst yfir til folaldsins. Það eigi því að vera varið af mótefni móðurinnar í allt að sex vikur.

„Til öryggis fékk ég að vita hvaðan folöldin væru sem grunur léki á að hefðu fæðst veik og hringdi í viðkomandi eigendur. Ég get alls ekki sagt að þau einkenni sem þessi folöld sýna bendi til þess að þarna sé um sama sjúkdóm að ræða og við erum að berjast við, sem betur fer."

Spurður um hvort hugsanlegt sé að hross séu að endursmitast af hóstanum segir Gunnar Örn að þar sem bakteríusýking fylgi í kjölfar veirusýkingarinnar geti hún endursmitað hrossin ef þau verða fyrir síendurteknu smiti og einnig geti hrossunum slegið niður ef brúkun þeirra hefst áður en þau hafa náð fullum bata.

jss@frettabladid.is



**ÚTIVERA** Dýralæknar mæla með því að veik hross séu höfð sem mest úti ef veður er gott og þau eru hitalaus.

## Kemur líklegast að utan



**VILHJÁLMUR SVANSSON**

„Miðað við smitsjúkdómaastöðu íslenska hestsins, sem hefur ekki séð nema brot af þeim veirum sem eru landlægar erlendis, er líklegasta skýringin sú að sýkillinn sem herjar nú á hross hér hafi borist til landsins erlendis frá," segir Vilhjálmur Svansson dýralæknir og veirufræðingur á Keldum.

Mikil vinna hefur verið í gangi og er enn til að reyna að finna orsakir hestapestarinnar. Sýni hafa verið rannsökuð vikum saman á Keldum, í Svíþjóð og Þýskalandi. Búið er að prófa fyrir nær öllum veirum, sextán að tölu, sem þekktar eru og valda sýkingum í öndunarfærum hrossa. Allar niðurstöður hafa reynst neikvæðar.

Þrjár tegundir herpesveiru eru í íslenska hrossastofninum sem valda öndunarfærasýkingum, aðallega í ungviði. Spurður um tilgátur þess efnis að þær hafi getað breytt sér og hleypt pestinni af stað segir Vilhjálmur:

„Ég held að við fengjum aldrei slíkan faraldur eins og nú er í gangi, því allir fullorðnir hestar eru sýktir með þessum veirum og hafa uppi varnir gegn þeim. Mér finnst þetta svolítið langsótt. Auk þess hafa engar vísbendingar komið fram í okkar rannsóknum um að það sé raunin. Ef smitefnið er veira getur það hæglega verið áður óþekkt veira eins og hitasóttarveiran sem smitaði hross hér 1998. Hana tókst ekki að rækta né búa til greiningarpróf fyrir hana."

## Bráðsmitandi streptokokkur



**EGGERT GUNNARSSON**

„Við höfum ræktað ákveðna tegund streptokokka í þeim hrossum sem við höfum rannsakað," segir Eggert Gunnarsson dýralæknir og bakteríufræðingur á Keldum. „Við höfum ræktað hann í öllum sýnum sem við höfum tekið úr hrossum með hósta og graftarkenndan hor. En við höfum ekki fundið hann í miklum mæli í hestum sem einungis hafa verið með glært nefrennsli eða eru heilbrigðir.

Þessi streptokokkur er til staðar í hrossum, en getur oft valdið sýkingum í kjölfar einhverra veirusýkinga."

Eggert segir að streptokokkurinn sé algeng orsök í öndunarfærasýkingum hrossa erlendis en menn segi að oftast sé einhver veirusýking frumorsökin. Svo komi hann í kjölfarið. Einnig geti óheppilegar yrti aðstæður, streita, lélegt hreinlæti og léleg loftræsting lagt honum lið.

„Við höldum enn að hér sé frumorsökin einhver veirusýking sem við höfum ekki fundið, en streptokokkurinn sé ábyrgur fyrir hóstanum og graftarkenndu horinu sem við erum að sjá." Bakterían er bráðsmitandi þegar hún nær að magnast upp í hesthúsunum og þess vegna er æskilegt að minnka smitálagið með því að koma hestunum sem fyrst í sumarhaga.

Eggert segir þessa bakteríu næma fyrir pensilíni en best sé að hesturinn vinni á henni án þess.


á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra
Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs
sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - ... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

Líf í borgina

„Mér þykir vænt um Reykjavík. Reykjavík á að vera borg þar sem lífsgæði eru á heimsmælikvarða. Þess vegna býð ég mig fram – við þurfum breytingar."



Líf Magneudóttir
3. sæti á framboðslista VG í Reykjavík

náttúruvernd
kjarkur
traust
jöfnuður

VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

Tveir karlmenn ákærðir:

## Réðust á menn við veitingastaði

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn hafa verið ákærðir fyrir líkamsárásir í Reykjavík. Annar mannanna réðst á mann fyrir utan Hótel Hilton við Suðurlandsbraut og kýldi hann í andlitið. Fórnarlambið hlaut allnokkra áverka.

Hinn árásarmaðurinn réðst á mann fyrir utan veitingastaðinn Sólon, skallaði hann og sló í andlitið þannig að tvær tennur losnuðu.

Síðara fórnarlambið gerir kröfu um að árásarmaðurinn greiði sér rúma milljón í skaðabætur. - jss

Tveir karlmenn og kona sýknuð af ólögmætri slátrun sauðfjár:

# Slátruðu nítján lömbum í gámi

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn og ein kona hafa verið sýknuð af ólögmætri sauðfjárslátrun með því að hafa slátrað lömbum í gámi. Héraðsdómur Vesturlands kvað upp dóminn.

Fólkið var ákært fyrir að hafa í sameiningu slátrað nítján lömbum í sendibíl og gámi aftan við hús í Stykkishólmi. Þrettán lambanna voru í eigu annars mannsins og sex í eigu konunnar. Var fólkið ákært fyrir brot á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu og heilbrigðisskoðun og gæðamat afurða.



**LÖMBIN** Fólkið slátraði lömbunum með rotbyssu.

Í september á síðasta ári gerði Heilbrigðiseftirlit Vesturlands lögreglu viðvart um slátrunina. Þá var búið að hengja lambskrokkana nítján upp í gámnum, auk þess sem sami fjöldi hausa var á borði á sama stað. Einnig voru fjórir álbakkar með innyflum í gámnum.

Fram kom að lömbin hefðu þennan sama morgun verið flutt í lokaðri sendibifreið að gáminum. Þeim hefði síðan verið slátrað í bílnum með rotbyssu og frágangi lokið um hádegisbil.

Dómurinn leit svo á að þar sem afurðirnar hefðu einungis verið ætlaðar til einkaneyslu en hvorki sölu né dreifingar bæri að sýkna fólkið. - jss



**AFGANISTAN** Bandarískir hermenn sprengja í loft upp bifreið sem full var af sprengiefni nærri herflugvellinum í Jalalabad í Afganistan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SAMSKIPTASÍÐUR** Um 28 prósent yngstu netnotendanna sögðu aldrei hægt að treysta síðum á borð við Facebook. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Munur á netnotkun eftir aldri:

## Yngstu hóparnir varkárastir

**BANDARÍKIN, AP** Yngri netnotendur eru varkárari á Netinu en þeir sem eldri eru, og ólíklegri til að treysta netsíðum á borð við Facebook fyrir persónulegum upplýsingum. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem gerð var í Bandaríkjunum nýverið.

Notendur Facebook og annarra samskiptasíðna á aldrinum 18 til 29 ára eru mun líklegri til að takmarka aðgengi að persónulegum upplýsingum en aðrir hópar. Um 71 prósent sagðist meðvitað hafa takmarkað aðgengi að slíkum upplýsingum, samanborið við um 55 prósent fólks á aldrinum 50 til 64 ára. - bj

Forsetinn í viðtali:

## Ræddi eldgos og samstarf

**UTANRÍKISMÁL** Viðbrögð Íslendinga við eldgosum var meðal þess sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ræddi í viðtali við Alexander Chizhenok, fréttamann rússnesku sjónvarpsstöðvarinnar TV Center, í St. Pétursborg á þriðjudag. Á vef forsetaembættisins kemur jafnframt fram að í viðtalinu hafi forsetinn rætt áhrif eldgosa á menningu og viðhorf, sem og möguleika ferðaþjónustunnar á komandi árum. „Auk þess var rætt um samvinnu Íslands og Rússlands á undanförnum áratugum, nauðsyn aukins samstarfs á norðurslóðum og um nýtingu hreinnar orku,“ segir þar. - óká

Tveir menn látnir á Jótlandi:

## Lögregla óttast eitraðar e-töflur

**DANMÖRK** Tveir menn hafa fundist látnir í Danmörku síðustu daga, eftir að hafa innbyrt e-töflur. Lögreglan í Danmörku óttast að eitraðar e-töflur hafi komist í umferð á Vestur-Jótlandi.

Á þriðjudag fannst átján ára gamall maður látinn í íbúð vinar síns og 37 ára gamall maður fannst svo látinn á heimili sínu í gær.

Að sögn lögreglu var sá eldri þekktur í undirheimunum fyrir eiturlyfjasölu. Báðir mennirnir höfðu tekið e-töflu áður en þeir létust. - þeb



# Atvinna er aðalmálið.

Kosningarnar á morgun snúast um mjög mikilvæg mál. Ef borgin beitir ekki öllu afli til að skapa fleiri störf þá bitnar það á þjónustunni við börn og eldri borgara og dregur úr öryggi fólksins í borginni. Samfylkingin er eini flokkurinn með vel útfærða áætlun í atvinnumálum í Reykjavík.

**KOMUM VINNUFÚSUM HÖNDUM TIL VERKA!**

Kynntu þér aðgerðaáætlunina okkar á **www.xs.is/atvinna**

xS Vekjum Reykjavík!

*Það eru kosningar á morgun*




Fagnaðu kosningaréttinum með BKI kaffi

*sveitarstjórnarkosningar eru á morgun!*



Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Sveitarstjórnarkosningar** eru framundan og þá hafa borgarar tækifæri til að kalla stjórnmálamenn til ábyrgðar og velja sér nýja fulltrúa til næstu fjögurra ára. Hvort sem þú vilt meira af því sama eða eitthvað allt annað þá ættir þú að nýta atkvæðaréttinn og taka afstöðu.

Undirbúðu þig fyrir kosningavökuna og kauptu gott BKI kaffi. Fylgstu með hvað kemur upp úr kjörkössunum til enda með ljúffengt BKI kaffi þér til trausts og halds.

*Nú er tækifæri fyrir gott BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kjóstu BKI kaffi*

# Slitastjórnir ósammála um innlán

**Slitastjórn Landsbankans viðurkennir heildsöluinnlán sem forgangskröfur en Glitnir meðhöndlar þau sem almennar kröfur. 300-400 ágreiningsmál á leið fyrir dómstóla. Eignir duga fyrir 88% af forgangskröfum en 34% af heildarskuldum.**

**HRUNIÐ** Slitastjórn Landsbanka Íslands viðurkennir svokölluð heildsöluinnlán sem forgangskröfur og túlkar neyðarlögin með öðrum hætti en slitastjórn Glitnis sem flokkar heildsöluinnlán þess banka með almennum kröfum.

„Þetta er lagalegt mat okkar,“ segir Kristinn Bjarnason, formaður slitastjórnar Landsbankans, spurður hvers vegna afstaðan sé önnur en við uppgjör Glitnis. „Okkar niðurstaða var sú að heildsöluinnlán féllu undir skilgreiningu íslenskra laga um innstæður og þar af leiðandi nytu þær forgangs.“

Ljóst er að 300-400 dómsmál verða höfðuð vegna ágreinings kröfuhafa og slitastjórnar um meðferð krafna. Kristinn Bjarnason sagði að kröfuhafar hefðu gert ágreining við hverja einustu kröfu sem slitastjórnin vill viðurkenna forgang á. Verðmæti heildsöluinnlána hjá Landsbankanum er 158 milljarðar króna. Þetta eru fjármunir sem ýmis samtök og opinberir aðilar, til að mynda bresk sveitarfélög, áttu á reikningum hjá Landsbankanum við hrun bankans.

Stærstur hluti forgangskrafna er innstæður á Icesave-reikningum. Þær nema 1.161 milljarði króna.

Eignir bankans eru metnar á 1.159 milljarðar króna. Staðfesti dómstólar afstöðu slitastjórnarinnar um að Icesave-kröfur og heildsöluinnlán eigi að telja til forgangskrafna munu eignir bankans duga til þess að greiða um 88% til forgangskröfuhafa.

Heildarskuldir bankans eru 3.427 milljarðar króna. Almennir kröfuhafar fá ekkert greitt upp í sínar kröfur. Miðað við það yfirlit sem kynnt var í gær munu kröfuhafar tapa samtals 2.268 milljörðum króna á falli Landsbankans og eignirnar duga fyrir greiðslu um 34 prósent af heildarskuldum bankans.



**UPPGJÖR** Slitastjórn og skilanefnd Landsbanka Íslands héldu blaðamannafund að loknum kröfufundi á Hilton Nordica-hótelinu í gær. Á annað hundrað fulltrúa kröfuhafa mættu til þess fundar en mikill ágreiningur er um hvernig eigi að flokka kröfur í þrotabú bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Eiga 220 milljarða í reiðufé

- Skilanefnd og slitastjórn Landsbankans hafa ákveðið að rifta nokkrum ráðstöfunum sem stjórnendur Landsbankans gerðu fyrir hrun. Ekki var upplýst á blaðamannafundi í gær hvaða viðskiptum riftunarmálin tengjast og gegn hvaða einstaklingum þau verða höfðuð. Fleiri riftunarmál eru til skoðunar en frestur til að höfða þau rennur ekki út fyrr en haustið 2011. Endurskoðendur Deloitte hafa meðal annars rannsakað bókhald bankans fyrir skilanefnd og slitastjórn og er sú vinna enn í gangi.
- Skilanefnd Landsbankans á nú um 220 milljarða króna í reiðufé. Það eru tæp 20 prósent af áætluðu verðmæti eigna bankans. Stærstur hlutinn hefur komið inn vegna afborgana af skuldum við bankann frá því eftir hrun. Vegna ágreinings um meðferð krafna og hvernig eigi að ráðstafa eignum er ekki hægt að greiða þessa peninga út fyrr en dómstólar hafa fjallað um ágreiningsmálin. Á meðan eru peningarnir ávaxtaðir á reikningum sem bera lága vexti, að sögn Lárentsínusar Kristjánssonar, formanns skilanefndar, en þeir möguleikar sem bjóðast til að ávaxta fé hér á landi eru ekki margir um þessar mundir.

Dómsmeðferð stærstu ágreiningsmálanna er þegar komin í gang, meðal annars mál þar sem reynir á gildi neyðarlaganna og stöðu Icesave-reikninga í kröfuröðinni. Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndarinnar, sagði að nokkur ár mundi taka að fá niðurstöður dómsmála um helstu ágreiningsefnin. Hann sagðist búast við að 8-10 ár gætu liðið áður en uppgjöri Landsbankans lýkur.

**peturg@frettabladid.is**



Breytt fylgi flokka á Akureyri:

# L-listi fær fimm

**KÖNNUN** L-listinn, Listi fólksins, fær 39,3 prósenta fylgi og fimm menn í bæjarstjórn Akureyrar, samkvæmt könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Vikudag. Listi fólksins fékk 9,6 prósenta fylgi og einn mann í síðustu kosningum.

Sjálfstæðisflokkurinn fær 14,2 prósent samkvæmt könnuninni og tvo bæjarfulltrúa. Framsóknarflokkurinn fær 13 prósent og einn mann og Vinstri græn 12,6 prósent og einn bæjarfulltrúa. Samfylkingin mælist í könnuninni með 11,2 prósenta stuðning og einn bæjarfulltrúa og Bæjarlistinn 9,7 prósent og einn mann. - bj

Tíu mánaða fangelsisdómur:

# Braut gegn dóttur sinni

**DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær 10 mánaða fangelsisdóm yfir karlmanni sem ákærður var fyrir kynferðisbrot sem hann framdi gagnvart dóttur sinni og vinkonu hennar fyrir tveimur árum. Stúlkurnar voru þá 12 ára gamlar.**

**Maðurinn káfaði á stúlkunum í eitt skipti sumarið 2008 þar sem þær lágu saman í rúmi. Síðar sama sumar eða um haustið lagðist hann upp í rúm hjá dóttur sinni, þar sem hún lá sofandi og sett hönd hennar á beran lim sinn, en við það vaknaði stúlkan.**

**Með brotum sínum var maðurinn sagður hafa brugðist trúnaðarskyldum sínum gagnvart dóttur sinni og fyrir lægi að vanlíðan hennar væri mikil vegna brota hans. Maðurinn ætti sér því engar málsbætur. Manninum var gert að greiða dóttur sinni 450 þúsund krónur í bætur og vinkonu hennar 200 þúsund krónur.**

Heimili og skóli álykta:

# Hlúð verði að menntun barna

**MENNTUN** Mikilvægt er að hlúa að velferð og menntun ungu kynslóðarinnar og tryggja að gæði skólastarfs verði ekki skert. Þetta kemur fram í nýrri ályktun frá Heimili og skóla.

„Í aðdraganda kosninga og undirbúnings að nýju skólaári á næstunni leggur stjórn Heimilis og skóla áherslu á að sveitarstjórnarmenn ígrundi allar ákvarðanir vandlega með hliðsjón af þeim afleiðingum sem þær geta haft til lengri tíma litið,“ segir einnig í ályktuninni. Þá segir stjórnin að brýnt sé að hafa í huga að ef þrengt sé að skólum landsins geti það verið afdrifaríkt fyrir vöxt og þróun menntunar. - þeb

**ÁRBORG**

**Reglur um siglingar á Ölfusá**

Bæjarráð Árborgar telur að mögulega þurfi að setja reglur um siglingar á Ölfusá og vill af því tilefni kalla saman til fundar fulltrúa lögreglu, Björgunarfélags Árborgar, Stangveiðifélags Selfoss, veiðiréttarhafa, landeigenda og áhugamanna um kajaksiglingar.


Einkabankinn í símann þinn á l.is

Nú getur þú sinnt bankaviðskiptum í símanum þínum, hvar og hvenær sem er. Það er einfalt að skoða yfirlit yfir stöðu reikninga og kreditkorta, framkvæma millifærslur, kaupa inneign fyrir GSM síma, sækja PIN-númer fyrir VISA kreditkort, greiða inn á kreditkort og fletta upp í þjóðskrá.

Farðu inn á l.is og prófaðu Einkabankann í símanum þínum. Innskráning er með sama hætti og þegar farið er í Einkabankann í tölvunni þinni. Þú skráir notendanafn, lykilorð og auðkennisnúmer og þar með er fyllsta öryggis gætt.



EINKABANKINN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM41760

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400



16,5 kw/h
49.900
FULLT VERÐ 69.900



Ryð-frítt
16,5 kw/h
79.900
FULLT VERÐ 95.000



Ryð-frítt
17,6 kw/h
119.900
FULLT VERÐ 139.900

LANDMANN
Er frá Þýskalandi
Fyrir íslenskar aðstæður


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
PYLSUVEISLA: PYLSA Í BRAUÐI CA. 50 KR.
599
KR. KG
BÓNUS VÍNARPYLSUR
25% AFSLÁTTUR 30 KR/STK.
98
KR. PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK
198
KR. STK
BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270ml
698
KR. STK
GRILLAÐUR KJÚKLINGUR HEILL
(KALDUR) CA 1200G
198
KR. STK
BÓNUS REMOLAÐI &
HAMBORGARASÓSA 400g
149
KR. STK
BÓNUS HRÁSALAT 350g
129
KR. STK
BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTEBRAUÐ
200 KR.
VERÐLÆKKUN
259
KR. STK
ÍTALÍU PESTÓ 180g
29 KR.STK
698
KR. PK
BÓNUS ÍSPINNAKASSI 24 STK
13 KR.STK
198
KR. PK
BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK
198
KR. STK
BÓNUS SNAKK 160g
VINSÆLASTU
PRÓTEINDRYKKIRNIR
Á ÍSLANDI... ÞITT ER VALIÐ
169
KR. STK
HÁMARK & HLEÐSLA 250ml
500 ML. 98 KR.
500 ML.
98 KR.
2 LTR. 175 KR.
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## KS FROSNAR: LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR



998 KR. KG

## KS FROSIÐ: LAMBAFILLET



2698 KR. KG

# FROSIÐ KJÖT ER ÓDÝRARA

*TVÖ TONN EFTIR Á ÞESSU VERÐI*



2998 KR. KG

HOLLENSKAR UNGNAUTALUNDIR FROSNAR

*10 TONN Í BOÐI Á ÞESSU GÓÐA VERÐI*



1259 KR. KG

DANSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR

## KJÖRFUGL: FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




1598 KR. KG

## KJÖRFUGL: KJÚKLINGUR HEILL FERSKUR



598 KR. KG

*FJÓRIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 80G OG 4 BRAUÐ **150 KR. HAMBORGARINN***




599 KR. PK

*UNGNAUTAHAMBORGARAR **TÍU STÓRIR 120G HLUNKAR***

120G HLUNKUR Í BRAUÐI 171 KR.STK



1359 KR. PK

*FJÖGUR BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ*




139 KR. PK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

FRÉTTASKÝRING: Kjör kjörinna fulltrúa

# Ágætt upp úr því að hafa

**Sveitarstjórnarmenn í stærstu sveitarfélögum landsins geta haft nokkur hundruð þúsund krónur á mánuði fyrir störf sín. Misjafnt er hvernig sveitarfélög haga greiðslum til kjörinna fulltrúa. Bæjarstjórar geta haft ýmsar aukagreiðslur ofan á hefðbundin laun.**

Mörg dæmi eru um að sveitarstjórnarmenn hafi nokkur hundruð þúsund krónur í laun fyrir störf í þágu sveitarfélaga. Slík laun fást með greiðslum fyrir formennsku og setu í veigamestu ráðum og nefndum bæjarfélaganna sem leggjast ofan á hefðbundin bæjarfulltrúalaun.

Launagreiðslum til sveitarstjórnarmanna er háttað með margvíslegum hætti. Sums staðar eru föst laun bæjarfulltrúa tiltölulega lág en á móti koma greiðslur fyrir hvern setinn fund. Annars staðar eru launin hærri og ekki er greitt sérstaklega fyrir fundi. Að sama skapi er misjafnt hvort greidd eru tiltölulega há laun fyrir setu í nefndum og ekkert fyrir hvern fund eða tiltölulega lág nefndarlaun og þeim mun hærra fyrir fundi.

Almennt má segja að launagreiðslur til sveitarstjórnarmanna séu í nokkru samræmi við umsvif sveitarfélaganna. Þar sem íbúarnir eru flestir eru launin hæst.

Fréttablaðið óskaði upplýsinga um kjör frá tíu sveitarfélögum. Í flestum tilvikum veittu upplýsingafulltrúar eða embættismenn þær. Hér að neðan eru helstu upplýsingar samandregnar. Í sumum tilvikum eru launakerfin flókin.

Borgarfulltrúar í Reykjavík eru sér á parti hvað varðar föst laun. Þeir fá rúmlega fjögur hundruð þúsund krónur á mánuði. Hafnfirskir bæjarfulltrúar koma næstir með tæplega 150 þúsund á mánuði í föst laun. Til marks um hve ólíkt fyrirkomulagið er milli sveitarfélaga má benda á að í Hafnarfirði fá bæjarráðsmenn 81 þúsund krónur á mánuði en í Kópavogi þar sem bæjarfulltrúarnir hafa 143 þúsund eru greiddar tæpar 150 þúsund krónur fyrir setu í bæjarráði.

Í Reykjavík hafa flestir borgarfulltrúar lifibrauð sitt af stjórnmálastörfum. Í öðrum sveitarfélögum sinna fulltrúar bæjarmálunum samhliða öðrum störfum.

Framkvæmdastjórar flestra sveitarfélaganna sem athugunin náði til eru jafnframt kjörnir fulltrúar. Misjafnt er hvort þeir þiggja laun sem slíkir ofan á bæjarstjóralaunin. Einnig er misjafnt, eftir því sem athugunin leiddi í ljós, hvort þeir fá aðrar aukagreiðslur.

Ekki hefur borið mikið á því að fólk bjóði sig fram til sveitarstjórna launanna vegna. Ljóst er þó að það getur verið ágætt upp úr því að hafa. Starfsöryggið er hins vegar lítið.



Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is



**SAMAN OG SUNDUR** Björn Ingi Hrafnsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafa báðir setið í borgarstjórn Reykjavíkur. Björn stutt en Vilhjálmur lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Betur borgað í Reykjanesbæ heldur en í Reykjavík

**Reykjavík** *118 þúsund íbúar*

- Föst mánaðarlaun borgarfulltrúa eru rúmlega 404 þúsund krónur. Forseti borgarstjórnar fær rúmlega 505 þúsund krónur á mánuði. Fyrir setu í borgarráði greiðast hundrað þúsund krónur á mánuði. Formaður borgarráðs fær 162 þúsund krónur. Formenn fagráða og borgarstjórnarflokka fá hundrað þúsund krónur á mánuði.
- Heildarlaun Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, borgarstjóra í Reykjavík, eru 1.001.400 krónur á mánuði. Til viðbótar fær hún 106 þúsund krónur fyrir formennsku í stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

**Kópavogur** *30 þúsund íbúar*

- Föst mánaðarlaun bæjarfulltrúa eru 134 þúsund krónur. Forseti bæjarstjórnar fær 208 þúsund. Fyrir setu í bæjarráði eru greiddar tæplega 150 þúsund krónur á mánuði. Formaður bæjarráðs fær 218 þúsund. Fyrir aukafundi í bæjarstjórn eða bæjarráði eru greiddar 35 þúsund krónur.
- Gunnsteinn Sigurðsson, bæjarstjóri í Kópavogi, er með samtals 1.122.398 krónur á mánuði. Föst mánaðarlaun hans eru rúmar 700 þúsund og föst yfirvinna er 114 þúsund. Gunnsteinn fær 133 þúsund krónur fyrir setu í bæjarstjórn, 17 þúsund fyrir setu í hafnarstjórn og 26 þúsund krónur fyrir að vera í stjórn Tónlistarhúss Kópavogs. Þá fær hann mánaðarlegan bifreiðastyrk upp á 123 þúsund krónur.

**Hafnarfjörður** *26 þúsund íbúar*

- Föst laun bæjarfulltrúa eru tæpar 148 þúsund krónur á mánuði. Bæjarráðsmenn fá aukalega 81 þúsund á mánuði og formaður bæjarráðs 121 þúsund. Fyrir setu í öðrum ráðum eru greiddar 67 þúsund krónur. Ráðsformenn fá rúmlega 100 þúsund krónur á mánuði. Sitji bæjarfulltrúar í starfsnefndum fá þeir rúmlega 13 þúsund krónur á fund. Formenn starfsnefnda fá 20 þúsund krónur á fund.
- Föst laun Lúðvíks Geirssonar bæjarstjóra eru 1.009.167 krónur.

**Seltjarnarnes** *4.400 íbúar*

- Bæjarfulltrúar fá tæplega 138 þúsund krónur á mánuði. Í sparnaðarskyni fá bæjarfulltrúar ekki greitt fyrir nefndasetu á árinu eftir sérstaka ákvörðun þar um.
- Ásgerður Halldórsdóttir er með 1.050.000 á mánuði fyrir bæjarstjórastarfið. Til viðbótar fær hún greiddar 138 þúsund krónur sem bæjarfulltrúi; samtals 1.187.904 krónur.

**Reykjanesbær** *14 þúsund íbúar*

- Föst laun bæjarfulltrúa eru 50 þúsund krónur en þeir fá greiddar 30 þúsund krónur fyrir hvern bæjarstjórnarfund. Slíkir fundir eru haldnir aðra hverja viku. Forseti bæjarstjórnar fær 75 þúsund á mánuði og 50 þúsund á fund. Fyrir setu í bæjarráði eru greiddar rúmlega 100 þúsund krónur auk 20 þúsund króna fyrir hvern fund. Formaður bæjarráðs fær 151 þúsund í fasta mánaðargreiðslu. Tíu þúsund krónur eru greiddar fyrir nefndasetu auk fjórtán þúsunda fyrir hvern fund. Formenn nefnda fá tuttugu þúsund á mánuði.
- Árni Sigfússon fær samtals 1.292.810 í laun á mánuði. Föst laun eru 1.044.626 krónur, bifreiðastyrkur nemur 169.916 krónur, önnur hlunnindi 58.035 krónur og fyrir formennsku í eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar fær hann 20.233 krónur.

**Akranes** *6.500 íbúar*

- Föst laun bæjarfulltrúa eru 90 þúsund krónur. Forseti bæjarstjórnar fær 264 þúsund. Fyrir setu í ráði eru greiddar 147 þúsund og formennsku 181 þúsund. Fyrir setu í tveimur ráðum fá bæjarfulltrúar rúmar 200 þúsund krónur. Greiddar eru níu þúsund krónur fyrir hvern fund í nefndum bæjarins.
- Gísli Einarsson bæjarstjóri er með 700 þúsund krónur á mánuði. Hann fær akstursgreiðslur samkvæmt akstursdagbók. Gísli á ekki sæti í bæjarstjórn.

**Ísafjörður** *3.900 íbúar*

- Föst laun bæjarfulltrúa eru 37.500 krónur og greiddar eru rúmar 20 þúsund krónur á hvern fund. Forseti bæjarstjórnar fær 41.600 á fund. Fyrir bæjarráðsfundi eru greiddar 21 þúsund krónur og formaður bæjarráðs fær 41.600. Fyrir fundi í öðrum nefndum eru greiddar rúmar tíu þúsund krónur og nefndarformenn fá rúmlega tuttugu þúsund.
- Heildarlaun Halldórs Halldórssonar eru 968.050 á mánuði. Föst laun og yfirvinna nema 805.750 krónum, sem bæjarfulltrúi fær hann 37.500 og samtals rúmar fjörutíu þúsund fyrir bæjarstjórnarfundi. Halldór fær greitt fyrir notkun eigin bifreiða í starfi.

**Akureyri** *17.500 íbúar*

- Föst laun bæjarfulltrúa eru 110 þúsund krónur. Forseti bæjarstjórnar hefur 186 þúsund. Fyrir setu í bæjarráði eru greiddar 135 þúsund krónur og formaður bæjarráðs fær 212 þúsund. Fyrir setinn fund í nefndum bæjarins eru greiddar rúmar þrettán þúsund krónur. Formenn „stærri“ nefnda fá sextíu þúsund krónur á mánuði.
- Heildarlaun Hermanns Jóns Tómassonar eru 1.064.642 krónur. Hann er með 634.380 krónur í mánaðalaun og fær auk þess greiddar 380.628 krónur í stjórnendaálag sem er greiðsla fyrir allt vinnuframlag sem fellur til utan dagvinnumarka. Orlof á stjórnendaálag er 49.634 þúsund.

**Fjarðabyggð** *4.600 íbúar*

- Föst mánaðarlaun bæjarfulltrúa eru rúmar 50 þúsund krónur og greiddar eru 15 þúsund krónur fyrir hvern bæjarstjórnarfund. Forseti bæjarstjórnar fær 95 þúsund á mánuði og 31 þúsund á fund. Bæjarráðsmenn fá 15 þúsund krónur fyrir fund en formaður bæjarráðs fær tvöfalda greiðslu. Tíu þúsund krónur eru greiddar fyrir hvern fund í ráðum bæjarins.
- Heildalaun Helgu Jónsdóttur bæjarstýru í Fjarðabyggð eru 1.004.482 krónur. Hún er ekki kjörinn fulltrúi.

**Árborg** *7.800 íbúar*

- Fastar mánaðargreiðslur bæjarfulltrúa eru 114 þúsund krónur. Forseti bæjarstjórnar fær 191 þúsund. Fyrir setu í bæjarráði eru greiddar 38 þúsund krónur og fær formaður tvöfalda þá fjárhæð. Fyrir að sitja í „stærri“ nefndum bæjarins eru greiddar rúmar tólf þúsund krónur og 22 þúsund fyrir formennsku.
- Heildarlaun Ragnheiðar Hergeirsdóttur eru 1.159.709 krónur. Bæjarstjóralaunin nema 969.765 krónum á mánuði og bifreiðahlunnindi eru 75.292 krónur. Ragnheiður fær að auki 114 þúsund fyrir setu í bæjarstjórn og 31 þúsund krónur fyrir hvern bæjarstjórnarfund.

Byggt á upplýsingum frá sveitarfélögunum.



LEIKJADAGUR IGI OG HR

Háskólinn í Reykjavík og samtök fyrirtækja í leikjaiðnaði á Íslandi (IGI) bjóða til Leikjadags í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, Bellatrix, **laugardaginn 29. maí** frá kl. 14:00 – 17:00

14:00 – 14:10
**Setning**
Erla Bjarney Árnadóttir, Gogogic, stjórnarformaður IGI

14:10 – 14:40
**Umhverfi sprotafyrirtækja á Íslandi**
- **Staðan í dag** – Ingi Bogi Bogason, Samtökum iðnaðarins
- **Horft til framtíðar** – Ari Kristinn Jónsson, rektor HR

14:40 – 15.20
**Samstarf HR og IGI**
- **Leikjaþróunarlína HR** – Björn Þór Jónsson, HR
- **Samstarfssamningur HR og IGI** – Ólafur Andri Ragnarsson, Betware og HR
- **Gervigreind í leikjum** – Yngvi Björnsson, HR
- **Vitverur í sýndarheimum** – Hannes Högni Vilhjálmsson, HR

15:20 – 15:40 Hlé

15:40 – 16:40
**Skemmtisögur úr leikjaiðnaði**
- **Alice og börnin í undralandi tölvuleikjanna** – Rakel Sölvadóttir og Laufey Dís Ragnarsdóttir sálfræðinemar við HR
- **Hvað er með þennan tölvuleikjaheim?** – Örn Haraldsson, Mindgames
- **Þegar piparkökur bakast** – Jónas Björgvin Antonsson, Gogogic
- **Leikjaiðnaðurinn á Íslandi** – Eyjólfur Guðmundsson, CCP

16:40 – 17:00
**IGI Awards – Tölvuleikjasamkeppni IGI**
- **Afhending verðlauna** – Dómnefnd IGI Awards

Léttar veitingar og kynningar á leikjum og fyrirtækjum

**Kynnir:** Svana Gunnarsdóttir, Frumtaki

**Allir velkomnir!**
Aðgangur ókeypis

**Kynntu þér dagskrána á:**
**www.hr.is/td**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

Icelandic Gaming Industry

# Helgar-sprengja!

GILDIR 28. - 30. MAÍ



**HARROGATE og SORANO sessur**
Flottar sessur úr bómull fyrir stillanlegt bak. Stærð: 116 x 50 sm. 6 sm. þykk.

1 STK. VERÐ ÁÐUR: 2.495,-

**1.495,-**

40% AFSLÁTTUR



Jutlandia Tekk

SPARIÐ 47.960

Með stækkunarplötu

**BOUNTY tekkborð + 4 BANDA stólar**
Vönduð húsgögn úr gegnheilum tekkviði. Í settinu eru 4 stólar með örmum og háu, stillanlegu baki. Stærð á borði: B105 x L170/220 sm. Borð **79.990,-** Stóll **16.990,-**

BORÐ + 4 STÓLAR ÁÐUR: 147.950,-

**99.990,-**



NÝTT!

SPARIÐ 3.000

**Rafmagnshitari**
Góður rafmagns-hitari með 3 stillingum. 2000 wött. Tilvalinn á pallinn!

RAFMAGNSHITARI FULLT VERÐ: 12.990,-

**9.990,-**



SPARIÐ 30.000

SVEFNSÓFI FULLT VERÐ: 64.950,-

**34.950,-**

**IZMIR svefnsófi**
Með rúmfatageymslu. 115 BONNELL gormar pr. m². Stærð: B224 x H85 x D88 sm. Í svefnstöðu: B110 x L190 sm.



**Garðsláttuvél**
Létt og nett hand-sláttuvél. Sláttu-breidd: 40 sm.

GARÐSLÁTTUVÉL

**9.995,-**

NÝTT!



25% AFSLÁTTUR

**Sumarsængur**
Glæsilegar sumarsængur í mörgum litum. Tilvaldar í hjólhýsið, tjaldvagninn eða í sumarbústaðinn. Stærð: 140 x 200 sm.

1 STK. ÁÐUR: 1.995,-

**1.495,-**



NÝTT!

SUNDBOLUR EÐA SUMARKJÓLL

**2.995,-**

**DORA sundbolur og sumarkjóll**
Nýkomið! DORU sundbolur og sumarkjóll. Fást í tveimur gerðum. Stærðir: 2-8 ára.



BBQ LIFE

ALLAR GRILLVÖRUR 15% AFSLÁTTUR

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Álit ESA styrkir ekki stöðu Íslands.

## Samið eða dæmt?

Það virðist ögn langsótt að halda því fram, eins og forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna gera, að áminningarbréf Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til Íslands, um að íslenzkum stjórnvöldum beri að greiða Icesave-skuldbindingarnar, styrki samningsstöðu landsins. ESA telur Ísland brotlegt við EES-samninginn, greiði stjórnvöld ekki innistæðueigendum Landsbankans, lágmarkstrygginguna sem tilskipun Evrópusambandsins um innistæðutryggingar kveður á um. Ennfremur telur ESA að með neyðarlögunum, sem tryggðu bankainnistæður á Íslandi en ekki í íslenzkum bönkum erlendis, hafi Ísland mismunað EES-þegnum og brotið samninginn.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Stjórnmálamenn, sem kjósa að skipta heiminum í „okkur" og „útlendingana sem eru á móti okkur", virðast ekki átta sig á að ESA er ekki stofnun útlendinganna, heldur okkar. EFTA-ríkin settu hana á fót til að gæta þess að farið sé eftir EES-samningnum. Að hún skuli komast að þessari niðurstöðu, þvert á rökstuðning íslenzkra stjórnvalda, styrkir ekki málstað Íslands, því miður.

Rök Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Bjarna Benediktssonar eru að álit ESA sé gott fyrir Ísland, vegna þess að í því sé opnað fyrir þann möguleika að ESA dragi Ísland fyrir EFTA-dómstólinn, sem sé „dómstólaleiðin" sem þeir hafi alltaf viljað. En er dómstólaleiðin í Icesave áreiðanlega betri en samningaleiðin?

Ef menn eru algerlega vissir um að hafa lögin sín megin, þurfa þeir ekki að hafa áhyggjur af að leggja mál í dóm. En þannig er það ekki í Icesave-málinu. Þar er í bezta falli lagaleg óvissa. Talsmenn stjórnarandstöðunnar benda réttilega á að óvissan þýði að Bretland og Holland vilji ekki fara með deiluna fyrir dóm. En af sömu ástæðum ætti Ísland að forðast að fara dómstólaleiðina.

Í samningum geta menn gert málamiðlanir; gefið eftir eitt atriði til að ná öðru fram. Allt til enda geta báðir aðilar haft ákveðna stjórn á niðurstöðunni; hún er sú sem þeir verða sammála um.

Fyrir dómstóli geta menn unnið allt og fengið dóm, sem er þeim að öllu leyti í hag, en líka tapað öllu og fengið afar óhagstæðan dóm. Þá hafa aðilar málsins ekki lengur stjórn á útkomunni. Það er áhættan, sem er tekin með því að fara dómstólaleiðina.

Í Icesave-málinu hefur samningamönnum Íslands tekizt að fá Holland og Bretland til að koma til móts við íslenzka hagsmuni og fallast á betri kjör á láninu, sem þessi ríki veita fyrir Icesave-skuldbindingunum. Segja má að þannig hafi menn getað nýtt hina lagalegu óvissu í málinu. Verði samningum lokið á þeim nótum, vita Íslendingar að hverju þeir ganga.

Ef ESA dregur Ísland hins vegar fyrir dóm, vitum við ekki hver útkoman verður. Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag, hefur ESA unnið 26 samningsbrotamál gegn aðildarríkjunum fyrir EFTA-dómstólnum, en tapað tveimur. Það bendir til að stofnunin fari sjaldan fram með mál nema vera býsna viss í sinni sök.

Dómstólaleiðin mun aukinheldur þýða drátt á lausn Icesave-málsins, sem mun kosta íslenzkt atvinnulíf ómælda fjármuni, í formi óhagstæðari lánskjara og tapaðra fjárfestinga.

Samningaleiðin er áfram rétta leiðin í Icesave-málinu. Ísland á að ljúka samningum sem fyrst. Það er einn lykillinn að því að þjóðin geti farið að horfa fram á veginn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Foringjadýrkunin

Kosningabaráttan hefur verið um margt sérstök, ekki síst í Reykjavík þar sem tilkoma Besta flokksins hefur hleypt hefðbundnu ferli í bál og brand. Lítill áhugi virðist vera á kosningunum og frambjóðendur kvarta margir yfir því að erfiðlega gangi að koma skilaboðum til kjósenda. Þau skilaboð eru hins vegar ekki endilega skýr, eða kannski einum of skýr. Allir flokkar virðast nefnilega hafa tekið þá ákvörðun að keyra á oddvitum listanna í kosningabaráttunni. Oft virðist sem þeir séu einir í framboði, en ekki 30 manns sem skipi listann og muni margir hverjir gegna embættum að kosningum loknum.



### Borgarstjórinn þinn

Sérstaklega gott dæmi um þetta mátti sjá í bréfi sem einhverjum borgarbúum barst frá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra. Þar var farið yfir hennar feril og verk í embætti. Bréfið er ekki merkt Sjálfstæðisflokknum og ekki er minnst á flokkinn en til að Hanna Birna geti áfram verið „borgarstjórinn þinn" þarf viðkomandi að vísu að setja x við D. Svona fyrst ekki er hægt að kjósa Hönnu Birnu beint.



### Hljóðskraf og hugmyndir

Ástandið í borginni veldur því að enginn veit hvað verður að kosningum loknum. Spennan snýst ekki um hvort meirihluti haldi velli, eða stjórnarandstaðan komist að, eins og oft áður. Nú veit enginn hvernig landslagið verður. Það hefur síðan valdið því að endalausar sögur eru á kreiki um hverjir séu farnir að tala við hverja; hvort Samfylkingin sé farin að bera víurnar í Besta flokkinn eða hvort allir flokkarnir muni sameinast gegn Besta. Þetta er í það minnsta líflegra en venjulega.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Miðborgin varin

Skipulagsmál



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

formaður Framsóknarflokksins og fulltrúi í skipulagsráði Reykjavíkur

Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að skilgreina miðborg Reykjavíkur sem sérstakt verndarsvæði. Undirbúningur að breytingunni hefur staðið í tvö ár og hún mun gjörbreyta skipulagsmálum í Reykjavík til hins betra. Verði hún rétt framkvæmd verður líklega um að ræða mestu breytingu í sögu skipulagsmála í borginni frá því að farið var að skipuleggja byggðina í Reykjavík. Slík borgarvernd hefur verið innleidd í flestum þeim borgum og bæjum Evrópu og Norður-Ameríku sem teljast mest aðlaðandi og haft gríðarleg áhrif fyrir alla íbúa borganna.

Slík skilgreining markar tímamót og skiptir sköpum við að vinda ofan af skipulagsmistökum fortíðar, eyða óvissu og skapa stöðugleika fyrir íbúa miðbæjarins og stuðla að því að yfirgefin og illa hirt hús verði gerð upp í stað þess að þau séu látin grotna niður.

Í erlendum borgum þar sem hverfisvernd hefur verið innleidd hefur það gjörbreytt ásýnd borgarhlutanna, aukið verðmæti fasteigna og haft mikil áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustu. Reynslan er sú að verndarsvæðin gagnast öllum íbúum borganna enda eru þau yfirleitt álitin nokkurs konar sameign allra borgarbúa og skapa aðdráttarafl fyrir borgina alla. Verslun og þjónusta dafnar og ný fjárfesting eykst gjarnan á slíkum svæðum öllum til hagsbóta. Allt stuðlar þetta að auknu viðhaldi húsnæðis og skapar vinnu fyrir iðnaðarmenn.

Skilgreining verndarsvæða skipti t.a.m. sköpum fyrir höfuðborgir Eystrasaltsríkjanna en áður höfðu fjölmargar evrópskar og norður-amerískar borgir innleitt slíka stefnu allt frá því Georgetown í Washington og miðborg Prag voru skilgreind sem verndarsvæði árið 1950. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er mikil ásókn íbúa í að fá borgarhluta sína skilgreinda á þennan hátt.

Íbúar miðbæjarins hafa allt of lengi mátt þola óvissu um nærumhverfi sitt, byggingarframkvæmdir þar sem gengið er á umhverfisgæði þeirra sem fyrir eru og óaðlaðandi umhverfi sem fylgir skipulagi eins og því sem nú er verið að hverfa frá í Reykjavík. Breytingin mun þó ekki aðeins gagnast íbúum miðbæjarins heldur borgarbúum öllum og gera Reykjavík að betri stað til að búa.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þegar þögnin ein er eftir

Dómsmál


Snorri Páll Jónsson Úlfhildarson
listamaður og einn níu ákærðra fyrir árás á Alþingi

Ímyndum okkur að skyndilega kæmu á yfirborðið upplýsingar sem myndu draga í efa eitthvað af þeim röksemdarfærslum sem sérstakur saksóknari beitti fyrir sig þegar hann handtók á dögunum nokkra háttsetta bankamenn og fékk staðfest gæsluvarðhald yfir þeim. Hvað svo sem það gæti verið – myndband, tölvupóstur, minnisblað eða eitthvað annað. Upplýsingarnar gæfu ekkert endilega til kynna að ástæður frelsissviptinganna væru algjörlega úr lausu lofti gripnar en sýndu fram á vankanta og misræmi í því ferli sem leiddi til þeirra.

Ímyndum okkur fjölmiðlaumfjöllunina í kjölfarið. Sjáum fyrir okkur leiðara stærstu fréttablaðanna. Við vitum það öll að slíkar upplýsingar myndu ekki mæta þögninni einni saman, heldur yrðu þær ræddar í þaula – ekki síst af þeim sem stýra fjölmiðla- og almannaumræðunni.

### Misræmi í gögnum ákæruvaldsins

Fimmtudaginn 20. maí, birti Kastljós fréttaskýringu um dómsmálið gegn nímenningunum svokölluðu, sem ákærðir eru fyrir meinta árás á Alþingi í desember 2008. Kastljósið birti m.a. myndband úr eftirlitsmyndavél sem staðsett er í bakanddyri Alþingishússins, sem sýnir þegar nímenningarnir fóru ásamt tuttugu öðrum inn í þinghúsið. Þingverðir brugðust við með því að reyna að hindra inngöngu fólks, til stympinga kom og einn þingvörður féll á ofn með þeim afleiðingum að hún meiddist á baki. Hún hefur nú krafist tæplega milljón króna skaðabóta frá einum nímenninganna.

Í málsgögnunum öllum er mikið misræmi, til að mynda þegar kemur að þessu umrædda atviki. Í atvikalýsingu þeirri sem á að rökstyðja ákærurnar er fullyrt að hinn ákærði hafi ýtt með hægri hendi sinni í þingvörðinn og þannig hafi hún dottið. Í skaðabótakröfunni er því hins vegar haldið fram að hinn ákærði hafi snúið sér við og ýtt af öllu afli, með báðum höndum í þingvörðinn. Sú lýsing kemur frá þingverðinum sjálfum, eftir að lögreglumenn þeir sem stóðu að rannsókn málsins yfirheyrðu hana um miðjan janúar 2009.

Myndbandið sem sýnt var í Kastljósi sýnir hins vegar að hinn ákærði notar hvorki hægri né báðar hendur, snýr sér ekki við og ýtir engum af öllu afli, heldur er hann dreginn til af öðrum þingverði svo hann lendir á fyrrnefnda þingverðinum, þeirri sem krefst skaðabóta. Fram kemur í gögnum frá lögreglunni að síðarnefndi þingvörðurinn hafi, eftir að hafa lýst atburðunum og svo séð myndbandsupptökuna, lýst yfir að hún hafi upplifað atburðinn öðruvísi en sést á myndbandinu. Lögreglumennirnir virðast þó enga ástæðu sjá til að spyrja hana nánar út í það sem var „öðruvísi“ í minningunni, né heldur hvetja þeir hana til að draga málflutning sinn til baka. Þvert á móti standa orð hennar og eru notuð í skaðabótakröfunni – þó þau stangist ekki einungis á við myndbandið, heldur einnig fyrrnefnda atvikalýsingu ákærunnar.

Þetta er sérstaklega athugavert í því ljósi að í upphafi yfirheyrslunnar tilkynna lögreglumennirnir þingverðinum að hún hafi stöðu vitnis í málinu og að henni beri að segja satt og rétt frá atburðum – annað geti varðað við lög.

### Hver eru viðbrögðin?

Þetta er eitt dæmi af mörgum um upplýsingar í ákærugögnunum frá settum ríkissaksóknara í málinu, sem einfaldlega grafa undan stoðum ákærunnar sjálfrar og þeim röksemdum sem hún byggir á. Tæpt var á einhverjum af þeim upplýsingum í Kastljósþættinum þann 20. maí.

Og hver eru viðbrögð annarra fjölmiðla? Hver eru viðbrögð ritstjóra Fréttablaðsins og Morgunblaðsins, sem hafa ekki hikað við að kalla okkur nímenningana ofbeldismenn og fullyrt bæði og alhæft um atvikið sem við erum kærð fyrir – á sama tíma og þeir hafa hamrað á nauðsyn þess að vel sé komið fram við fyrrnefnda handtekna bankamenn og verið tíðrætt um að það sé grunnur réttarríkisins að sakborningar séu saklausir þar til sekt er sönnuð?

Viðbrögð þeirra er þögnin ein. Rétt eins og viðbrögð Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara í máli okkar, og Helga Bernódussonar, skrifstofustjóra Alþingis, við beiðni Helga Seljan um að ræða við þau við vinnslu á Kastljósþættinum. Eins og viðbrögð Egils Helgasonar, sem hingað til hefur ekki hikað við að fjalla um okkur níu sem ofbeldismenn. Eins og viðbrögð hægri vefmiðlanna AMX og T24, sem reyndar hafa lýst yfir andúð á umfjöllun Kastljóssins en ekki gefið neinar skýringar á því.

Nú þegar óþægilegar upplýsingar um ákærurnar hafa komið fram – upplýsingar sem draga í efa réttmæti dómsmálsins og sýna fram á léleg og hlutdræg vinnubrögð lögreglunnar – virðist þögnin ein vera eftir.

# Tími til athafna

Sveitastjórnarkosningar


Guðríður Arnardóttir
oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi

Nú eru tæplega 1.600 einstaklingar atvinnulausir í Kópavogi. Hálfbyggð hús í nýrri hverfum bæjarins eru glöggt merki þeirrar lægðar sem íslenskt efnahagslíf er nú í.

Nú er tími til athafna, það þýðir ekki að bíða eftir að ástandið batni af sjálfu sér. Það þýðir ekki að bíða eftir því að aftur verði hægt að úthluta lóðum. Það þarf að koma verkefnum í gang nú þegar. Við þessar aðstæður er mikilvægt að snúa sér fyrst að því sem tekur skamman tíma að koma af stað. Slíkt verkefni er t.d. að bærinn hafi milligöngu um að ljúka byggingu hálfkláraðs húsnæðis í bænum og koma í leigu. Slá tvær flugur í einu höggi, skapa störf um leið og grunnur er lagður að traustum leigumarkaði líkt og þekkist á hinum Norðurlöndunum. Bjóða upp á raunverulegan valkost við eignarformið og tryggja að þeir sem ekki hafa bolmagn eða áhuga á að leggja háar upphæðir í fasteignakaup hafi annan möguleika. Stór hópur ungs fólks bíður nú í foreldrahúsum eftir því að geta stofnað heimili. Ef ekkert er að gert mun skapast hér skortur á fasteignamarkaði innan fárra ára.

> Stór hópur ungs fólks bíður nú í foreldrahúsum eftir því að geta stofnað heimili.

Þegar uppgangur var sem mestur í íslensku samfélagi stóð hið opinbera í stórfelldum framkvæmdum. Kópavogur safnaði skuldum á tímum þegar skynsamlegra hefði verið að greiða niður skuldir. Það er kunn hagfræði að á tímum þenslu eigi ríki og sveitarfélög að halda að sér höndum og greiða niður skuldir. Þegar harðnar á dalnum á aftur á móti að ráðast í framkvæmdir sem skapa störf þótt það feli í sér skuldaaukningu. Við megum ekki stöðva allar framkvæmdir á tímum samdráttar og niðursveiflu.

Í stað þess að sitja með hendur í skauti og bíða eftir að ástandið lagist þarf að taka til höndum. Verkefnin eru mörg, það þarf að sá í opin sár þar sem tómar lóðir standa á milli nýbyggðar húsa. Það þarf að ganga frá slysagildrum og fegra umhverfið, það þarf að fegra bæinn okkar með skjólbeltum, fegra grámyglulegar stéttir og torg með runnum og blómum. Við eigum að grípa allar góðar hugmyndir og gera að veruleika, styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og byggja upp nýjar atvinnugreinar. Tækifærin eru víða. Atvinnumál eru forgangsmál Samfylkingarinnar í Kópavogi. Við ætlum að sækja fram í stað þess að bíða þess sem verða vill.

Höfum opnað nýja glæsilega verslun á
Grensásvegi 48

TILBOÐ HELGARINNAR

Hamborgarar með sérbökuðum hamborgarabrauðum

Grísalundir með sælkerafyllingu

Helgardesertinn: Sælkeradraumur

Kjötkompaní

Dalshrauni 13 og Grensásvegi 48, sími 578-9700






# HS Veitur hf – HS Orka hf

Orkumál

**Júlíus Jónsson**
forstjóri HS Orku



**Albert Albertsson**
aðstoðarforstjóri HS Orku



Mikil umræða hefur skapast um kaup Magma Energy Sweden AB, dótturfélags Magma Energy í Kanada, á hlutabréfum í HS Orku hf og gætir þar oft mikils misskilnings. Ljóst er að hlutverkaskipting milli ofangreindra félaga er fyrir marga ekki ljós og greinilega þörf á aukinni upplýsingagjöf. Úr því verður bætt en við viljum hér vekja athygli á nokkrum staðreyndum vegna þessara mála.

- HS Veitur hf og HS Orka hf urðu til 1. desember 2008 við uppskiptingu á Hitaveitu Suðurnesja hf. Uppskiptingin er ekki vegna ákvörðunar eigenda Hitaveitu Suðurnesja hf heldur vegna lagasetningar Alþingis. Samkvæmt lögum nr. 58 frá 2008 var orkufyrirtækjum gert skylt að aðgreina samkeppnisþáttinn, þ.e.a.s. framleiðslu og sölu á raforku frá einkaleyfisstarfsemi þ.e.a.s. dreifingu orkunnar til viðskiptavina, tengingu þeirra við dreifikerfið og þjónustu við þá.

- HS Veitur hf eru nú 66,75% í eigu Reykjanesbæjar, 16,58% í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, 15,42% í eigu Hafnarfjarðarbæjar og 1,25% í eigu 4 sveitarfélaga.

- HS Orka hf er nú 98,53% í eigu Magma Energy Sweden AB og 1,47% í eigu 4 sveitarfélaga.

- HS Veitur hf dreifa raforku til íbúa og fyrirtækja sem Landsnet (alfarið í opinberri eigu) afhendir inn á dreifikerfið og innheimtir gjöld fyrir dreifingu og flutning raforkunnar. Að teknu tilliti til fastagjalds má áætla að 60% raforkukostnaðar heimila sé vegna dreifingar og flutnings en um 40% raforkan sjálf sem er á lögbundnum samkeppnismarkaði.

- Af orkureikningi hvers meðal heimilis má gera ráð fyrir að um 85% renni til HS Veitna hf en um 15% til HS Orku hf. Ákvarðanir um gjaldskrá HS Veitna hf eru teknar af stjórn sem alfarið er skipuð opinberum aðilum.

- HS Veitur hf dreifa heitu vatni á Suðurnesjum, sem framleitt er af HS Orku hf í Svartsengi og selja til einstaklinga og fyrirtækja samkvæmt gjaldskrá sem fyrirtækið setur um þjónustu sína. HS Orka hf getur ekki hækkað verðið á vatninu umfram verðlagsþróun og er skuldbundin til að framleiða og afhenda heitt vatn um ókomna framtíð. Uppsagnarfrestur er 25 ár en „þó er HS Orku hf óheimilt að segja upp þeim hluta samnings er lítur að öflun og afhendingu vatns til dreifingar í hitaveitu HS Veitna hf á núverandi dreifiveitusvæðum“ eins og segir í samningi aðila.

- Sama gildir um ferska vatnið í Reykjanesbæ og Garði og um heita vatnið. Í Grindavík, Sandgerði og í Vogum annast HS Veitur hf vatnsöflunina en sveitarfélögin annast dreifingu og sölu innan sveitarfélaganna með eigin vatnsveitum.

- HS Orka hf framleiðir raforku fyrir stóriðju og fyrir almennan markað. Samkeppni ríkir á almennum markaði og hækki HS Orka hf verðið umfram aðra geta viðskiptavinir auðveldlega keypt raforkuna af öðrum söluaðilum, Orkuveitu Reykjavíkur, Orkusölunni eða einhverjum öðrum.

- HS Orka hf framleiðir heitt vatn og aflar ferskvatns fyrir HS Veitur hf á Suðurnesjum. Tryggt er með orkukaupasamningi að innkaupsverð hækkar ekki umfram verðlagsþróun.

- Þær auðlindir sem félagið nýtir nú eru í eigu Reykjanesbæjar og ríkissjóðs (Reykjanes) og Grindavíkurbæjar (Svartsengi).

- Eignarhald á HS Orku hf hefur ekki og getur því ekki haft áhrif á orkuverð til almennings á svæðinu þar sem búið er að tryggja verðið á þeirri orku sem HS Veitur hf þurfa að afla sér til langs tíma.

- Með eignarhaldi öflugra aðila á HS Orku hf eiga að geta skapast möguleikar til frekari framkvæmda, sem ekki voru til staðar þegar félagið var í meirihlutaeigu aðila sem vildi selja sinn hlut og vildi ekki styðja það til nýrra verkefna. Frekari virkjanir ættu að auka hagkvæmni og gefa tækifæri til raunlækkunar orku þegar til lengri tíma er litið. Þá verða raunhæfari þau markmið að byggja upp fjölskrúðugt atvinnulíf á Suðurnesjum sem byggir á margs konar orkukrefjandi starfsemi. Það á að vera fagnaðarefni á þessum tímum ef tækifæri skapast til uppbyggingar.

Nýir meirihlutaeigendur HS Orku hf hafa lýst því yfir að engar breytingar séu fyrirhugaðar á nafni, rekstrarformi eða starfsmannahaldi félagsins. Það verði helst að um aukin umsvif verði að ræða gangi áform félagsins um stækkun virkjana og nýjar virkjanir upp.

Það er von okkar að ofangreindar upplýsingar auðveldi almenningi að átta sig á helstu staðreyndum um félögin og slái á þær rangfærslur sem of mikið er af nú um stundir.






# Spara fyrir Kópavog

Sveitarstjórnarkosningar

**Ómar Stefánsson**
oddviti Framsóknarflokksins í Kópavogi



Það er lítið fjallað um sveitarstjórnarmál í fjölmiðlum núna, það er helst Jón í Reykjavík sem fær einhverja athygli. En ég ætla því að lauma nokkrum línum á blað og sjá hvort þær fái náð.

Það er ljóst að næstu fjögur árin verða öðruvísi heldur en þau fjögur sem mynduðu liðið kjörtímabil. Nú þarf að spara og það gerist ekki öðruvísi en að einhver verði ósáttur. Það er því mikilvægt að þeir sem ætla að taka þessar óvinsælu ákvarðanir séu tilbúnir að leggja sitt fram.

Það er vilji okkar framsóknarmanna í Kópavogi að lækka laun bæjarfulltrúa og nefndarfólks um 10%. Það er gert til þess að sýna að við viljum gera vel fyrir bæinn okkar og spara smávegis fyrir Kópavog í leiðinni. En það dugar ekki bara að lækka laun nefndarmanna og bæjarfulltrúa. Það þarf að gera meira. Við viljum endurskoða skipurit bæjarins til þess að ná fram lækkun kostnaðar. Þá teljum við að hægt sé að ná fram hagkvæmari rekstri með aukinni samvinnu við nágrannasveitarfélögin, bæði hvað varðar þjónustustarfsemi og rekstur stjórnsýslunnar.

Rekstur Kópavogsbæjar hefur gengið vel, en skuldir bæjarins hafa því miður aukist mikið í kjölfar efnahagshrunsins sem varð haustið 2008. Vegna gengisfalls íslensku krónunnar hækkuðu erlendar skuldir bæjarins mikið og einnig var fjölda áður úthlutaðra lóða skilað til bæjarins með tilheyrandi útgjöldum. Forgangsmál næstu ára er að lækka skuldir bæjarins og gera áætlanir ráð fyrir því að handbært fé frá rekstri standi undir niðurgreiðslu skulda næstu árin. Aukinni gjaldtöku á íbúanna verður þó haldið í lágmarki enda ljóst að heimilin í landinu ráða ekki við frekari byrðar. Áfram þarf að gæta aðhalds í rekstri og leita leiða til að hagræða og spara. Í það verkefni treystum við okkur framsóknarmenn. X-B.

# Fjármögnun Besta flokksins

Sveitarstjórnarkosningar

**Jón F. Thoroddsen**
fjármálastjóri Besta flokksins



Besti flokkurinn þakkar fjárhagslegan stuðning við framboðið. Rekstur stjórnmálaflokks er aldrei ókeypis, jafnvel þó að öll yfirbygging sé með allra minnsta móti. Alltaf þarf ákveðna grunnþætti. Flokkurinn þarf vettvang til að kynna sig á. Það þarf að koma upp vefsíðu, húsnæði þarf að vera til staðar sem og sími.

Þrátt fyrir að fá hvorki framlag frá ríki eða borg gengur fjármögnun Besta flokksins vel. Menn hringja inn alls staðar að af landinu og lýsa yfir stuðningi við flokkinn. Þannig hefur mikill fjöldi lagt inn á reikning félagsins 0137-26-1340, kt. 611209-1340. Við þökkum kærlega fyrir stuðninginn. Margt smátt gerir eitt stórt. Ekkert einstakt framlag til Besta flokksins hefur farið yfir 100.000 kr.

Engin byggingarverktakafyrirtæki hafa stutt flokkinn og ekki hefur verið leitað til þeirra. Engin fjármálafyrirtæki hafa styrkt Besta flokkinn og ekki hefur verið leitað eftir stuðningi þeirra. Enginn af þekktustu kaupsýslumönnum Íslands hafa styrkt flokkinn og ekki hefur heldur verið leitað til þeirra. Stuðningur fólksins er það sem skiptir máli. Sendibílstjórar bjóða vinnu sína, húsgögn eru lánuð endurgjaldslaust, bakarinn færir bakkelsi og svo framvegis. Það sem við höfum þurft að greiða fyrir er ávallt á bestu mögulegu viðskiptakjörum, án þess að beðið sé sérstaklega um það. Allir eru að gera sitt besta. Þetta eru þau forréttindi sem Besti flokkurinn býr við í dag. Slík er þörfin fyrir breytingar á vinnubrögðum í íslenskum stjórnmálum. Besti flokkurinn áætlar að eyða að hámarki 2,5 milljónum króna í kosningabaráttu sína fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík þann 29. maí nk.

Til að auðvelda fólki um land allt stuðning við Besta flokkinn höfum við opnað styrktarnúmer fyrir þá sem eru aflögufærir. Hringt er í síma 903 30 20 og þá eru 1000 kr. lagðar inn á reikning flokksins. Hringdu í besta númerið og leggðu þitt af mörkum fyrir sjálfbæran stjórnmálaflokk. ”Sjálfbært gegnsæi” er best! X-Æ 29. Maí.

# Skýrslu um Kópavog

Sveitastjórnarkosningar

**Ólafur Þór Gunnarsson**
oddviti VG í Kópavogi



Vinstri græn hafa lagt fram tillögu í bæjarráði Kópavogs um að gerð verði rannsóknarskýrsla í Kópavogi í anda skýrslunnar sem gerð var fyrir Alþingi. Bæjarbúar hafa tekið eftir þessu. Viðbrögð meirihlutans eru hins vegar ótrúleg og ótrúverðug. Þrátt fyrir að sams konar tillaga hafi verið samþykkt í Reykjavík af hrun-meirihlutanum þar treysta Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Ingi Birgisson og Ómar Stefánsson, fulltrúar meirihlutans í bæjarráði, sér ekki til að samþykkja tillöguna. Hvað veldur? Í tvígang hafa þeir félagar beitt fundatæknilegum aðferðum til að fresta afgreiðslu tillögunnar, vafalítið í þeim tilgangi að þæfa málið fram yfir kosningar. Það er algerlega ljóst að verði þeir kumpánar áfram í meirihluta eftir kosningar þarf ekki að spyrja að örlögum tillögunnar.

En hvers vegna er mikilvægt að skoða málin betur í Kópavogi? Vegna þess að bæjarbúar eiga heimtingu á að vita hvernig ákvarðanir eru teknar. Hvernig var staðið að málum þegar bygging Kórsins í samvinnu við Knattspyrnuakademíuna var tekin? Hvað með kaupin á Glaðheimalandinu? Uppfyllingar á Kársnesi, framkvæmdir í Heiðmörk, lóðaúthlutanir, stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar, mannaráðningar, sölu á vatni til Garðabæjar með afslætti, að ekki sé minnst á eignarnámssamninginn vegna Vatnsendalandsins?

Bæjarbúar eiga heimtingu á að vita hvernig unnið var að gerð samningsins. Réðu hagsmunir bæjarbúa eða hagsmunir landeigenda?

Kosningarnar 29. maí snúast ekki hvað síst um uppgjör við stjórn síðustu 20 ára. Hugmyndafræði frjálshyggjunnar þarf frí í Kópavogi. Félagshyggja, jöfnuður, réttlæti og heiðarleiki þurfa að vera ráðandi. Sterk staða VG eftir kosningar tryggir að gamli meirihlutinn falli og ný vinnubrögð við stjórn bæjarins taki við.

# Stöndum vörð um vatnsverndarsvæðin

Sveitastjórnarkosningar



Sóley Tómasdóttir
oddviti Vinstri grænna í Reykjavík


Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra


Víða um heim er vatnsöflun eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnvalda og deilur rísa milli samfélaga vegna átaka um vatn. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru svo lánsamir að hafa aðgang að hreinu og góðu vatni, en það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir þeirri ábyrgð sem á okkur hvílir varðandi verndun grunnvatns og neysluvatnsbirgða höfuðborgarbúa.

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins stafar sífellt meiri hætta af byggðinni sem þrengir stöðugt meir að. Það virðist skorta nokkuð á það að stjórnvöldum í Reykjavík og nágrannabyggðum sé ljós sú ábyrgð sem á þeim hvílir við verndun þessarar mikilvægu auðlindar. Nokkuð hefur verið sneitt af vatnsverndarsvæðinu á undanförnum árum með breytingum á skipulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. M.a. hafa sveitarstjórnir í Garðabæ og Kópavogi breytt skipulagi og þrengt að vatnsverndarsvæðinu. Íbúabyggð hefur einnig færst nær verndarsvæðinu og eru frekari skerðingar á því svæði fyrirhugaðar, svo sem í tillögu að breyttu skipulagi í umdæmi Kópavogs. En það er fleira sem ber að varast.

Veigamikil áætlun um lagningu Suðvesturlínu yfir vatnsverndarsvæðið hefur valdið deilum meðal annars vegna hættu sem felast í línulögninni, bæði á framkvæmdatíma við uppsetningu hennar en einnig vegna mögulegrar mengunarhættu sem stafað getur af línumöstrunum og vegna umferðar. Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar hefur tekið það fram í umsögn sinni um mat á umhverfisáhrifum vegna Suðvesturlína, að framkvæmd vatnsverndar geti farið í uppnám vegna framkvæmdanna. Framkvæmdir við Suðvesturlínur geta að mati sviðsins haft áhrif á vatnsból þrátt fyrir öryggiskröfur og mótvægisaðgerðir. Stóraukin umferð vinnutækja getur leitt til ófyrirséðra mengunaróhappa sem gætu mengað vatnsból. Þá skapa framkvæmdir og rask vip uppbyggingu og þjónustu við háspennulínur svo nærri vatnsbólum, óhjákvæmilega hættu fyrir öryggi vatnsöflunar.

Sú hætta er raunverulega fyrir hendi ef óvarlega er farið að neysluvatn höfuðborgarsvæðisins spillist. Það er okkar skylda að tryggja að meiri hagsmunum vatnsverndar sé ekki fórnað fyrir minni hagsmuni línulagnar. Vatnið er okkar auðlind, okkar sameign og okkar lífsnauðsyn. Engir hagsmunir geta verið svo mikilvægir að þeir réttlæti minnstu hættu á mengun eða skemmdum á vatnsbólunum okkar. Við undirritaðar munum héreftir sem hingað til vera vakandi fyrir þeim hættum sem að vatnsbólunum steðjar og vernda þau undir öllum kringumstæðum.

# Leiðin úr kreppunni

Sveitarstjórnarkosningar



Stefán Ólafsson
kjósandi í Reykjavík


Að missa vinnuna til lengri tíma er dauðans alvara. Að missa húsnæði ofan af fjölskyldunni er líka dauðans alvara. Að reka grunnskóla, orkuveitu, velferðarþjónustu og samgöngukerfi er alvörumál. Að ráðstafa miklum skattpeningum almennings er mikið ábyrgðar- og alvörumál.

Við Íslendingar súpum nú seyðið af því að hafa látið róttæka frjálshyggjumenn leiða samfélagið í þrot. Frjálshyggjumenn höfðu oftrú á markaði, auðmönnum og bröskurum og leyfðu þeim að ræna samfélagið. Í krafti afskiptaleysisstefnu frjálshyggjunnar stigu stjórnmálamenn til hliðar og gerðust áhorfendur þegar auðmenn sugu fé út úr bönkum og fyrirtækjum og skildu eftir fjallháar skuldir hvert sem litið er. Samfélagið þarf nú að takast á við það.

Þessi skelfilega framvinda sem varð frá um 1998 til 2008 á að vera okkur öllum alvöru lexía. Við þurfum að bregðast við af festu. Efla lýðræðið og stjórnsýsluna, en hemja markaðinn og auðmennina. Stjórnmál þurfa að vera þess megnug að verja hag almennings gegn sérhagsmunum gráðugra braskara. Ríkisstjórnin sem nú situr hefur sett sér að sækja fyrirmyndir til norrænu velferðarríkjanna. Það er gott því þar er að finna farsælustu samfélög jarðarinnar. Ríkisstjórnin er reyndar að ná mikilvægum árangri við endurreisnina, þrátt fyrir óvenju erfiðar aðstæður og mikið mótlæti.

Borgaryfirvöld hafa líka stórt hlutverk í endurreisninni. Þótt stjórnmál frjálshyggjunnar í Sjálfstæðisflokknum hafi brugðist með skelfilegum afleiðingum eigum við ekki að afneita lýðræðinu. Við eigum að bæta það. Stefna því í rétta átt. Saga 20. aldarinnar kennir okkur að jafnaðarmenn hafa haft bestu stefnuna til að vinna bug á djúpum kreppum. Það var reyndin í kreppunni miklu á 4. áratugnum, bæði hjá norrænu þjóðunum og á stjórnartíma Roosevelt forseta í Bandaríkjunum. Svo er enn. Við Reykvíkingar eigum nú að kjósa heiðarlega fulltrúa slíkra sjónarmiða í Samfylkingu, VG eða Framsóknarflokki. Við eigum að forðast frjálshyggjufólk og ábyrgðarlausa grínara sem mæla glottandi með kókaínneyslu. Þetta er alvörumál. Lýðræðið á að efla en ekki gera það hlægilegra en varð á frjálshyggjutímanum. Vettvangur grínaranna er bestur annars staðar.


Skotvopnin í örugga geymslu fyrir sumarfríið



Úrval af stórum og litlum byssuskápum á góðu verði.

15% afsláttur af öllum byssuskápum.



Nikko Stirling fjarlægðarmælir. Við höfum ekki séð betra verð. Kynningartilboð aðeins 23.995.



Buffalo River verðmætahólf Tilboð aðeins 9.995



Nikko Stirling nætursjónauki – Sést vel í svarta myrkri á 60 til 70 metrum. Kynningarverð aðeins 41.995.



Nikko stirling myndavél með hreyfiskynjara. Tekur kyrr- og lifandi myndir. Einnig í myrkri. Tilvalið fyrir skotveiðimenn en einnig sem öryggismyndavél heima eða í sumarbústaðinn. Kynningarverð aðeins 43.995.

SPORTBÚÐIN





VEIÐIHORNIÐ

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050 • Veiðihornið • Síðumúla 8 • 568 8410
veidihornid.is • sportbudin.is

# Eftirlit og valdheimildir ráðuneytis í lóðamálum

Lóðamál

Arney Einarsdóttir
lektor við Háskólann í Reykjavík og byggingarréttarhafi í Úlfarsdal



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið úrskurðaði í málum átta fjölskyldna í lóðarmálum gagnvart Reykjavíkurborg í febrúar, þeim í vil, eftir málþóf af hálfu borgarinnar í meira en eitt og hálft ár. Eftirlitshlutverk, sem og valdheimildir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis gagnvart sveitarstjórnum er mjög vel skilgreint í sveitarstjórnarlögum. Fjölskyldurnar átta töldu því að lyktir væru loks komnar þegar ráðuneytið úrskurðaði í málunum í febrúar. Allir úrskurðir voru á sama veg, þ.e.a.s. að Reykjavíkurborg beri að rétta af hlut lóðarhafa í ljósi ítrekaðra brota hennar á jafnræðisreglu. Einnig var úrskurðað í máli fyrirtækis á sama veg og dómar er varða fyrirtækjalóðir voru felldir í héraðsdómi Reykjavíkur í byrjun maí. Enn og aftur viðkomandi byggingarréttarhöfum í vil. Þarf frekari vitna við?

### Linkind og skortur á eftirfylgni?

Þrátt fyrir úrskurði og dóma byggingarréttarhöfum í vil situr Reykjavíkurborg föst við sinn keip nú rúmum tveimur mánuðum eftir úrskurði ráðuneytisins og heyskist við að rétta af hlut fjölskyldna, sem og fyrirtækja, sem hlut eiga að máli. Borgarstjóri og borgarlögmaður hafa lýst því yfir margsinnis opinberlega í fjölmiðlum, og einnig síðar í bréfaskriftum við viðkomandi byggingarréttarhafa, að ekki sé ætlunin að hlíta úrskurðum. Athygli vekur að Reykjavíkurborg hyggst heldur ekki grípa til neinna ráðstafana til að fá úrskurðunum hnekkt fyrir dómi – borgin virðist telja sig hafna yfir lög og rétt.

Í 102. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 segir: „Ráðuneytið skal hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.“ Einnig kemur þar fram að ef sveitarstjórn vanræki skyldur sínar skuli ráðuneytið veita áminningu. Ef ekki sé orðið við þeirri áskorun innan tiltekins frests er ráðuneytinu jafnframt heimilt að stöðva greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og beita dagsektum. Ef ráðuneytið áformar að beita ekki valdheimildum sínum og fylgja eftir eigin úrskurðum, má spyrja hvort ráðuneytið sé ekki þar með orðið sekt um vanrækslu vegna skorts á eftirfylgni, líkt og rannsóknarskýrsla Alþingis staðfestir að aðrar eftirlitsstofnanir séu sekar um fyrir hrun. Að auki má spyrja hvernig stendur á því að ráðuneyti, sem samkvæmt lögum fer með úrskurðar- og eftirlitsvald gagnvart annarri lægra settri stofnun, beiti sér ekki og fylgi ekki markvisst eftir málum sem þessum, eins og lög í raun kveða á um og heimildir eru fyrir. Hér ber að hafa í huga að um mikla hagsmuni er að ræða fyrir viðkomandi fjölskyldur og varðar lífskjör þeirra í nútíð sem og framtíð.

### Tilgangslaus lög og bitlaust eftirlit?

Þetta mál vekur upp margar spurningar. Spyrja má til dæmis hver tilgangurinn sé með því að setja lög þegar enginn vilji eða geta er til að fylgja þeim markvisst eftir af viðkomandi eftirlitsaðila. Í öðru lagi, af hverju borgarar ættu að fara fram með mál sín og kærur til slíks eftirlitsaðila (ráðuneyti, Fjármálaeftirlit, Neytendastofa o.s.frv.) ef vitað er fyrirfram að viðkomandi aðila (sem á að hlíta úrskurðinum) er það í sjálfsvald sett að ákveða hvort úrskurði sé hlýtt. Þannig eru viðkomandi málsaðilar í raun látnir bíða og þreyja þorrann í algjöru tilgangsleysi meðan á meðhöndlun og málsmeðferð eftirlitsaðilans stendur (í þessu tilviki eitt og hálft ár frá upphafi máls). Þá er deginum ljósara að betra hefði verið að fara strax dómstólaleiðina. Í þriðja lagi má spyrja hvort viðkomandi ráðuneyti vanræki ekki hlutverk sitt og skyldur með því að beita ekki þeim úrræðum og valdheimildum sem það hefur til að þvinga lægra stjórnvald til að breyta rétt og samkvæmt úrskurðum. Í fjórða lagi má spyrja hvort það sé boðlegt gagnvart borgurum, sér í lagi á tímum sem þessum, að eftirlitsaðilar sinni ekki lögbundnu eftirlitshlutverki sínu með því að beita ekki valdheimildum sem lagastoðir eru fyrir. Þá má líka spyrja hvort þessi framkoma, hvoru tveggja af hálfu borgarinnar sem og ráðuneytisins, sé vel til þess fallin að endurvekja traust í samfélaginu í kjölfar hrunsins – eða með öðrum orðum: Er okkur viðreisnar von ef ósanngirni, eftirlitsleysi og í ofan á lag linkind stjórnvalda á kostnað almannahagsmuna borgara er áfram látin viðgangast?

Reykjavíkurborg fær á þessu ári tæpa tvo milljarða úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og um hálfan milljarð vegna hækkunar á tryggingagjaldi. Heimatökin eru því hæg fyrir ráðuneytið að beita lögbundnum valdheimildum og stöðva þær greiðslur ef ekki er orðið við áskorun ráðuneytisins. Undirrituð skorar því á ráðherra sveitarstjórnarmála að beita valdheimildum sínum af fullum þunga í samræmi við sveitarstjórnarlög. Fyrst með áminningu og í kjölfarið stöðvun greiðslna úr Jöfnunarsjóði og dagsektum, ef þurfa þykir, í þágu þeirra sem brotið hefur verið á. Þar með fær ráðherra tækifæri til að leggja lóð sitt á vogarskál endurreisnar og uppbyggingar trausts almennings til stjórnvalda sem og eftirlitsaðila.

## UMRÆÐAN Á VÍSI

### Tryggjum rétt leikskólabarna

„Í komandi kosningum leggur Framsóknarflokkurinn í Reykjavík mikla áherslu á að tryggður verði réttur leikskólabarna til náms og leiks og staðinn verði vörður um þetta fyrsta skólastig sem og grunnskólastigið. Sérkennsla auk stuðnings við börn með fleiri en eitt móðurmál eru þættir sem vega þungt í skólakerfinu og ber að passa upp á að sú þjónusta skerðist ekki.“
**Anna Margrét Ólafsdóttir**

### Ég er bara venjulegur maður

„Við sem skipum efstu sætin á lista VG fyrir komandi kosningar erum venjulegt fólk sem hefur óvenjumikinn áhuga á samfélaginu og stjórnmálum. Við erum ekki spillt. Við erum ekki heilaþvegin af flokksforystunni – við mótum þvert á móti stefnu VG með þrotlausu starfi og endalausum fundum. Við bjóðum okkur ekki fram vegna fríðinda eða launa – við bjóðum okkur fram vegna þess að við trúum því að íslenskt samfélag þurfi að byggja á félagshyggju, umhverfisvernd og femínisma.“
**Davíð Stefánsson**

### Tækifærið er núna

„Við yfirfærslu málefna fatlaðra skapast tækifæri til þess að endurskoða allt kerfið í heild sinni með samþættingu við félagsþjónustukerfi sveitarfélaganna. Ég hvet því verðandi sveitarstjórnarmenn að kynna sér vel þessi málefni og veita þeim brautargengi á næsta ári. Þannig er stigið stórt skref að því að tryggja fötluðu fólki það líf sem flestir telja sjálfsagt og á að vera tryggt okkur öllum samkvæmt mannréttindasáttmálum og lögum.“
**Kristbjörg Þórisdóttir**

### Nýr samgöngumáti

„Við vissar kringumstæður getur traustur vettvangur fyrir samnýtingu ökutækja skapað aukið öryggi, t.d. við náttúruhamfarir, í ófærð og óveðrum o.s.frv. Hefjast þarf handa sem fyrst við kynningu og hvatningu til að nýta þennan samgöngumáta og má fullyrða að ef vel tekst til megi spara verðmæti, minnka þörf fyrir landrými, bæta umhverfið og aðgengi að samgöngum, auka hreyfanleika í samfélaginu og gera það skemmtilegra og fjölbreyttara.“
**Jónas Guðmundsson**

Sjá nánar á visir.is






# Órar um Evrópu og evru

Evrópumál

Gauti Kristmannsson
dósent við Háskóla Íslands



Fróðlegt hefur verið að fylgjast með umræðu um Evrópusambandið hér á landi eftir hrunið. Eins og alltaf í þjóðernislegri umræðu hafa rökhugsun og skynsemi orðið að láta undan gífuryrðum og ósannindum. Helsta aðferð andstæðinga hefur verið að benda á hræðileg dæmi um ófarir Evrópubúa í hruninu, eins og ekkert hafi gerst hér á landi. Tekur þó steininn úr þegar leiðari Morgunblaðsins talar um evruna í öndunarvél vegna þess að hún hefur lækkað um að giska 20% miðað við Bandaríkjadal. Vitaskuld hefur ritstjóri Morgunblaðsins ágæta reynslu af hrynjandi gjaldmiðli hafandi haldið um stjórnartauma Seðlabanka Íslands, en undir hans stjórn féll krónan yfir 100% gagnvart evru.

Allur samanburður við Evrópu hefur verið á þessum nótum. Fyrir hrun var mikið talað um atvinnuleysi í Evrópu eins og það væri evrunni að kenna, og að hátt atvinnustig á Íslandi væri krónunni að þakka en ekki innspýtingu erlends lánsfjár. En atvinnuleysi hafði verið viðvarandi í Evrópu um áratugi, alveg frá olíukreppu og ekki síst eftir fall Berlínarmúrsins. Síðan hrundi krónan og það varð „evrópskt“ atvinnuleysi hér þrátt fyrir hana. Reyndar töpuðust hlutfallslega miklu fleiri störf hér en það kemur ekki fram í atvinnuleysistölum vegna þess að fjöldi útlendinga flutti af landi brott. Og nú halda menn því fram að krónan sé að „bjarga“ Íslendingum þegar hún hefur í raun aðeins lækkað laun okkar flestra umtalsvert og þeir sem hagnast eru fyrirtæki í útflutningi, sægreifar og álfyrirtæki.

Samanburðurinn við Írland hefur þó verið skondnastur hingað til. Íslenskir stjórnmálamenn tala um Írland eins og það sé í andarslitrunum. Atvinnuleysi þar er vissulega hærra en hér í prósentum talið, en það var það líka áður.

Fjölgun atvinnulausra hér og á Írlandi er alls ekki ósvipuð og sennilega hefur atvinnuleysi aukist hlutfallslega meira hér. Munurinn er samt sá að írskur almenningur hefur sloppið miklu betur en íslenskur. Þetta má sjá í verðbólgu sem er innan við fjórðungur af því sem hér er. Vegna aðildar að ESB var vöruverð lægra fyrir á Írlandi en á Íslandi og það hækkar heldur ekki nándar nærri eins hratt og hér.

Vextir á Írlandi voru og eru miklu lægri en hér. Þetta kemur atvinnulífinu þar líka til góða, atvinnulífinu öllu, ekki einungis sumum greinum. En mest áhrif hefur það á skuldir vegna húsnæðislána. Hugsum okkur tvo Íslendinga og einn Íra sem tóku jafn hátt húsnæðislán t.d. árið 2005, jafngildi 18 milljóna króna til 25 ára. Fyrri Íslendingurinn tók myntkörfulán og hefur nú skuld hans u.þ.b. tvöfaldast þrátt fyrir að hafa greitt af því í fimm ár. Síðari Íslendingurinn tók verðtryggt lán sem stendur u.þ.b. í 23 milljónum eftir fimm ár. Lán Írans hefur hins vegar lækkað um minnst tvær til þrjár milljónir eftir greiðslur á vöxtum og afborgunum í fimm ár. Það sem meira er mánaðarlegar greiðslur hans fara lækkandi, en greiðslur Íslendinganna ekki.

Er ekki kominn tími til að velta fyrir sér hagsmunum þjóðarinnar með rökum fremur en órum manna sem hafa sjálfir forklúðrað þeim með öllu?

# Vatnsmýrarauðæfin nýtast strax

Sveitastjórnakosningar

Baldin Jónsson
oddviti Reykjavíkurframboðsins



Kreppa og erfiðleikar eru ekki lögmál til framtíðar. Reykjavíkurframboðið mun nýta tækifærin og snúa vörn í sókn. Hvort vilt þú? Frekari álögur eða að nýta eignir borgarinnar og skapa atvinnu og ný tækifæri?

Í stefnu Reykjavíkurframboðsins XE sameinast það besta frá öllum hinum framboðunum en án gallanna í þeirra stefnuskrám. Við munum hvorki hækka skatta né gjöld eins og D-listinn o.fl. lofa. Við munum bæta velferðarkerfið eða halda því óbreyttu eins og sum hinna framboðanna lofa. Við munum auka framkvæmdir eins og S-listinn lofar en án þess galla að þær byggist á lánum, sem greiðast með skattahækkunum seinna.

Við erum algerlega andsnúin fjórflokknum eins og Besti flokkurinn en ólíkt honum bjóðum við upp á pottþéttar lausnir á kreppunni í Reykjavík og munum fjármagna þær með sölu byggingarlóða í Vatnsmýri fyrir a.m.k. 70 milljarða króna árið 2013 og brúum bilið þangað til með láni.

**Reykjavíkurframboðið vill:**

- Að af þessum 70 milljörðum króna verði allt að 7 milljarðar kr. notaðir árlega í 3-4 ár til að eyða kreppuáhrifum á borgarbúa svo hvorki þurfi að hækka útsvar og þjónustugjöld né að draga úr þjónustu við borgarbúa eða minnka nýframkvæmdir og viðhald á vegum borgarinnar.
- Að setja aukið fé í að styðja fátæka, t.d. með beinum hætti, með aukinni menntun og starfsþjálfun.
- Að koma atvinnumálum í borginni á fulla ferð með fjárstuðningi við nýsköpun og viðhald.
Við viljum að þjónustan, sem horfin er úr hverfum borgarinnar komi aftur inn svo sem lögreglustöðin.
- Að umferðaröryggi í íbúðarhverfum borgarinnar verði stóraukið m.a. með fjölgun 30 km. gatna og með tilheyrandi fjölgun hraðahindrana.
- Að stuðla að því með íbúum og íbúasamtökum í hverfum borgarinnar að komið verði á fót þriðja stjórnsýslustiginu úti í hverfunum í líki hverfaráða. Þau fái stóraukið fjármagn og víðtækara verksvið, sem lúta að hverfinu sjálfu.
- Að bæta þjónustu Strætó í borginni og einnig ýmsa aðra þjónustu.
- Að falla frá niðurskurði núverandi meirihluta til nýframkvæmda t.d. til íþróttahúss ÍR í S-Mjódd og til skóla og leikskóla í hinum ýmsu hverfum borgarinnar.
- Að Reykjavíkurborg nýti hluta auðæfanna í Vatnsmýri til að verja Orkuveitu Reykjavíkur, ef með þarf.

Reykjavíkurframboðið mun beita sér af hörku fyrir réttlátari skiptingu vegafjár. Að fengnu auknu vegafé munum við m.a. leggja áherslu á Vesturlandsveg á Kjalarnesi, mislæg gatnamót við Reykjanesbraut og Bústaðaveg, 1. áfanga að Miklubraut í stokk og ýmsar göngubrýr svo sem yfir Breiðholtsbraut austan Select og yfir Hringbraut á 2 stöðum.

# FRÁBÆRT VERÐ




Gildir til 30. maí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**Undirkjóll**
st. S-XL
vnr. 793018
**4.499kr**

**Undirfatasett**
st. 75A-80C
vnr. 793017
**3.999kr**

**Bolur saum**
st. M-L
vnr. 776103
**1.999kr**

**Brjósthaldari Micro**
st. 32B-38D
vnr. 793954
**2.499kr**

**Aðhaldskjóll**
st. S-XL
vnr. 790081
**3.999kr**

**Nærbuxur**
st. S-XL
vnr. 797837
**999kr**

# SUNDFÖT Í ÚRVALI



**Nærbuxur Micro**
vnr. 793956
**1.499kr**

**Bikini C og D skálar**
st. 38C-44D
vnr. 790725
**3.999kr**

**Bikini**
st. 10-16
vnr. 790647
**4.999kr**

**Sundbolur**
st. 42-50
vnr. 790739
**6.999kr**

**Bikini**
st. 34-40
vnr. 790638
**3.999kr**

Allt vöruúrvalið fæst í Kringlu og Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum Hagkaups.



**Aðhaldsbolur lurex**
st. S-XL
vnr. 781669
**2.999kr**



**Aðhaldskjóll án hlýra**
st. M-XL
vnr. 797846
**2.999kr**



**Undirfatasett**
st. 32B-40DD
vnr. 798156
**1.999kr**



**Aðhaldsbolur með spöng**
st. M-XL
vnr. 780938
**2.999kr**


24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 30. maí á meðan birgðir endast.



**LEIKJADAGUR** IGI og Háskólans í Reykjavík verður haldinn á laugardaginn. Sagt verður frá nýju námi í leikjaþróun hjá HR, afhent verðlaun fyrir afrek á sviði leikjaþróunar og fyrirlestrar haldnir um leikjaiðnaðinn á Íslandi. Dagskráin fer fram í húsnæði HR við Nauthólsvík frá 14 til 17.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

# Nýr A la Carte



Elmar Kristjánsson, yfirmatreiðslumaður Perlunnar

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

Við mælum með Macon Chanes Domaine de Lalande með þessum rétti.

4ra rétta tilboðsseðill
Verð aðeins 7.290 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot


512 54 01 Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...



Sigrún Jónsdóttir með girnilega kjúklingaréttinn sem hún prófaði sig áfram með í vikunni með grilluðum ananas og kaldri ídýfu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kjúklingaleggir með kanil fyrir Eurovision

**Sigrún Jónsdóttir fer síður eftir uppskriftabókum og finnst mest gaman að spila af fingrum fram í eldhúsinu. Hún gerði tilraunir með kjúkling til að narta í yfir Eurovision og er ánægð með útkomuna.**

„Ég geri mikið af tilraunum í eldhúsinu og ef ég hitti á eitthvað gott þá tek ég svona nett æði fyrir því í smá tíma. Hins vegar ef ég læt of langan tíma líða og geri réttinn ekki í einhvern tíma er hætt við að hugmyndin falli í gleymskunnar dá,“ segir Sigrún Jónsdóttir, matgæðingur með meiru.

„Ég er mikið fyrir sterkan mat, indverskan og taílenskan, vil þá helst hafa matreiðsluna einfalda, og nenni alls ekki að hafa til eitthvað sem ég þarf að eyða heilum degi í að undirbúa. Kannski er það vegna þess að mér finnst leiðinlegt að fara eftir uppskriftum. Þá er ég líka lítið fyrir óeldaðan mat og finnst sushi til dæmis stórlega ofmetið, ég skil engan veginn hvaða ánægja á að vera fólgin í því að borða hráan fisk!“

Rétturinn sem Sigrún ætlar að laga fyrir Eurovision eru kjúklingaleggir, bornir fram með grilluðum ananas og kaldri ídýfu. „Ég er bara nokkuð ánægð með þennan rétt og kanillinn gefur honum þetta Je ne Sais Quoi “

*juliam@frettabladid.is*

## KJÚKLINGALEGGIR A LA JÚRÓ

Fyrir 2

8 kjúklingaleggir
1-2 dl sojasósa
1-3 þurrkaðir chillibelgir, muldir (því fleiri, því sterkari réttur)
1-2 tsk. kanill
1 bolli ferskt kóríander
2-3 sneiðar ananas

*Hristið sojasósuna, kanilinn og mulinn chilli saman í lokaðri krukku. Hellið blöndunni í skál, setjið leggina út í og látið þá liggja í maríneringunni í 1-2 klukkustundir. Grillið leggina þar til þeir eru steiktir í gegn og fallega brúnir – um það bil 20 mínútur. Gott er að strá fersku kóríander yfir og snæða með grilluðum ananas. Ekki er verra að borða leggina kalda.*



**Ídýfa**

1 dós sýrður rjómi
1-2 hvítlauksrif
1-2 tsk. karrí
1-2 tsk. fljótandi hunang

*Hellið öllu hráefninu í skál og hrærið vel saman.*




Tilboð fyrir 2 og fleiri

Tilboð 1
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.
1595 krónur á mann 3190 kr. fyrir tvo

Tilboð 2
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Svínakjöt og grænmeti með plómusósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Kjúklingastrimlar og grænmeti í kókos karrýsósu.
1695 krónur á mann 3390 kr. fyrir tvo

TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI

NINGS

Suðurl.br. 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

Fyrirlestur laugardaginn 29. maí kl. 11.00 – 13.00

Hvað ber framtíðin í skauti sér?



Gunnlaugur Guðmundsson stjörnufræðingur

Gunnlaugur Guðmundsson stjörnuspekingur verður með fyrirlestur á Krúsku, laugardaginn 29. maí frá kl. 13:00– 15:00

Fyrirlesturinn ber nafnið „Hvernig breytum við hugsun og nýtum gömlu gildin í uppbyggingu samfélagsins?"

Láttu ekki þessa fræðslu fram hjá þér fara og skráðu þig í síma 557 5880 eða á netfang kruska@kruska.is. Verð kr. 1.500 og eru léttar veitingar innifaldar. Næring fyrir sál og líkama.

KRÚSKA
VEITINGASTAÐUR - VERSLUN - TAKEAWAY
Suðurlandsbraut 12 - Sími 557 5880 - www.kruska.is
Opið alla virka daga frá 11:00 til 20:00

# Lífið að gleðjast saman

**Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva er með vinsælustu sjónvarpskvöldum yngstu kynslóðanna og fjölskyldupartís beðið með óþreyju af börnum lands. Þá er gaman að gleðja maga þeirra sérstaklega.**

„Á Eurovision-kvöldi tilheyrir að koma saman og hafa eitthvað gómsætt til að maula með og þá skemmtilegt að hafa eitthvað fyrir alla og útbúa óvænta rétti til tilbreytingar ef maður hefur tíma í stað þess að hella bara sælgæti og snakki í skál," segir Rósa Guðbjartsdóttir, rithöfundur og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, en hún er kunn fyrir freistandi uppskriftir að spennandi réttum.

„Ég byrjaði að gera poppkökurnar fyrir fyrsta barnaafmæli minna fjögurra barna fyrir fimmtán árum og þær eru alltaf jafn vinsælar. Meira að segja sá fimmtán ára er enn jafn hrifinn og sama á við um alla aldurshópa barna. Mín reynsla er svo sú að bæði börn og unglingar hrífast af mexíkóskum mat, en ferskt og kryddað bragðið fellur jafnt ungum sem hinum eldri í geð og er sniðugt ef maður vill gera öllum til geðs," segir Rósa um réttina tvo sem hún gefur uppskrift að og mælir með fyrir sjónvarpsveisluna miklu annað kvöld.

„Poppið er fallegt sælgæti sem kemur á óvart. Það er fjör í því og skemmtilegar andstæður í söltu og sætu bragði saman. Um leið og það er komið í múffuform verður það enn meira freistandi en venjulegt popp í skál," segir Rósa sem leggst alfarið gegn sérfæði barna á venjulegum matmálstímum fjölskyldna, en nýtur þess að úthugsa og útbúa mat fyrir börn þegar veislan er þeirra.

„Börn eru skemmtilegustu gestirnir og fátt ánægjulegra en að útbúa krakkaboð því þau eru svo þakklát og ánægð með það sem fyrir þau er gert."

Rósa segir Eurovision-kvöld hefðbundin hjá sinni fjölskyldu sem skiptist á að hittast í húsum vina og deila með sér góðgæti á borðin.

„Þetta er eitt af mínum uppáhaldskvöldum. Ég hef yndi af öllu tilstandi þar sem fólk kemur saman, hvort sem það er yfir Eurovision eða íþróttakappleikjum því ég er mikil stemningsmanneskja og lifi mig inn í það alla leið. Að gera sér glaðan dag í góðra vina hópi er dásamlegt; það er bara lífið."

thordis@frettabladid.is



Rósa Guðbjartsdóttir er landsþekktur matgæðingur og margir sem njóta í faðmi fjölskyldunnar uppskrifta hennar úr matreiðslubókinni Eldað af lífi og sál, en þar er einnig mexíkóskt lasagna sem hún hefur fengið feikilegt lof fyrir og fellur öllum aldri í geð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## MEXÍKÓSK SNITTUBRAUÐ

*Börn og unglingar eru yfirleitt mjög hrifin af mexíkóskum mat eða réttum og því tilvalið að útbúa mexíkósk snittubrauð sem eru ljúffeng og jafn góð nýkomin úr ofninum og þótt þau hafi kólnað. Þau eru falleg á partíborðið og gott að narta í þau yfir sjónvarpinu.*

snittubrauð
ólífuolía (má sleppa)
rjómaostur, hreinn
salsa- eða tacosósa
ostur, rifinn
nachosflögur

*Sneiðið snittubrauðið, penslið með örlítilli ólífuolíu, raðið brauðsneiðunum á ofnplötu og ristið í ofni við 200 gráður í um 6-7 mínútur eða þar til brauðið verður gullinbrúnt. Kælið og smyrjið með rjómaosti. Setjið síðan salsa- eða tacosósu þar ofan á og stráið rifnum ostinum yfir. Myljið síðan nokkrar nachosflögur og sáldrið yfir brauðsneiðarnar.*



*Bakið við 200 gráður í um 5-6 mínútur þangað til osturinn hefur bráðnað. Hversu bragðsterkur rétturinn er fer eftir því hvort notuð er mild eða miðlungssterk salsa- eða tacosósa, svo ekki sé talað um þá bragðmestu. Einnig er gott að strá örlitlu paprikudufti yfir brauðið ef vill. Það er heldur ekki nauðsynlegt að rista brauðið fyrst en þá þarf að baka það í um 10 mínútur svo það verði stökkt.*



Hver stenst freistandi poppkornskökur meðan beðið er eftir Heru á sviðið?

## POPPKORNSKÖKUR

*Poppkorn er jafnan vinsælt meðal barna og komið í litskrúðugan búning er það sérlega freistandi.*

8 dl poppkorn (poppað)
4 msk. síróp
50 g smjörlíki
4 msk. flórsykur
1-2 dl litríkt sælgæti, til dæmis M&M

*Bræðið síróp, smjörlíki og flórsykur saman í potti við vægan hita. Setjið poppkornið í skál og hellið blöndunni yfir og hrærið vel saman við poppið. Blandið sælgætinu loks saman við og skiptið öllu í 12 múffuform. Kælið í a.m.k. 1-2 klukkustundir.*

SUSHI OG SÓL !

60 BITA
VEISLUBAKKI VERÐ
KR. 8900,-



THE SUSHI TRAIN

OSUSHI -THE TRAIN
Lækjargötu 2a og Borgartúni 29 sími 561 0562 / www.osushi.is

ALLT Á FERÐINNI

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Pizza toppur

ÞEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta HÚSIÐ
STOFNAÐ 1992

www.ostahusid.is

Rífandi góður á:
Pastaréttinn
Ofnréttinn
Pizzuna

Tvær pakkningar í einni: 2x90g





Blóm og skraut-sveigar um háls. Megastore, 298 krónur.



Eurovision-keppn-in er hátíð dívanna. Uppháir hanskar og glimm-erskreytt gríma ætti því að vera staðalbúnaður kvöldsins. Tiger. Hanskar, 800 krónur. Gríma, 1000 krónur.




Sjálflýsandi armbönd og hálsfestar hressa upp á alvöru Eurovision-partí svo um munar. Megastore, 298 krónur.

# Spennandi veisluhöld

**Tvenns konar kosningaspenna verður í gangi annað kvöld og hvort sem fiðrildin í maganum verða vegna úrslita sveitarstjórnarkosninganna eða úrslitanna í söngvakeppni evrpópskra sjónvarpsstöðva er ástæða til veisluhalda. Góð veisla verður betri vel skreytt og þótt uppblásnar blöðrur standi alltaf fyrir sínu má víða í verslunum finna skemmtilegt dótarí fyrir gleðina.**



Íslenski fáninn verður að vera með hvort sem veisluhöldin eru vegna söngvakeppninnar eða sveitarstjórnarkosning-anna. Partýbúðin, Faxa-feni 11, 190 krónur.



Með rauðar stjörnur í augum hvort sem það er yfir stjórnmálunum eða kjólnum hennar Heru. Partýbúðin, 990 krónur.



Bleikur blikkandi míkrófónn til að taka undir með Heru. Partýbúðin, 690 krónur.



Veigar kvöldsins væri gaman að bera fram í lituðum glösum á fæti eftir því hvaða framboð er með forystuna. Glösin fást í Megastore í Smáralind á 298 krónur.









**VORHÁTÍÐ LANGHOLTSKIRKJU** hefst sunnudaginn 30. maí klukkan 12.15. Þar verður meðal annars útimarkaður þar sem hægt verður að versla allt frá bókum til húsgagna. Þóra Einarsdóttir óperusöngkona syngur og skátafélagið Skjöldungar kynnir starfsemi sína.











Einar skellir góðmeti á grillið og tekur helgina með trompi eins og honum einum er lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Evróbomba í ýmsu formi

**Þegar Hera Björk stígur á svið annað kvöld verður Einar Bárðarson, útvarpsstjóri Kanans, búinn að trylla gesti Smáralindar með tónum og byrjaður að gæða sér, fjölskyldu og vinum, á kræsingum af eigin borði.**

„Ég náttúrulega byrjaði að fagna á þriðjudagskvöldið þegar okkar fólk í Ósló sýndi sig og sannaði á sviðinu. Maður er svona smá Evrovision-hálfviti enda með einstaka reynslu af keppninni. Svo er þjóðin þannig stemmd núna og veitir ekki af að dreifa athyglinni frá efnahagsástandinu,“ hefur Einar Bárðar sem formála þegar hann er inntur eftir fyrirætlunum morgundagsins. Hann kveðst verða í Smáralind milli eitt og fjögur að skemmta gestum og gangandi. „Þetta verður eitt risastórt Eurovision-partí sem mikið púður er í. Þar verða Jogvan og Jóhanna Guðrún, Haffi Haff og Ingó. Svo munu Sigga Beinteins og Sigrún Eva taka Nei eða já. Það er langt síðan það hefur heyrst í lifandi flutningi,“ fullyrðir hann hinn brattasti.

Annað kvöld ætlar Einar hins vegar að vera á heimavelli. „Þá munum við í fjölskyldunni fagna og vera með góða vini í heimsókn. Þar verður gerð veruleg Eurovisionbomba bæði í föstu formi og fljótandi, hugleg, andleg og líkamleg.“

Yfirlýsingarnar vekja forvitni. Hvað ætlar maðurinn að bjóða upp á? „Við grillum örugglega og það verður samtíningur á borðum sem kemur úr ýmsum áttum. Ég hugsa að ég verði með kálfalundir með bernaise. Er að komast upp á lagið með að steikja þær og gera að herramannsmat. Maður verður að ná svona medium steikingu á þær. Ég er með þær lengi á lágum hita og þá kemur alveg svakalega skemmtilegt kjöt og dúnmjúkt undir tönn. Það er eins og það bráðni uppi í manni.“

Aðspurður segir Einar talsvert mál að nálgast kálfakjötið. „Það verður æ erfiðara,“ viðurkennir hann. „Ég þarf eiginlega að nota sérstök sambönd til að komast yfir það. En ef maður heldur að eitthvert lífsmark sé með kjötinu þá er því bara drekkt í bernaisesósu þannig að það er ekki nokkur leið að finna neitt athugavert. Nú, ef maður nær ekki að setja nógu mikið af bernaise ofan í sig af diskinum þá hefur maður hana í glasi við hliðina.“ *gun@frettabladid.is*









Í 72,58 prósentum tilvika var ferðamáti þátttakenda á hjóli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hjólafólk verðlaunað

**Verðlaunaafhending og lokahátíð heilsu- og hvatningarátaksins Hjólað í vinnuna fer fram klukkan 12 í dag.**

Öllum liðsstjórum átaksins er boðið að koma til lokahátíðarinnar með tveimur til þremur þátttakendum. Hátíðin verður haldin í veitingatjaldi Húsdýragarðsins.

Hvatningarátakið Hjólað í vinnuna stóð frá 5. maí til 25. maí og voru úrslit birt í gær en mjög góð þátttaka var í átakinu í ár. Jókst þátttakan um 17,5 prósent á milli ára og voru 9.451 liðsmaður skráður til leiks samanborið við 8.041 mann í fyrra.

Vinningslið eru sérstaklega hvött til þess að mæta og taka á móti verðlaunum. Verðlaun verða veitt fyrir þrjú efstu sætin í keppnisflokkum vinnustaðanna og fyrir flesta keppnisdaga og kílómetra. Upplýsingar um vinningsliðin má finna á síðunni www.hjoladivinnuna.is



# föst[…]agur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSIN[…] 28. maí 2010

# HEIM KORTER FYRIR KREPPU

Söngkonan Þórunn Antonía sneri sér óvænt að leiklist þegar hún kom aftur heim til Íslands, eftir margra ára búsetu í London.

+ MANÍA FLYTUR + ÍGLÓ OG KOW SAMAN Í SUMAR
SARA RIEL VERÐLAUNUÐ + ANDLEG OG LÍKAMLEG HEILSA





Acer Aspire One 532H-2DB
- 1.6 GHz Intel Atom N450 örgjörvi
- 1GB DDR2 vinnsluminni
- 250GB harðdiskur
- 10,1" TFT WSVGA breiðskjár
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Þráðlaust netkort
- 3x USB2.0
- Rafhlöðuending 8 tímar
- Windows 7 Starter



FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ
Kr. 67.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ listin í borginni

helgin MÍN



## ALDÍS PÁLSDÓTTIR LJÓSMYNDARI

Ég ætla að eyða helginni úti á landi með myndavélina mína. Byrja föstudaginn á því að mynda uppi á Skaga fyrir bók sem ég er að myndskreyta og fer svo upp í Tungu með tvær óléttar á laugardaginn. Kannski tek ég á móti einu lambi þar áður en ég bruna í bæinn aftur í útskriftarveislu. Jafnvel tek ég fjölskylduna með mér í þessi útálandi-verkefni svo við getum öll notið sveitasælunnar.

### Leikkonur á Lindargötu

Elma Lísa Gunnarsdóttir er haldin kaupgleði þegar kemur að fallegum flíkum. Því er heppilegt fyrir aðrar konur hversu oft hún tekur til í geymslunni hjá sér og selur spjarirnar sínar á markaði. Einn slíkur verður haldinn á Lindargötu 6 á morgun á milli klukkan 11 og 18. Með Elmu Lísu verður leikkonan Nanna Kristín Magnúsdóttir sem einnig er smekkkona mikil. Tilvalið er að heimsækja vinkonurnar á morgun, þiggja hjá þeim kaffibolla og plata þær til að dressa sig upp fyrir Eurovision-kosningapartíið.



### Með F.T. á línunni

þetta HELST

Umboðsmaður Heru Eurovision-drottningar, Valgeir Magnússon, fékk óvenjulegt símtal til Óslóar í gærdag. Símtalið var frá blaðamanni Financial Times sem vildi vita hvernig áhrif það myndi hafa á sálarlíf landa hans að halda keppnina hér að ári. Valgeir sagði blaðamanninum að það myndi auka hamingju Íslendinga til muna að halda hér keppnina. „Ég sagði honum að við værum þannig fólk að ef rútan festist í drullu færum við öll saman út að ýta. Við myndum finna út úr þessu saman,“ sagði Valgeir í samtali við Fréttablaðið í gær.



Myndlistarkonan Sara Riel hlaut Guðmunduverðlaunin í ár fyrir framlag sitt á sviði myndlistar:

# STYRKURINN LÉTTIR Á ÞRÁHYGGJUNNI

Að sjálfsögðu er ég hamingjusöm. Fjárhagslegi stuðningurinn hjálpar mér að stunda það heilshugar sem ég hef verið á kafi í frá því ég var í bleiu – að gera myndlist. Hann gerir mér líka kleift að koma í gegn ákveðnu verkefni sem ég er farin að hafa þráhyggju fyrir. Svo finnst mér það mikill heiður að vera talin á meðal þeirra bestu og sett í hóp þessara miklu kvenna sem hafa fengið verðlaunin á undan mér,“ segir myndlistarkonan Sara Riel, sem fékk á miðvikudaginn afhent verðlaunafé og viðurkenningu úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur fyrir framlag sitt á sviði myndlistar.

Sjóðinn stofnaði Erró til minningar um frænku sína, Guðmundu S. Kristinsdóttur frá Miðengi. Er honum ætlað að efla og styrkja listsköpun kvenna. Þetta er í ellefta sinn sem styrkur er veittur úr sjóðnum en framlagið rennur til listakonu sem þykir skara fram úr. Á meðal þeirra kvenna sem áður hafa hlotið viðurkenningu úr sjóðnum eru Ólöf Nordal, Finna Birna Steinsson, Katrín Sigurðardóttir, Gabríela Friðriksdóttir og Hekla Dögg Jónsdóttir.

Í sumar má búast við að sjá Söru einhvers staðar uppi í stiga með pensla og málningarfötu, en hún er þekkt fyrir draumkennd verk sín á húsveggi í miðbæ Reykjavíkur sem eru í miklu uppáhaldi margra vegfarenda, stórra sem smárra. Sara verður öll dularfull þegar reynt er að forvitnast um verkefnið sem hún er farin að fyllast svo djúpri þráhyggju yfir. „Þetta er dálítið leyndarmál enn þá. En við skulum segja að verkið muni spretta upp einhvers staðar í Reykjavík. Þannig gef ég þessa peninga beint aftur til borgarbúa,“ segir Sara, en verður svo þögul sem gröfin og segir ekki orð um það meir. *- hhs*




**Mikill heiður** Sara Riel tekur við Guðmunduverðlaununum úr hendi Hafþórs Yngvasonar, safnstjóra Listasafns Reykjavíkur.


FULLT AF NÝJUM VÖRUM



Kjólar frá 7.990 kr.

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJA SENDINGU AF SKOKKUM OG KVARTBUXUM STÆRÐIR 40-54

Allir sem versla fyrir 8.000 kr. eða meira fá hálsklút í kaupbæti.

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16

FJÖRÐUR
www.fjordur.is


Barnafötin frá Ígló verða til sölu hjá Kow í sumar:

# Pífur, slaufur og litir

Ísumar verður hægt að slá tvær flugur í tískuvöruversluninni Kow og kaupa falleg föt á sjálfa sig og börnin sín í leiðinni, en barnafatalínan Ígló verður með aðsetur í versluninni Kow í sumar. „Ígló passar vel við það sem ég er að gera. Þær nota pífur, slaufur og liti, eins og ég hrífst af sjálf,“ segir Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir, sem rekur verslunina Kow á Laugavegi 51. Sjálf einbeitir Kolbrún sér alfarið að kvenfatnaði og ætlar sér ekki að hella sér út í barnafötin. „En ég hef rosalega oft fengið þá fyrirspurn hvort ég ætli ekki að fara að gera barnaföt líka. Þetta er fín leið til að bregðast við því líka.“

Í gærkvöld var haldin vegleg veisla í verslun Kow, þar sem Ígló og sumarið voru boðin velkomin í verslunina.



✻ augnablikið



**TÆKNIVÆDD** Leikkonan og súperpæjan Kate Hudson leit út fyrir að vera í eigin heimi þar sem hún gekk um götur New York með andlitið ofan í iPad.


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Basthúsgögn
glæsilegt úrval
6.490,-
6.490,-
29.900,-
19.900,-
Ný sending
af litríkum
sumarvörum
geitungagildra
390,-
40%
áður 24.900,-
nú 14.940,-
geitungagildra
990,-
tvær luktir saman
1.390,-
60% Vínhilla há
áður 29.900,-
nú 11.960,-
1.590,-
diskamotta
590,-
6.890,-
590,-
1.190,-
2290,-
1.190,-
3.990,-
890,-
verð frá
590,-
990,-
1.890,-
the
PIER
kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
FOR YOUR HOME
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# KOM HEIM KORTER FYRIR KREPPU

**Söngkonan *Þórunn Antonía Magnúsdóttir* flutti nýverið heim eftir margra ára búsetu í London. Hún segist ánægð með lífið fjarri skarkala stórborgarinnar og hefur óvænt snúið sér að leiklist og fer með hlutverk í gamanþáttunum Steindinn okkar.**

*Viðtal:* **Sara McMahonr**
*Ljósmyndir:* **Valgarður Gíslason**

Þórunn Antonía byrjaði ung að syngja og segist hún hafa alist upp við tónlistföður síns, tónlistarmannsins Magnúsar Sigmundssonar, og hefur hún því tónlistarhæfileikana ekki langt að sækja. „Ég er eitthvað söngmenntuð en að mestu bara sjálflærð í tónlistinni. Söngáhuginn kviknaði mjög snemma og ég eyddi miklum tíma í hljóðverinu með pabba mínum þegar ég var yngri,“ útskýrir Þórunn Antonía. Hún gaf út sína fyrstu sólóplötu aðeins átján ára gömul en flutti því næst til Bretlands og stofnaði hljómveitina The Honeymoon. Hún var einnig meðlimur bresku hljómsveitarinnar Fields auk þess sem hún hefur sungið með hljómsveitunum The NewNo2, Junior Senior, James Dean Bradfield úr hljómveitinni Manic Street Preachers og bandaríska tónlistarmanninum Beck. Þórunn Antonía segist duglega að sinna tónlistinni og hefur meðal annars samið sína aðra sólóplötu sem bíður þess eins að vera tekin upp. „Ég er mjög lítið að drífa mig með þetta. Mér finnst að allt eigi að gerast á sínum tíma. Ætli ég sé ekki bara enn að leita eftir rétta fólkinu til að gera plötuna með. Með aldrinum virðist ég líka hafa þróað með mér svolitla fullkomnunaráráttu og vil því gera þetta allt mjög vel.“

Þórunn segist einnig finna fyrir nýtilkominni feimni og þess vegna á hún erfitt með að standa ein uppi á sviði. „Þetta er mjög skrítið. Þegar fyrsta sólóplatan mín kom út var ég átján ára, einlæg og óhrædd. Nú finnst mér tilhugsunin um að vera ein á sviðinu ógnvekjandi. Það hefur kannski eitthvað með það að gera að mér finnst ég ekki nógu góð að spila á gítar eða hljómborð til að geta bæði sungið og spilað. Ég er það sem fólk kallar mellufær á hljóðfæri. Það er mikill styrkur að hafa heila hljómsveit á bak við sig, það er engin spurning.“

### FJÖR MEÐ STEINDA

Þórunn Antonía flutti heim til Íslands árið 2008 og ætlaði upphaflega aðeins að dvelja hér í nokkra mánuði. Hún er þó ekki farin enn og segir gott fyrir sálina að dvelja hér heima eftir langa búsetu í stórborg sem London. „Ég kom heim korter í kreppu. Ég gat ekki valið betri tíma,“ segir hún og hlær. „Það er samt æðislegt að koma heim og eyða tíma með vinum og fjölskyldu og skjóta aðeins rótum eftir árin í London.“

Þórunn Antonía hefur undanfarið birst landsmönnum í hinum ýmsu gervum í gamanþættinum Steindinn okkar sem slegið hefur í gegn á Stöð 2. Aðspurð segir hún þetta ekki frumraun sína á sviði leiklistarinnar því hún hefur áður ljáð ýmsum teiknimyndapersónum rödd sína auk þess sem hún hafa komið fram á leiksviði og farið með hlutverk í stuttmyndum.

„Kærasti minn, Ágúst Bent, semur þættina ásamt Steinda og ég var plötuð til að leika þau kvenhlutverk sem höfðu verið skrifuð inn í þættina. Þættirnir eru líka starfræktir af heimili okkar, efnið er samið inni í stofu og klippt inni í svefnherbergi þannig að þetta er svolítið fjölskylduvænt verkefni,“ segir hún.

Í þáttunum bregður Þórunn Antonía sér meðal annars í hlutverk „gothara“, íklædd svörtum leðurfrakka og með hvíta andlitsmálingu. Innt eftir því hvaða hlutverk henni finnist skemmtilegast að leika segir hún erfitt að velja á milli. „Mér finnst mjög gaman að leika öll þessi hlutverk, en ætli gotharinn sé ekki skemmtilegastur. Það er mjög gaman að setja á sig svarta hárkollu og fara í illa lyktandi svartan frakka. Maður verður nær óþekkjanlegur,“ segir hún og hlær. „En ég er auðvitað bara í aukahlutverki í þáttunum. Steindi er tjaldið og ég meira eins og tjaldhællinn.“

> *„Mér finnst mjög gaman að leika öll þessi hlutverk, en ætli gotharinn sé ekki skemmtilegastur. Það er mjög gaman að setja á sig svarta hárkollu og fara í illa lyktandi svartan frakka. Maður verður nær óþekkjanlegur.“*

### EIN AF STRÁKUNUM

Þórunn Antonía segir ýmislegt ganga á á tökustað og nefnir í því samhengi að eitt sinn hafi óvart kviknað í Ágústi Bent. „Það gerast fyndin atvik á hverjum degi. Þegar við tókum upp Keither Sutherland-senuna fyrir Mónitorsjónvarpsþættina fannst okkur fyndið að raka munkaklippingu á Steinda. Þegar við komum heim áttuðum við okkur á því að við gleymdum einu skoti en Steindi var þá búinn að raka af sér allt hárið. Ég þurfti því að mála á hann nýtt hár með augnskugga sem ég átti,“ rifjar hún upp. „Það er farið að ganga ansi mikið á snyrtivörurnar mínar eftir að tökur á þáttunum hófust og mér finnst eiginlega að þeir ættu að sjá sóma sinn í því að fara og kaupa nýtt snyrtidót handa mér,“ segir hún og brosir.

Hópurinn sem stendur að gerð þáttanna er að sögn Þórunnar Antoníu samheldinn og góður og segir hún fólk ekki veigra sér við að stökkva í þau verk sem þarf að sinna hverju sinni. „Það er lítill peningur í þessu þannig að fólk gengur bara í þau verk sem þarf að ganga í. Ég er þess vegna oft bæði í hlutverki sminku, og ljósamanns og hef líka sinnt starfi hljóðmanns og tökumannsins. Þannig að ferilskráin mín ætti að vera orðin ansi flott eftir þetta.“

Aðspurð segir hún ekki mikið mál að vera eina stúlkan í stórum hópi pilta líkt og við tökur á Steindanum okkar. „Nei, nei, ég er orðin vön því að vera eina stelpan. Ég var alltaf eina stelpan í hljómsveitunum sem ég var í og þurfti að flakka um heiminn með þeim, þannig að ég er löngu orðin vön táfýlusokkum og strákahúmor.“

### ERFITT AÐ LIFA Á LISTINNI

Þórunn Antonía útilokar ekki að flytja aftur út í nánustu framtíð til að geta sinnt tónlistinni frekar enda segir hún erfitt að lifa á listinni hér á landi. „Ég fer örugglega eitthvað stutt út til Los Angeles í haust til að taka upp með The NewNo2. Ég held samt að það sé mjög hollt fyrir mann að festa rætur aðeins og ekki vera alltaf á flakki, en það er ekki ólíklegt að ég flytji aftur út einhvern tímann í framtíðinni.“ Aðspurð segist hún kunna mjög vel við sig í Los Angeles og útilokar ekki að flytja þangað næst. „Kærastinn kemur bara með mér ef af því verður, hann er nú orðinn leikstjóri og þá er rökrétt að Hollywood sé næsta skref,“ segir hún að lokum og hlær.



**Plötuð til að leika** Þórunn Antonía Magnúsdóttir
uninni Rokki og rósum.

Eitt mesta úrval landins af
hvíldarstólum

Tilboðsverð kr. 99.000.- með leðri
Tilboðsverð kr. 79.000.- með áklæði
Vandaður slökunarstóll
Með leðuráklæði og skemli.
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið kl. 10-18 - Laugard. kl. 11-16

## * bak við tjöldin



**Uppáhaldstónlistarmaður?**
Það er Neil Young.



**Uppáhaldsborgin?**
Uppáhaldsborgin er Reykjavík, sérstaklega svona á sumrin!

**Uppáhaldsmaturinn?**
Það er alvöru mexíkóskur matur, alveg rótsterkur og með alvöru guacamole og ískalda margarítu með.



**Hvernig er best að verja frídegi?**
Best er að byrja daginn á smá kúri, skella sér svo í sund í sólinni og fá sér eitthvað gott að borða niðri í bæ á eftir. Ekki er verra ef það endar á skemmtilegu uppistandi eða tónleikum um kvöldið.

**Stjörnumerki?**
Ég er ljón.

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • M

# ENDLESS DARK

## ÚTLAGARNIR FRÁ ÓLAFSVÍK ... OG GRUNDARFIRÐI




ENNEMM / SÍA / NM42357
Vissir þú að...
...við ætlum að gefa heppnum Facebook vini iPad!
Já, takk! Það er iPad sem fær að fjúka í einn vininn okkar á næstunni. Ert þú ekki örugglega memm?
facebook /ringjarar
ring

4


7


10


14


**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Sölustjóri auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.

# PÓSTUR!
## MYNDIR, SMS OG TÖLVUPÓSTUR

Popp hvetur lesendur sína til að senda myndir eða sms í síma 696 6766 eða tölvupóst á popp@frettabladid.is. Sendið sniðugar myndir, segið hvað ykkur finnst um efni blaðsins eða hvað þið viljið sjá í Poppinu.



Íþróttafréttamenn og hljómsveitin Who Knew voru efst í huga lesenda Popps þennan mánuðinn. Svo vildi ein/n komast á forsíðuna, en hvern eða hverja vilt þú sjá þar? Sendu okkur línu!

Kæra Popp
**Bein útsending af klóinu?**
Er ég einn um að vera ósáttur við íþróttafréttamenn á Íslandi í dag? Þá er ég er aðallega að tala um þá sem vinna hjá Ríkinu því þeir eru skömminni skárri hjá Stöð 2 Sport. Þeir eru ekki allir góðir, en þeir sleppa. Það eru ekki oft beinar útsendingar frá boltanum á RÚV en nú er HM framundan og þá hefur maður áhyggjur. Hann er ágætur þessi nýi, Einar handboltamaður. Ég get hins vegar ekki sagt að ég hlakki til að hlusta á Adolf Inga í 90 mínútur. Og hvað þá þennan Hjört Hjartarson sem hljómar alltaf eins og hann sé á klósettinu þegar hann er að tala. Hann er kannski skæður fyrir framan markið en hann gæti fengið mann til að skipta um stöð í úrslitaleiknum. Eru pöbbarnir í bænum ekki með erlenda þuli?
*Brynjar, 25 ára úr Reykjavík*
*Okkur þykir þetta leitt, Brynjar. Spurning um að lækka í hljóðinu og lýsa sjálfur fyrir fjölskyldu og vini?*



Kæra Popp
**Hver veit um Who Knew?**
Ég fór á útgáfutónleikana hjá Who Knew eftir að ég las viðtalið við þá. Skemmtileg hljómsveit en það truflar mig pínu hvað þeir minna mig á hljómsveit sem ég sá einhvern tíma á Airwaves. Ég man ekki hvað hljómsveitin heitir en tónleikarnir voru á Gauknum. Vitið þið hvað ég er að tala um?
*Anna úr Reykjavík*
*Já. Wolf Parade. Frábær hljómsveit og Who Knew er líka frábær hljómsveit!*

Kæra Popp
**Hvar er ég?**
Af hverju er ég aldrei á forsíðunni ykkar? Mig langar að verða frægur. Hringið í mig.
*Einhver úr óskráðu símanúmeri.*
*Takk fyrir ábendinguna ókunnuga manneskja. Við verðum í bandi.*



**ÉG ER Á RANGE ROVER...** ...Og ég má leggja hvar sem er, hvernig sem er. Pirraður lesandi sem fann ekki stæði fyrir utan vinnuna sína sendi okkur þessa.



**HVERNIG?** Þetta minnir á atriði úr myndinni Austin Powers. Hvernig fer maður að þessu? Lesandi Popps útskýrði það ekki.

## VIÐ HÖFUM ENGU VIÐ ÞESSAR MYNDIR AÐ BÆTA EN VIÐ BIRTUM ÞÆR SAMT













**PESTILENCE** Dauðarokksveitin Pestilence spilar á Sódómu Reykjavík í kvöld.

# HOLLENSKT
## DAUÐAROKK Á SÓDÓMU

Hollenska dauðarokksveitin Pestilence spilar á Sódómu Reykjavík í kvöld. Pestilence var stofnuð 1986 og gaf út nokkrar áhrifaríkar plötur á árunum 1989 til 1993. Sveitin kom saman eftir langt hlé fyrir um tveimur árum og gaf út plötuna Resurrection Macabre sem þótti heppnast vel. Í kjölfarið hefur sveitin verið bókuð til að spila á stærstu þungarokkshátíðum heims. Tónleikarnir í kvöld hefjast stundvíslega klukkan 23 og er miðaverð 2.000 krónur. Hljómsveitirnar Wistaria, In Memoriam, Atrum og Gruesome Glory hita upp.

## BAR 11 Á NÝJUM STAÐ

Bar 11, eitt helsta rokkafdrepið í Reykjavík, opnar á nýjum stað um helgina.

Barinn verður hér eftir þar sem Alþjóðahúsið var áður og hefur húsið þegar verið merkt merki Ellefunnar. Bar 11 hefur eins og nafnið gefur til kynna alltaf verið á Laugavegi 11 og hafa plötusnúðarnir Biggi í Maus, Óli Dóri, Matti af Rás 2 og Gulli Ósóma séð um stemninguna undanfarin misseri.

Rokktónlist mun einnig ráða ríkjum á nýja staðnum og það verður forvitnilegt að sjá hvernig staðurinn spjarar sig á nýjum stað, en hann hefur verið gríðarlega vinsæll hingað til.



**PLÖTUSNÚÐUR** Biggi í Maus verður á Ellefunni á nýjum stað um helgina.

Grillhúsið

EXPRESS

- Stjörnutogi Kringlunnar



Þetta og miklu meira - **prófaðu** bara!

# - alvöru

EXPRESS



Grillhúsið hefur nú opnað nýjan stað á Stjörnutorgi Kringlunnar.

Loksins er hægt að fá sér orginal grillrétti á Stjörnutorginu - og það með hraði!

Við bjóðum þér alvöru hamborgara, djúsí samlokur, fersk salöt og bragðgóða smárétti.

Gamla góða Grillhúsbragðið sem allir þekkja, nú í Kringlunni.

Fáðu þér alvöru Grillhúsrétti með hraði á Stjörnutorginu.

Sjáumst hress!

Grillhúsið

EXPRESS

- Stjörnutogi Kringlunnar

abbey road / design

**POPPPLATA:** HNÖKRALAUS PLATA NATIONAL



# STÓRKOSTLEG HEILD

The National fer ekki nýjar leiðir á High Violet. Platan er rökrétt framhald Boxer-plötunnar frá 2007, en bætir þó heilmiklu við. Hljómsveitin fer lengra með hljóminn sem var fagurmótaður á síðustu plötu og tekst frábærlega upp. Lögin eru myrk og drungaleg en á sama tíma taktföst og þung. Söngvarinn Matt Berninger er vafalaust einn magnaðasti söngvari tónlistarheimsins í dag og stendur sig frábærlega á High Violet. Hann á stóran þátt í mögnuðu andrúmslofti sem hljómsveitinni tekst að skapa í lögum á borð við Anyone's Ghost, Afraid of Everyone og Bloodbuzz Ohio.

Það er reyndar afar erfitt að telja upp sérstök lög því platan nýtur sín langbest sem heild. Það er stóri munurinn á High Violet og Boxer. High Violet er nánast smellalaus plata, þó að Bloodbuzz Ohio njóti sín vel í útvarpi. Á Boxer voru lög eins og Fake Empire og Mistaken for Strangers sem virkuðu betur ein og sér en lög nýju plötunnar.

High Violet er stórkostleg plata sem mun auka hróður The National enn frekar. Notkun hljómsveitarinnar á blásturshljóðfærum og öðrum hljóðum er afar smekkleg og ég legg til að fólk kaupi þessa, slökkvi ljósin og njóti. *- afb*



**THE NATIONAL**
**HIGH VIOLET**

●●●●●

**Dánlódaðu:** Bloodbuzz Ohio, Anyone's Ghost.

# UPPTÖKURNAR Í KLÓSETTIÐ

„Allar upptökurnar glötuðust," segir Aggi Friðbertsson.

Hafnfirska hljómsveitin Ten Steps Away hefur sent frá sér EP-plötu sem er frumburður hljómsveitarinnar. Upptökurnar gengu ekki þrautalaust fyrir sig því þegar búið var að taka upp öll lögin hrundi tölvan sem geymdi efnið og öll lögin skoluðust niður í klósettið. Hljómsveitin lét það ekki stöðva sig og byrjaði upp á nýtt, tók öll lögin upp á viku og hefur nú sent frá sér plötuna.

Aggi fékk hjálp frá Ragnari Sólberg í Svíþjóð. „Það var algjör snilld," segir hann um samstarfið. „Við höfum unnið saman áður þannig að okkur fannst tilvalið að fá hann til að taka upp með okkur." Ragnar býr í Hudiksvall í Svíþjóð þar sem hann hefur komið sér upp litlu hljóðveri heima hjá sér.

Ýmislegt er á döfinni hjá Ten Steps Away, en hljómsveitin stefnir á mikið tónleikahald í sumar. „Við ætlum í kringum landið í júlí. Taka nokkra vel valda staði," segir Aggi. Svo hyggst hljómsveitin fara í hljóðver með engum öðrum en Barða Jóhannssyni og er stefnan sett á að taka upp breiðskífu.

Ten Steps Away verður með hlustunarpartí á Hansen í Hafnarfirði næsta fimmtudag. Frítt er inn og platan á tilboði.



**TEN STEPS AWAY** Svona fer maður ekki með bjórinn.


PANTAÐU BARA

ÚTSKRIFT
EUROVISIONPARTÝ
SUMARVEISLA

Láttu SAFFRAN sjá um matinn
og slakaðu á í sólinni.
Hollur, ferskur og framandi matur
á verði sem kemur þér til að brosa.

SMÁRÉTTIR
STEIKARHLAÐBORÐ
ÞRIGGJA RÉTTA MATSEÐLAR
SAMLOKUBAKKAR



VEISLUÞJÓNUSTA
SAFFRAN
S. 578 7875 SAFFRAN.IS


# TVÍFARAR



**FORTÍÐAR-50 CENT** Massaður og tilbúinn að taka fimm skot í bringuna án þess að taka eftir því.



**NÚTÍÐAR-50 CENT** Þvengmjór – vöðvarnir á bak og burt. Búinn að grenna sig fyrir kvikmyndahlutverk.

# Full búð af hjólum





**Giant Boulder**
Sterkt fjallahjól, 21 gír, dempari á framgaffli, álstell og sterkar tvöfaldar gjarðir.

Verð **65.900 kr.**



**Giant Sedona**
Létt og þægilegt borgarhjól, 21 gír dempari í sæti og á framgaffli, álstell og sterkar tvöfaldar gjarðir.

Verð **69.900 kr.**

MARKIÐ

*Verkstæði og varahlutir í miklu úrvali.*

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40







**INNNAN UM GRÆJURNAR** Kiddi í Hjálmum er mikill græjunörd og er að sjálfsögðu umvafinn alls kyns tækjum og tólum í hljóðverinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**POPPGÚRÚIÐ:** KIDDI Í HJÁLMUM ER UMVAFINN ALLS KONAR GRÆJUM

# RÚGBRAUÐSVÍNYL-SPILARINN ER FLOTTUR

**Kiddi, gítarleikari í Hjálmum og upptökustjóri, er mikill græjukarl enda þarf hann á öllum mögulegum tækjum og tólum að halda til að komast í gegnum daginn. Poppið kíkti í heimsókn til hans og fékk sögurnar á bak við græjurnar beint í æð.**

Kiddi hefur á ferli sínum ekki einungis spilað með Hjálmum, heldur er hann einnig meðlimur í Baggalúti og er duglegur við að taka upp efni með hinum ýmsu tónlistarmönnum í hljóðverinu sínu. Síðasta plata Hjálma, IV, kom út fyrir síðustu jól við mjög góðar undirtektir og nýlega tók sveitin upp lagið Húsið og ég ásamt Helga Björnssyni. Það verður að finna á nýrri safnplötu sem kemur í verslanir á þjóðhátíðardaginn sjálfan, 17. júní.

„Ég hef þetta safnaraeðli í mér. Ég hef verið að safna græjum svolítið síðan ég byrjaði að kaupa mér hljóðfæri,“ segir Kiddi. „Einhverjir gítarar sluppu reyndar frá manni í bernsku vegna klaufaskapar en maður reynir að halda betur í þetta núna.“

Hann er með töluvert magn af gömlum græjum í hljóðverinu og þar skiptir hljómurinn auðvitað mestu máli. „Þær mega alveg vera nýjar ef þær gera svipaða hluti og þær gömlu. En ótrúlega mikið af því sem er búið til í dag er gert úr lélegum hlutum sem hafa ekki sömu þykkt í sándinu. Ef þú vilt nýjar svoleiðis græjur kosta þær ógeðslega mikinn pening.“

*freyr@frettabladid.is*

**1.** „Ég safna litlum bókum í stúdíóinu því stúdíóið er svo mikið hangs, sem er ekkert sérlega gaman. Ég er með bókina Recording The Beatles, sem er nokkurra kílóa doðrantur og svo hefur Hugleiks-safnið vakið mikla lukku. Bókin How To Make Your Own Sex Toys er líka vinsæl.“

**2.** „Ég er með þrjú tape-delay-tæki í stúdíóinu. Það eru græjurnar sem búa til reggísándið. Ég fékk eina í Tónastöðinni en hinar tvær á eBay. Þetta eru eldgömul tæki og það þarf að halda við þau til að skipta um tape.“

**3.** „Volkswagen rúgbrauðs-vínylspilarinn. Hann gengur fyrir batteríi og snýst hring eftir hring á plötunni. Hann er mjög flottur en það væri betra ef hann myndi snúast á jöfnum hraða. Svo er sándið ekki mjög gott. Þegar við gerðum Oft spurði ég mömmu [með Sigurði Guðmundssyni] áttirðu að geta keypt plötuna með plötuspilara á 7.000 kall. Útgefandanum leist ekki á þetta og fannst þetta aðeins of glannalegt. Hann var ekki til í að taka áhættuna.“

**4.** „Shure SM 58-míkrafónn frá árinu 1982. Þegar við tókum upp fyrstu tvær Megasarplöturnar lét ég Megas syngja í hann svona „guide“ söng til að leiða hljóðfæraleikarana áfram. Svo stillti ég Megasi upp fyrir framan dýru og fínu míkrafónana og þá kom „perfomansinn“ ekki. Þetta er míkrafónninn sem hann söng í fyrir báðar plöturnar.“

**5.** „Gibson Les Paul-gítarinn keypti ég af Erlingi Björnssyni sem var rythmagítarleikari í Hljómum. Þetta er gítarinn sem ég fer alltaf með úti um allt. Ég náði að véla þennan gítar af Erlingi þegar ég tók upp fyrir þá plötuna Hljómar 2004. Þessir gítarar eru alltaf mjög þungir en þessi er mjög léttur einhverra hluta vegna, sem er mjög gott.“

**6.** „JMI Buzzaround er safnara „overdrive“ sem ég var að fá. Hann er númer 41 af 50. Gaurinn sem smíðaði þennan pedal smíðaði sams konar pedala fyrir Jimi Hendrix, Jeff Back, George Harrison og Eric Clapton. Þetta voru „legendary“ pedalar á sínum tíma. Leifur í Tónastöðinni náði að panta af honum nokkur eintök.“

**ÞEKKIR ÞÚ POPPGÚRÚ?**

**LÁTTU OKKUR VITA**
**POPP@FRETTABLADID.IS EÐA SÍMI 696 6766**



# FYNDNUSTU GAURARNIR Á YOUTUBE

**Lonely Island-tríóið hefur slegið í gegn með gríni sínu undanfarin ár. Félagarnir Akiva Schaffer, Jorma Taccone og Andy Samberg byrjuðu að semja atriði og lög sjálfir og setja á netið. Það varð til þess að þeim var boðið að semja efni fyrir verðlaunahátíð MTV árið 2005 sem reddaði þeim starfi í þættinum Saturday Night Live. Í dag starfa þeir þar ásamt því að koma fram og leikstýra ýmsum öðrum verkefnum. Popp tók saman nokkur af bestu atriðum þeirra sem finna má á Youtube.**



### Will Ferrell sem Neil Diamond

Leitarorð: Cool Guys Don't Look At Explosions
Áhorf: 9.551.952
*Lonely Island-gengið gerði myndbandið fyrir kvikmyndaverðlaun MTV í fyrra. Hinn sífyndni Will Ferrell kemur fram í myndbandinu sem Neil Diamond og kvikmyndaleikstjórinn JJ Abrams tekur hljómborðssóló.*

### Ferðagræjur eru ekki leikföng



Leitarorð: Boombox (ft. Julian Casablancas)
Áhorf: 4.959.509
*Örugglega besta lagið frá Lonely Island þótt það sé ekki það fyndnasta. Julian Casablancas úr Strokes syngur viðlagið í lagi sem fjallar um að ferðagræjur séu alls engin leikföng.*

### Fá það í buxurnar



Leitarorð: Jizz in my Pants
Áhorf: 83.411.455
*Ofursvalt lag um tvo gaura sem fá það í buxurnar við minnsta áreiti. Hvort sem það er frá stelpum eða ekki. Takið eftir Justin Timberlake í örlitlu aukahlutverki.*

### Ég er á báti!



Leitarorð: I'm on a Boat (ft. T-Pain)
Áhorf: 44.763.201
*Til fjandans með land því þeir eru á báti. Þetta hljómar ekki töff á íslensku, en er grjóthart á ensku. Lonely Island-gaurarnir fara á bát og kunna afar vel að meta það miðað við lagið.*



### Kúkar á skrifborð

Leitarorð: Like a Boss (ft. Seth Rogen)
Áhorf: 30.810.938
*Snillingurinn Seth Rogen fer með aukahlutverk í þessu atriði. Mjög fyndin dæmisaga um yfirmann sem sturlast, klippir af sér typpið og kúkar á skrifborð samstarfskonu sem hafnaði honum.*

### Gefa typpi í kassa



Leitarorð: Dick in a Box
Áhorf: 21.261.221
*Myndband sem var gert eftir að Lonely Island-gaurarnir byrjuðu að starfa í þættinum Saturday Night Live. Fáránlega fyndið og Justin Timberlake stendur sig betur en flestir þorðu að vona.*

Ógeðslega fyndið atriði sem þú getur horft á aftur og aftur.
Mjög fyndið atriði sem stenst tímans tönn.
Frekar fyndið atriði. Lagið er gott, en atriðið mætti vera fyndnara




TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn
Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is
Tónastöðin Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185




# EKKERT AÐ GERA
# SPILA TÓNLIST

**ÞEIR ERU Í ST
GRUNDARFI
DARK LEIKU
GLOBAL BAT
AÐALKEPPN**

**ORÐ:** Atli Fannar Bjarkason
**MYNDIR**: Valli

Hljómsveitin Endless Dark var stofnuð á Ólafsvík árið 2004 af félögunum Agli, Kela, Daníeli og Atla. Árið 2006 gekk söngvarinn Viktor í hljómsveitina og á síðasta ári bættist svo gítarleikarinn Gummi við. Hljómsveitin hefur tvisvar sinnum tekið þátt í hljómsveitakeppninni Global Battle of the Bands á Íslandi og til að gera langa sögu stutta þá töpuðu strákarnir í fyrra skiptið og unnu í það seinna. Undirritaður var í dómnefnd í báðum keppnunum og getur vottað það að Endless Dark tók stórstígum framförum á þessum þremur árum sem liðu á milli keppna. Í dag er hljómsveitin ein öflugasta tónleikasveit landsins. Ekki slæmt fyrir hóp af strákum þar sem aldursforsetinn er 22 ára gamall og þeir yngstu að skríða yfir sjálfræðisaldurinn.

### Vinna og spila tónlist

Hvað gerðist á árunum 2007 til 2010? Hvernig tókst hljómsveitinni að stökkbreytast eins og hún gerði?

Atli: „Við æfðum rosalega oft og byrjuðum að hlusta á nýjar hljómsveitir.“

Keli: „Og við höfum ekkert annað að gera í Ólafsvík.“

Þið eruð sem sagt bara að spila tónlist og vinna?

Atli: „Já. Og hlusta á tónlist. Hljómsveitin var enn þá að mótast þegar við kepptum árið 2007.“

Endless Dark er hljómsveit sem lítur út eins og hljómsveit. Húðflúrafjöldinn er á við hljómsveitina Mínus og klæðnaðurinn að mestu samstilltur. Þá mættu þeir með sléttujárn í myndatökuna og eru ekki hræddir við að viðurkenna að þeim finnst

**ATLI: „ÞETTA ER ÞAÐ SKEMMTILEGASTA SEM ÉG GERI. VIÐ EIGUM ENGA AÐRA VINI Í ÓLAFSVÍK. ÞANNIG AÐ VIÐ ERUM ALLTAF SAMAN.“**

mjög skemmtilegt að hittast og hafa sig til. Hljómborðsleikarinn Egill neitar þó að taka þátt í stílæfingunum sem fela meðal annars í sér að skiptast á fötum.

### Ekki sjómenn

Þið hljótið að eyða talsverðum tíma saman, þar sem þið búið í litlum bæ og eruð saman í hljómsveit. Hvernig er það?

Atli: „Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri. Við eigum enga aðra vini í Ólafsvík. Þannig að við erum alltaf saman.“

Hvað gerið þið annað en að æfa? Eru þið á sjó?

Atli: „Ég held að enginn okkar hafi farið á sjó.“

Keli: „Ég fór einu sinni út á sjó og ældi í tólf klukkutíma. Einn dag úti á trillu. Það var ekki gaman.“

Ég gef mér að þið séuð öðruvísi en annað fólk þarna ...

Allir: „Já (hlæja).

Eruð þið sér á báti þarna í bænum?

Atli: „Já.“

Eru fjölskyldur ykkar sjóarafjölskyldur?

Atli: „Hans allavega (bendir á Kela). Okkar bræðranna er tónlistarfjölskylda (Atli, Egill og Viktor eru bræður).

Daníel: „Mín er í skólanum.“

Atli: „Öll ættin hans er búin að kenna mér. Pabbi hans kenndi mér á gítar, mamma hans var aðstoðarskólastjóri, amma hans kenndi mér myndmennt og afi hans rak mig út úr tíma og hataði mig.“

Keli: „Fjölskyldan mín er sjóarafjölskylda. Svo er ætlast til þess að ég sé í fótbolta.“

Atli: „Einu sinni var ég að tjilla heima hjá honum þegar hann ákvað að fara ekki á fótboltaæfingu. Þá kom þjálfarinn brjálaður heim til hans og sagði honum að koma á æfingu.“

Ertu semsagt góður í fótbolta?

Keli: „Nei ... ég var kannski ágætur.

Það er kannski erfitt að missa menn úr liðinu í Ólafsvík.

### Rúllaði upp Battle of the Bands

Endless Dark er undir áhrifum frá hljómsveitunum Under Oath, Asking Alexandria, Killswitch Engage, Of Mice and Men, We Came as Romans. Fávísi blaðamaðurinn sem þetta skrifar hefur aðeins heyrt í hljómsveitinni Killswitch Engage. Hinar gætu alveg eins verið nöfn á kvikmyndum. Tónlistarstefnur á við metalcore og emó hafa ekki verið mikið brúkaðar af undirrituðum, en þrátt fyrir það fékk Endless Dark fullt hús stiga frá honum á Global Battle of the Bands. Eins og reyndar frá öllum dómurunum. Með öðrum orðum: Endless Dark rúllaði keppninni upp.

Bjuggust þið við sigri þegar þið mættuð suður með hljóðfærin ykkar?

Gummi: „Við bjuggumst alveg við að við ættum möguleika.“

Atli: „Við erum ekkert rosalega hógværir og bjuggumst við að komast í eitt af þremur efstu sætunum.“

Gummi: „Svo vorum við skíthræddir þegar það átti að reka okkur úr keppni.“

Endless Dark tók þrjú lög á lokakvöldi Battle of the Bands – einu of mikið. Dómnefndin bjóst í fyrstu við að hljómsveitin væri hreinlega að dissa keppnina og fulltrúi dómnefndar var strax sendur upp á svið að stöðva gjörninginn. Hann komst ekki í tæka

tíð þar sem sta
að komast up
svipinn á dóm
þeir yrðu rekn
sleppti þeim r
voru þátttöku
Battle of the B
lenti í öðru sæ

**KELI: „ÞA
ATLI: „ÉG
TELJA.“
KELI: „ÉG
– EN ÉG T**

Daníel: „Það
lands.“

Atli: „Við fó
til Glasgow. V
þurftum að ta

Ýmislegt ves
það er að eitt l
þessa sex man
heilir heim og
og Jóhanna G
vasanum. Hve

### Reynir fyrir

Atli: „Við tókum
keppnina í Bo




Reykjavík Ink
tattoo shop
Frakkastíg 7 • Sími 551 7707







# A NEMA

**TÍL, HÚÐFLÚRAÐIR, ENGINN ELDRI EN 22 ÁRA OG FRÁ ÓLAFSVÍK OG RÐI. EKKERT AF OFANGREINDU ER LYGI EÐA ÝKJUR. HLJÓMSVEITIN ENDLESS R EMÓSKOTIÐ ÞUNGAROKK OG LÉT FINNA FYRIR SÉR ÞEGAR HÚN SIGRAÐI TTLE OF THE BANDS-KEPPNINA Á ÍSLANDI OG LENTI SVO Í ÖÐRU SÆTI Í INNI. POPP HITTI ENDLESS DARK YFIR BRÚSA AF HÁRSPREYI.**

ðurinn var troðfullur og erfitt
p að sviðinu. Þegar þeir sáu
naranum töldu strákarnir að
ir úr keppni, en dómnefndin
með gult spjald. Sigurlaunin
uréttur í aðalkeppni Global
Bands þar sem Endless Dark
eti.

ð tók 18 tíma að fara til Eng-

rum til Akureyrar og þaðan
ið misstum af fluginu þar og
ka annað."
sen tók við úti. Gott dæmi um
hótelherbergi var bókað fyrir
na hljómsveit. En þeir komust
eins og handboltalandsliðið
uðrún voru þeir með silfrið í
nær vinnur Ísland gull?

## sér í Bretlandi

m upp myndband daginn eftir
olton. Við erum í viðræðum
þarna úti, en það er lítið hægt að segja um það núna."

Það eru einhverjir sem vilja koma ykkur á framfæri úti?

Atli: „Já."

Er stefnan að fara eitthvað?

Gummi: „Eins langt og við komumst."

Teljið þið að þið séuð komnir með nógu gott efni í hendurnar?

Atli: „Já, við fáum svo að vita hvernig þetta verður í sumar. Þetta verður spennandi sumar."

Eruð þið aftur á leiðinni út?

Atli: „Já, mjög líklega."

Strákarnir eru að klára EP-plötu sem hefur verið lengi í smíðum. Hún kemur væntanlega út í sumar ásamt fyrrnefndu myndbandi.

## Bæta við hárspreyið

Strákarnir sjást oft í miðbæ Reykjavíkur um helgar þannig að það liggur beinast við að spyrja hvort þeir séu miklir partípinnar (töff orð). Þeir fara allir að hlæja og horfa á bassaleikarann Kela.

Keli: „Það er ágætt að fá sér í tána og hitta fólk."

Atli: „Ég held að Keli eigi metið: 19 helgar í röð. Ég er að telja."

Keli: „Ég er ekki búinn að taka pásu síðan í desember – en ég tek pásu um næstu helgi."

Daníel: „Svo byrjar þetta aftur."

En hvernig er með kvennamálin í Ólafsvík, hvað gerir maður í þeim?

Atli: „Ekki neitt."

Gummi: „Fer í bæinn."

(Allir hlæja)

Atli: „Ég held að tveir hérna inni hafi átt kærustur í Ólafsvík. Allar hinar eru úr bænum og annars staðar."

Gummi: „Þetta er svo erfitt. Fallegu eru svo fáar. Það er bara keppni um að ná þeim. Þær eru yfirleitt á föstu."

Atli: „Gummi þekkir það. Hann er alltaf að reyna að stela þeim."

Gummi: „Ég er alltaf að reyna að stela þeim."

(Allir hlæja)

Verðið þið þá bara að kíkja á Ellefuna?

Keli: „Ég er búinn að vera að þessu í tvö ár og það er ekkert að ske hjá mér. Ég verð að bæta við hárspreyið ..."

**AÐ ER ÁGÆTT AÐ FÁ SÉR Í TÁNA OG HITTA FÓLK." G HELD AÐ KELI EIGI METIÐ: 19 HELGAR Í RÖÐ. ÉG ER AÐ**

**G ER EKKI BÚINN AÐ TAKA PÁSU SÍÐAN Í DESEMBER TEK PÁSU UM NÆSTU HELGI."**

FRAMHALD Á NÆSTU SÍÐU ▶







Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



vísir.is
„...ég sá það á vísi"













# VEL SKREYTT HLJÓMSVEIT

**1.** Atli, hljómsveitarfélagi Kela, teiknaði þetta. Sársaukafyllsta húðflúrið segir Keli bassaleikari. **2.** Play Dead er lag með uppáhaldshljómsveit Kela, HIM. **3.** Batman fannst honum töff. Myndin er teiknuð af listamanni sem heitir Alex og hefur teiknað húðflúr á hljómsveitarmeðlimi The Used og fleiri. **4.** Eins og kemur fram í viðtalinu hefur Keli aðeins einu sinni farið á sjó. En akkerið finnst honum töff. **5.** Regnbogann fékk Keli sér þegar hann vildi eitthvað ógeðslega hommalegt. **6.** Elsa og Alli eru foreldrar Kela og þetta er eina húðflúrið sem þau eru sátt við. **7.** Þetta er nýjasta húðflúrið hans Kela. **8.** Atli teiknaði þetta sjálfur. Þetta er eina húðflúrið hans, en hann væri með fleiri ef hann gæti ákveðið sig. **9.** Viktor söngvari er með þetta meistarastykki. **10.** Hjartastjarnan er merki hljómsveitarinnar HIM. **11.** Þetta er fyrsta húðflúrið sem Viktor fékk sér, en þetta er eins og Ville Valo, söngvari HIM skartar. **12.** Viktor er einnig með þetta hjarta. **13.** Einnig Viktor. **14.** Daníel fékk þetta í jólagjöf frá mömmu sinni. Frænka hans teiknaði það. Merkingin segir sig sjálf. **15.** Daníel er einnig með þessar stjörnur.

































THE FIFTH ANNUAL

# ICELANDIC TATTO FESTIVAL

A SÓDOMA REYKJAVIK

2010

4-6 JUN



THOMAS ASHER
2009

FÖS 14 - 23
LAU 12 - 23
SUN 12 - 20

MIDAVERD: 650

## ARTISTAR

THOMAS ASHER - JASON JUNE
MISS SOFIA - FOERDAL
SCOTT ELLIS - EZERA HAIDET
ZACK NELLIGAN - STEVEN BOLTS
DANIEL SANTORO - JAVIER WOLF BETANCOURT
CHIP BASKIN - JASON THOMSON
JON PALL - FJÖLNIR
BURI - SVANUR
DAN SINNES

## TONLEIKAR

FÖS: 59' ERS - CLIFF CLAVIN
ULTRA MEGA TECHNOBANDID STEFAN

LAU: RUSTY SOUL - NÖGL
ENDLESS DARK - HOFFMAN

Sódóma Reykjavík
Bar 11 Let's Rock
Reykjavík Ink
X 97.7
TATTOO life
TUBORG

Steindi Jr. er mikill áhugamaður um kvikmyndir. Popp fékk hann til að draga þrjár myndir úr skúffunni: Gamla sem er í uppáhaldi, eina sem hann sá nýlega og eina sem er alveg glötuð.

# NÝLEGA GLÖTUÐ GÖMUL




**Sá nýlega**
*Payback (1999)*
„Það er skemmtilegt þegar hann fer einn á móti öllum, til dæmis þegar hann fer einn á móti Carter, Fairfax og félögum. Það var líka fitlandi gott þegar hann fór og heimsótti Stegman á leigubílastöðinni.“




**Glötuð**
*Kazaam (1996)*
„Þetta er ein versta mynd sem ég hef séð. Shaq er náttúrlega bara „sick“ í þessari. Ég gaf pabba hana í jólagjöf. Við horfðum á hana saman og vorum alls ekki að fíla hana. Faðir minn var mjög sár út í mig.“

**Gömul**
*Out For Justice (1991)*
„Þetta er mín uppáhaldsmynd. Hann lemur melludólg og þarna var hann líka að brjóta öll bein sem hann gat brotið. Ég elska það við þessar gömlu myndir með honum. Þarna er líka þessi fræga lína: „You were still sucking your thumb when Richie was sucking dicks.“ Þetta er fróandi góð lína.“






**DÓP OG VESEN** Jonah Hill leikur starfsmann plötufyrirtækis sem þarf að koma útúrdópuðum Aldous Snow (Brand) á tónleika.

**FRUMSÝND Á NÆSTUNNI:** GET HIM TO THE GREEK

# RUSSELL SNÝR AFTUR SEM ALDOUS SNOW

**Russell Brand túlkaði rokkstjörnuna Aldous Snow í gamanmyndinni frábæru Forgetting Sarah Marshall. Nú er hann kominn aftur í gamanmyndinni Get Him to the Greek. Ferill Aldous Snow er rústir einar í myndinni eftir að hann gaf út lagið African Child. Lagið þótti það versta sem hafði komið fyrir Afríku síðan aðskilnaðarstefnan fór í gang. Jonah Hill leikur starfsmann útgáfufyrirtækis sem fær það hlutverk að koma útúrdópuðum Snow á tónleika sem eiga að endurlífga tónlistarferil hans.**



**Mamma**



„Ég held að þetta sé ekki mynd fyrir mig. Þegar gamanmyndir eru bannaðar innan tólf ára þýðir það aðeins eitt: Grófur húmor. Ég er miklu frekar til í að fara með þér á einhverja fallega mynd um ást. Dópaðar rokkstjörnur eru ekki alveg minn tebolli. Talandi um það, kemurðu í te á sunnudaginn?“

**Bíónördinn**



„Judd Apatow leiðir teymið á bakvið þessa mynd og hefur verið að skila af sér frábærum gamanmyndum undanfarin ár: Forgetting Sarah Marshall, 40 Year Old Virgin, Knocked Up og Superbad eru allar gríðarlega vel heppnaðar þannig að ég býst við miklu af þessari.“

**Vinurinn**



„Þetta er myndin sem við erum að fara á! Russell Brand er náttúrlega fáránlega mikill snillingur og var frábær í þessu hlutverki í Forgetting Sarah Marshall. Jonah Hill er líka hrikalega fyndinn. Svo er ekki leiðinlegt að skvísur eins og Katy Perry og Christina Aguilera koma fram í aukahlutverkum.“

**Stelpan**



„Alltaf gaman að fara á góða gamanmynd, þó að þessi lykti eins og strákamynd. En til fjandans með klisjurnar – mér fannst Notebook ógeðsleg, þannig að ég hlæ pottþétt að þessari. Svo er Russell Brand hrikalega heitur enda kærasti heitustu poppstjörnunnar, Katy Perry.“

FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýralegur starfsvettvangur

Viltu starfa í frábærri atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

Umsóknarfrestur til 31. maí

www.mk.is
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM



## POPPLEIKUR: LOST PLANET 2



**FURÐULEGT** Sálarlausir hermenn á móti stökkbreyttum Kermit the Frog.

# EKKI FYRIR EINFARANN

Lost Planet 2 er leikur sem er hannaður fyrir fjölspilun í gegnum netið. Þeir sem reyna að spila hann einir munu brenna sig á algjörlega vanhæfum, tölvustýrðum, liðsfélögum sem vilja frekar faðma tré heldur en að setja kúlu á milli augna óvinarins. Leikurinn gerist á fjarlægri plánetu þar sem nokkrar fylkingar berjast um dýrmætar auðlindir með vélbúningum og ofvöxnum byssum. Inn í bardagana bætast síðan ofvaxnar „pöddur“ sem vilja bara drepa. Pöddubardagarnir og vélbúningarnir eru klárlega besti hluti leiksins, maður fær nettan Starship Troopers fíling, en gallarnir eru þó nokkrir. Fyrrnefnd gervigreind er til ama, söguþráður leiksins er hlægilega lélegur og maður nær engum tengslum við þær persónur sem maður stýrir hverju sinni. Til að bæta gráu ofan á svart er stjórnkerfi leiksins frekar undarlegt og skelfileg hönnun leiksins þýðir að splitscreen spilun skal ekki reyna nema með aðstoð skjávarpa. Lost Planet 2 er sæmilegur fyrir fjölspilun en spili maður einn munu gallarnir drepa alla gleðina.

SPILUN 3/5 | GRAFÍK 4/5 | HLJÓÐ 3/5 | ENDING 3/5 | NIÐURSTAÐA

## POPPLEIKUR: MODNATION RACERS



**FJÖR** Það er sjaldan dauð stund í Modnation-kappakstri.

# ÞOLINMÆÐI SPRENGJUÞRAUTIR VINNUR ALLAR

Modnation Racers er go-kart leikur þar sem áhersla er lögð á að notendur skapi sínar eigin brautir, persónur og bíla, svipað og Little Big Planet. Það að búa til sitt eigið efni er sáraeinfalt en þó býður kerfið upp á ótrúlega dýpt þannig að með smá tíma er hægt að búa til bókstaflega hvað sem er. Hvað spilun varðar þá spilast Modnation eins og hver annar go-kart leikur. Vopn, skrans, „boost“, yfirgengileg stökk og æsispennandi lokametrar. Leikinn er hægt að spila einn, með allt að þremur félögum í split screen og á netinu. Í raun er eini galli leiksins sá að loading-tímarnir eru alltof langir. Það að þurfa að bíða í allt að eina mínútu eftir að kappakstur hlaðist inn er óviðunandi nú til dags. Það er óhætt að mæla með Modnation Racers fyrir þolinmóða sem hafa gaman af go-kart leikjum og vilja geta gleymt sér tímum saman við að búa til sínar eigin brautir, bíla eða morðóða bílstjóra.

SPILUN 5/5 | GRAFÍK 4/5 | HLJÓÐ 4/5 | ENDING 4/5 | NIÐURSTAÐA


POPP
512 5411








Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# POPPPRÓFIÐ

Diddi Fel og Emmsjé Gauti hafa báðir verið áberandi í rappbransanum undanfarin ár. Diddi gaf nýverið út sína fyrstu sólóplötu, Hesthúsið, þar sem Emmsjé Gauti var einmitt á meðal gesta en Diddi hafði fram að því getið sér gott orð sem liðsmaður Forgotten Lores. Emmsjé Gauti hefur gefið út lög sem hafa hlotið góðar viðtökur og verið duglegur við spilamennsku. Fyrsta sólóplatan lætur þó enn þá bíða eftir sér. Popp hafði samband við þá félaga og gaf þeim tækifæri til að svara því hvort klisjurnar um rappara séu í raun og veru sannar.



## EMMSJÉ GAUTI

*Á allt íslenskt hipp hopp rætur sínar að rekja í Árbæinn?* „Ekki séns. Aðal fjársjóðurinn var fundinn í Breiðholtinu. Fullt af góðu rappi úr Rivertown þó."

*Eru íslenskir rapparar með lyklakippur sem líta út eins og byssur og í staðinn fyrir byssur?* „Allir íslenskir rapparar eiga afsagaða haglabyssu, butterfly-hníf og hafa drepið tvo eða fleiri."

*Er orðið „skoppari" enn þá notað?* „Fólkið sem notar: „Já sæll, eigum við að ræða það eitthvað!!" og gamalmenni eru enn þá að þessu."

*Hvað varð um símboðann?* „Ég er fæddur sama ár og bjórinn var lögleiddur. Þú gætir allt eins spurt mig út í bréfdúfur."

*Mun hipp hoppið einhvern tíma endurheimta Dóra DNA úr gríninu?* „Fór Dóri eitthvað? Ég vona að hann hætti aldrei að grínast, hann fær mig til að lol'a (nohomo)."

*Hafa allir íslenskir rapparar leigt hjá Sesari A á einhverjum tímapunkti?* „Já, sko málið er að Sesar A er lærifaðir allra rappara á Íslandi. Þú flytur til hans fyrstu sex mánuðina sem þú byrjar að rappa og lærir þar allt sem þarf til þess að vera fyrirmyndarrappari. Wax on wax off."

## DIDDI FEL

*Á allt íslenskt hipp hopp rætur sínar að rekja í Árbæinn?* „Klárlega. Íslenskt hipp hopp fæddist fyrir utan Skalla. Menn vita þetta."

*Eru íslenskir rapparar með lyklakippur sem líta út eins og byssur og í staðinn fyrir byssur?* „Ég hef margoft séð dæmi um slíkt, þessir ungu rapparar á Íslandi eru stórhættulegir og gjarnan með byssur sem líta út eins og lyklakippur."

*Er orðið „skoppari" enn þá notað?* „Engin spurning, þrusu vinsælt akkúrat núna enda sérlega skemmtilegt orð og algjör klassík."

*Hvað varð um símboðann?* „Ég er enn þá með símboða og er frekar fúll að það sé enginn búinn að bípa á mig í svona fimm ár."

*Mun hipp hoppið einhvern tíma endurheimta Dóra DNA úr gríninu?* „Nei, það var ákveðið nú nýlega á árlegum fundi íslenskra rappara að fá Þorstein Guðmunds í skiptum. Slétt trade!"

*Hafa allir íslenskir rapparar leigt hjá Sesari A á einhverjum tímapunkti?* „Sesarinn er auðvitað rapp-afinn og eins og allir gamlir góðir menn þá hugsa þeir vel um sína. Röppurum þykir gott að geta gólað í kallinn ef það bjátar eitthvað á. Afrikanus er haukur í horni."








**ARCADE FIRE** Kanadíska hljómsveitin gefur út sína þriðju plötu, The Suburbs, í maí.

# THE SUBURBS KEMUR FRÁ ARCADE FIRE

Þriðja plata kanadísku hljómsveitarinnar Arcade Fire, The Suburbs, kemur í verslanir 2. ágúst. Markus Dravs, sem hefur unnið með Coldplay og Björk, aðstoðaði sveitina við upptökurnar, rétt eins og fyrir síðustu plötu hennar Neon Bible. Upptökur hafa staðið yfir undanfarin tvö ár í Montréal og New York og bíða margir tónlistarunnendur spenntir eftir útkomunni. Stutt er síðan Arcade Fire sendi frá sér tvö ný lög af plötunni sem nefnast The Suburbs og Month of May og sýna þau að sveitin er enn í fínu formi.

# BIRTI NÚMER BLAÐASNÁPS

Tónlistarkonan M.I.A. notaði Twitter-síðu sína til að birta símanúmer blaðamannsins Lynn Hirschberg í gær. M.I.A. var ósátt við viðtal sem Hirchberg tók og birtist í New York Times. Þá sagðist hún ætla að birta eigin útgáfu af viðtalinu.

Símanúmerið var í vinnusíma blaðamannsins, en engum sögum fer af því hvort síminn hafi hringt látlaust í gær. Viðtalið fjallaði um tengsl M.I.U. við Srí Lanka og vandræði hennar við að fá vegabréfsáritun í Bandaríkjunum.



**DJÖRF** MIA fer sínar eigin leiðir.




# FUNHEITAR EÐA SVALAR *í grillveisluna*

Þykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
kartöflusalat
hrásalat

**Einfalt og gott!**



POPP



# 5 GÓÐ RÁÐ

## TIL AÐ FYLGJAST MEÐ EUROVISION ÁN ÞESS AÐ MISSA KÚLIÐ

**Steinþór Helgi, útgáfustjóri Borgarinnar.**

**1** **Talaðu** stanslaust niður til keppninnar, gáfumannlega en samt af áhuga. Til dæmis að þú hafir hætt að fylgjast með Eurovision eftir 7. áratuginn, þegar Lúxemborg vann með „Poupée de cire, poupée de son“ (eftir meistara Gainsburg), hvað Evrópubúar séu ekki nógu menningarlega þenkjandi að hafa ekki kosið Sebastian Tellier, og að þér finnist Simmi ekkert fyndinn síðan hann hætti á X-inu.

**2** **Prófaðu** að lækka í sjónvarpinu og setja aðra „kúl“ tónlist á fóninn. Ef þú spilar t.d. Arcade Fire eða Sufjan Stevens er þetta alveg eins myndrænt séð; mikið af fólki á sviðinu, fullt af skrýtnum og flóknum hljóðfærum og allir í samhæfðum búningum.



**3** **Láttu** sem þú hafir aldrei fylgst með keppninni. „Er íslenska lagið á frönsku?“, „Þeir gleymdu að gefa 11 stig“, „Bíddu, Ísrael er ekki í Evrópu“.

**4** **Það er** allt í lagi að dansa Brotherhood of Man-dansinn (unnu 1976 með Save All Your Kisses for Me) og/eða Bobbysox-dansinn (unnu 1985 með La det swinge). Ef einhver spyr þá eru þetta nýir rokk og ról tvistdansar sem þú hefur verið að þróa til að nota á Bakkusi.

**5** **Vertu með** sólgleraugu, það er alltaf kúl að vera með sólgleraugu innan dyra, algjörlega óháð öllu öðru.








POPP Auglýsingasími 512 5411



fer með hlutverk í hinum vinsælu gamanþáttum Steindinn okkar. Hún klæðist hér kjól úr versl-







MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

# Nám sem nýtist þér!

## Innritun er hafin á:

### ▸ Skrifstofubraut I

Er tveggja anna hagnýt braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst. Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is

### ▸ Skrifstofubraut II - rekstrarfulltrúi

Sjálfstætt tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut II. **Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Inntökuskilyrði:** Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst.

### ▸ Office Skills Programme for Foreign Students

Office Skills Programme for students, over the age of 20, not having Icelandic as their mother tongue.
The courses are taught both in basic Icelandic and English.
**Time:** Mondays, Tuesdays and Wednesdays from 17:30 to 20:30. See mk.is

**Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/8244114 eða í inga.karlsdottir@mk.is**

# Signatures Of Nature

Náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

Frábær tilboð alla helgina




- 100% náttúra
- lífrænt
- engin kemísk efni
- án paraben
- allt fyrir konur menn og börn
- allt fyrir andlit, líkama og hár



Nína Dögg Filippusdóttir leikkona

Ég nota snyrtivörur frá Signatures of nature og þær hafa hjálpað mér mikið með því að viðhalda jafnvægi í húðinni. Ég vinn mikið með smink á mér bæði í andliti og líkama og þarf því að hreinsa húðina vel og koma í veg fyrir ofur-viðkvæmni og eftir að ég fór að nota snyrtivörurnar frá Signatures of nature er mér nákvæmlega að takast það. Olíu-body skrúbburinn fyrir líkama og andlitskremin eru sérstaklega að gera vel fyrir mína húð.



Katrín Fjeldsted fjölmiðlakona

Á veturna er ég með mjög þurra húð og er alltaf í leit að hinni fullkomnu vöru! Svo um leið og hlýnar í veðri að þá breytist húðin á mér, þannig að það er rokkandi hvað ég þarf og hvernig ég hugsa um húðina á mér. Ég hef lesið mér mikið til um umhirðu húðarinnar og prófað mjög margar vörur. Auðvitað hef ég fundið eina og eina vöru í gegnum árin sem hefur hentað mér.



María Heba Þorkelsdóttir leikkona

Líf okkar er stundum flókið og álagið getur verið mikið. Við viljum öll, konur og karlar, standa okkur í leik og starfi og til þess að það megi verða þurfum við að hlúa vel að okkur sjálfum. Vörurnar frá Signatures of Nature koma eins á himnasending nú þegar kreppir að og buddan er léttari en oft. Hér er á ferð frábær vara á frábæru verði.



Kolbrún Björnsdóttir fjölmiðlakona

Nature Scent líkamslínan er himnasending fyrir þurra húð, hvort sem um er að ræða sturtuscrub, olíuna eða body-butter.

Ég fann strax mikinn mun á andlitinu eftir að ég byrjaði að nota dagkremið frá Nature Scent. Stór kostur finnst mér að það er án allra rotvarnarefna og inniheldur Barbadensis, eina bestu ættkvísl Aloe vera plöntunnar.




• PARABEN FREE
náttúrlegt, lífrænt,
frábær krem, maskar.



• NATURESCENT
hentar fyrir alla

Verlsanir okkar eru í Smáralind
2. hæð við D-inngang sími 511-10-09

snyrtivöruverslunin andorra stúdíó helga sæunn strandgötu 32 sími 555 2615

www.signaturesofnature.is

# núna

✻ fegurð innan sem utan

## HINN FULLKOMNI LITUR

Sumarið er rétti tíminn til að hvíla sig á þekjandi farða og láta litað dagkrem duga á húðina. Með Color to mix frá Helenu Rubinstein er hægt að búa til sitt eigið litaða dagkrem. Með því að setja einn eða tvo dropa af efninu í dagkremið eða sólarvörnina er hægt að búa til sína eigin fullkomnu blöndu.




Skóbúðin Manía flytur sig um set:

# Selja allt sem byrjar á s

Skóbúðin Manía sem áður var á horni Laugavegs og Bergstaðastrætis hefur nú verið flutt ofar á Laugaveginn í stærra og betra húsnæði.

„Við byrjuðum að flytja 1. maí en opnuðum ekki fyrr en fyrir tveim vikum. Ástæðan fyrir flutningunum var sú að það á að opna veitingastað í húsinu sem við vorum í áður. Í raun var þetta lán í óláni því við vorum búin að sprengja hitt húsnæðið utan af okkur og þess vegna er fínt að vera komin í stærra pláss,“ útskýrir María Birta Bjarnadóttir, eigandi verslunarinnar.

Manía er fyrst og fremst skóverslun en þar má einnig finna fjölbreytt úrval af sólgleraugum auk annarra fylgihluta. „Við seljum í raun allt sem byrjar á bókstafnum s, skó, sólgleraugu, sokkabuxur og skart,“ segir María Birta og hlær. Aðspurð viðurkennir hún fúslega að vera veik fyrir fallegum skóm líkt og flestar konur. „Jú, ætli ég sé ekki hálfgerður skófíkill eins og flestar stelpur. Ég hef að minnsta kosti mjög gaman af því að panta þá inn,“ segir hún að lokum. **- sm**



**Skófíkill** María Birta Bjarnadóttir, eigandi skóverslunarinnar Maníu, segir ánægjulegt að vera komin í stærra húsnæði. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Aftur í tímann *með Opium*




Opium frá Yves Saint Laurent kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1977 og hefur síðan verið fáanlegt í ýmsum útgáfum, allt eftir straumum og stefnum hvers tíma. Ilmurinn er afar kvenlegur og í honum má meðal annars merkja keim af mandarínu, vanillu, myrru og patchouli. Nú er Opium fáanlegt í fallegri upprunalegri hönnun, sem gerir hann að fullkominni gjöf fyrir hverja þá konu sem haldin er pínulítilli fortíðarþrá og kann að meta fágaðan ilm.

Í heilsuræktarstöðinni Jafnvægi er lögð áhersla á andlega og líkamlega heilsu:

# Í JAFNVÆGI ER EKKERT STRESS

Ég hef verið að kenna jóga, pilates og halda tónlistarnámskeið fyrir börn í fimm ár og mig hefur alltaf dreymt um að stofna einhvers konar stúdíó utan um starfsemina,“ segir Hrafnhildur Sigurðardóttir, stofnandi heilsuræktarinnar Jafnvægis í Garðabæ. Hún er að mörgu leyti ólík öðrum heilsuræktarstöðvum sem í boði eru. „Ég vil að fólk geti komið hingað og kastað af sér stressinu sem truflar það dagsdaglega með því að komast inn í allt annað andrúmsloft. Hér er alltaf róleg tónlist og allt á þægilegu nótunum. Það eru fáir í hverjum tíma og lögð áhersla á að laga æfingarnar að hverjum og einum.“

Tímarnir í Jafnvægi byggja flestir á Stott Pilates, jóga og æfingum með TRX-bönd. Allar miða æfingarnar að því að þjálfa djúpvöðvana og hlúa að kjarna sínum. „Við erum að vinna með grunninn, bæði djúpvöðvana og grunninn í okkur sjálfum. Við vinnum innan frá og út, en ekki öfugt eins og er svo algengt.“ Morguntímarnir hennar hafa vakið mikla lukku, en þá kallar Hrafnhildur „orkugefandi morgunjóga“ og byggir þá á Hatai-jóga, sem virkjar orkustöðvar líkamans og gefur fólki kraft til að taka með sér út í daginn.

Tónlistarnámskeiðin fyrir börn, sem Hrafnhildur hefur staðið fyrir í nokkur ár, fara líka fram í Jafnvægi. Og nú er hún líka búin að gefa út bók, Með á nótunum 2, sem er framhald af fyrri bók Hrafnhildar. „Þetta er langþráð viðbót fyrir þá sem lásu og sungu upp úr hinni bókinni sem kom út árið 2006. Svo fylgir geisladiskur og nótur bókinni, þannig að þetta er upplagt fyrir tónlistarkennslu, leikskóla, ömmur og afa og alla þá sem syngja með börnum.“ **- hhs**



**Í Jafnvægi** Hrafnhildur Sigurðardóttir, eigandi heilsuræktarinnar Jafnvægis, segir að þar sé unnið innan frá og út, öfugt við hugmyndafræðina sem sumar aðrar heilsuræktarstöðvar byggist á. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**Með á nótunum 2** Hrafnhildur er ekki bara í heilsuræktinni heldur tónlistinni líka og hefur nýverið gefið út bókina Með á nótunum 2.

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN - NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

Draumastarfið í draumalandinu?

Einstaklega gefandi og skemmtileg starfsgrein sem er að sama skapi krefjandi og áhugaverð.

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

Umsóknarfrestur til 31. maí

www.mk.is

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025






**Kynning í Snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu,** Kringlunni dagana 27. mai - 2. júní. **Burberry Sport.**
**20% afsláttur á Burberry ilmum.**

Lyf & heilsa
Kringlunni



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Arna Ösp Guðbrandsdóttir, blaðamaður á Ynjunet.is

1



Ég byrja á að fara yfir upplifanir gærdagsins og vel eitthvað skemmtilegt úr myndavélinni eða kollinum til að deila með öðrum á veftímaritinu Ynjunet.is.

2

Sund með úttroðna tösku af dútli. Það er unaður að dóla sér í laugunum, liggja í sólbaði og sötra kaffi eða borða ís á meðan lesin er bók.

3



Því næst fer ég á Suðupott, skemmtilegan kaffistað þar sem arkitektar, umhverfissálfræðingar, heimspekingar og aðrir skiptast á hugmyndum.



4

Síðdegis fer ég með fjölskyldunni með teppi og bolta á einhvern notalegan grasbala. Fáum okkur ís og vöðum út í Elliðaárnar á öruggum stað.

5

Matarboð með vinum. Skemmtilegust og bragðbest eru samtínings matarboð þar sem óvæntar veislur verða til með framlagi allra.







Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Fylgstu með

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is



Kári Sigurðsson frístundaleiðbeinandi í Hólmaseli ásamt Stefáni Þór Pálssyni og Viktoríu Axelsdóttur sem hafa ásamt öðrum ungum Breiðhyltingum unnið ötullega að skipulagningu tónleikanna í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rokkað til góðs á Hólmstokk

**Ekkert er fegurra en vorkvöld í Reykjavík þegar enginn tímir að sofa en vill endalaust fagna sigri lífsins undir bláhimni og bleikum skýjum. Í kvöld verður rokkað til góðs undir berum himni í Breiðholti.**

„Hólmstokk á sér örugga tilvísun í Woodstock, eina frægustu útitónleika sögunnar, og við stefnum á æðisgengna útitónleika á björtu sumarkvöldi," segir Kári Sigurðsson, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Hólmaseli, um stærðarinnar útitónleika til styrktar BUGL og Barnahúsi á ÍR-vellinum við Skógarsel í kvöld.

„Undanfarin ár hafa litlir góðgerðartónleikar verið haldnir í Hólmaseli en unglingana langaði að gera þá stærri nú og halda útitónleika á fegursta tíma sumarsins. Til þess fengum við ÍR-völlinn lánaðan og Exton lánar okkur svið og hljóðkerfi að kostnaðarlausu. Þá var leikur einn að fá hljómsveitir og tónlistarmenn til leiks því allir vildu þeir gefa vinnu sína til styrktar málefnum barna og unglinga," segir Kári og hrósar í hástert ungum Breiðhyltingum sem eru potturinn og pannan í tónleikahaldinu í samvinnu við frístundamiðstöðina Miðberg.

„Það er ótrúlegur kraftur í unglingum þessa lands og þau öllum stundum tilbúin og virk til vinnu. Verkefnið er þeim mikils virði, þau setja í það blóð, svita og tár, og það er þeirra hjartans mál," segir Kári og vísar til ágóðans sem renna mun til styrktar Barna- og unglingageðdeild Landspítala og Barnahúss, en þessi tvö málefni voru unglingunum efst í huga.

„Misnotkun barna hefur verið áberandi í fjölmiðlum undanfarin misseri og það blöskrar þeim mjög. Þá fórum við starfsmenn Miðbergs í heimsókn á BUGL og smituðumst af því góða starfi sem þar er unnið, en þar vantar peninga og verður lokað í átta vikur í sumar vegna peningaleysis, og það særði réttlætiskennd unglinganna sem vildu beina þangað hluta ágóða tónleikanna líka."

Á Hólmstokk verða grillaðar pylsur og selt sælgæti og gos í boði SS og Ölgerðarinnar til styrktar málefnunum tveimur en aðgangseyrir á tónleikana er 500 krónur.

„Við viljum fá alla fjölskylduna því tónleikarnir eru ekki bara hugsaðir fyrir unglingana. Frá klukkan 18 til 20 höfðar tónlistin til allra og í restina klára Skíta-mórall og Reykjavík! þetta með trukki. Unglingar vilja raunverulega skemmta sér með fjölskyldu sinni en alveg sérstaklega sjá hana mæta og borga sig inn til að sýna stuðning sinn í verki og virðingu fyrir framtaki þeirra sem er mikils virði. Þarna verður til staðar alvöru útitónleikastemning og fáheyrt fjör; og því fleiri sem koma því betra, en við köllum eftir stuðningi gesta úr öllum aldurshópum stiga á svið eru aðhanæva að úr borginni."

Tónleikarnir hefjast klukkan 18 í kvöld og standa til 22. Meðal tónlistarmanna sem stíga á svið eru Skítamórall, Toggi, Reykjavík!, Lára, Haffi Haff, 32C, Pollapönk, Bee on Ice, ÉG og Friðrik Dór.

*thordis@frettabladid.is*



Hljómsveitin Skítamórall er þekkt fyrir að koma áheyrendum í stuð með trukki og dýfu.






**ALLT HEILSA**


Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



fridaskart.is



„Slétt og brugðið"

fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR & GULLSMIÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði




## Sumarnámskeið

### Fjölbreytt 2ja vikna námskeið í allt sumar!

**Innritun hafin! Skráning í síma 581 3730 og á jsb@jsb.is**

**JAZZDANS og PÚL námskeið fyrir þá sem elska að dansa og hafa áhuga á að koma sér í gott form**
- Byrjenda – og framhaldshópar. Áhersla á styrk, liðleika og fjölbreytta dansþjálfun.
- Þrjú tímabil, kennt 4x í viku: **31.maí – 10.júní, 14.júní – 24.júní, 28.júní – 8.júlí.**
- Kennarar eru: Ásdís Ingvadóttir, Guðmunda Pálmadóttir, Irma Gunnarsdóttir og Sandra Ómarsdóttir.

**Verð fyrir hvert tímabil er 8.900 kr.**

**STRAUMAR AÐ UTAN – klassískur ballett og nútímadans, 14. – 25.júní**
Krefjandi námskeið fyrir framhaldsnemendur frá 14 ára aldri.
- Kennt er 4x 90 mín. í viku.
- Tímar **kl.19:00 á mán. og mið. og kl.17:30 á þri. og föst.**
- Kennari: Lilja Rúriksdóttir, listdansnemi við Juilliard í New York.

**Verð á námskeiði: 10.000 kr.**

**JAZZ -FUSION 14+**
Spennandi jazzdansnámskeið fyrir byrjendur og framhaldsnema frá 14 ára aldri.
- Þrjú tímabil, kennt 3x í viku: **3.júní – 15.júní, 22.júní – 2.júlí, 6.júlí – 16.júlí.**
- Kennarar eru: Arna Sif Gunnarsdóttir, Guðmunda Pálmadóttir og Sandra Ómarsdóttir.

**Verð fyrir hvert tímabil er 7.500 kr.**

**KLASSÍSKUR BALLETT – NÚTÍMADANS, 3.-16.ágúst**
Krefjandi námskeið fyrir framhaldsnemendur frá 14 ára aldri.
- Kennt er 4x í viku, tvöfaldur tími - 90 mín. ballett og 75 mín. nútímadans.
- Tímar **kl. 16:40 – 19:25, kennt frá mánudegi til fimmtudags.**
- Kennarar: María Gísladóttir og Inga Maren Rúnarsdóttir.

**Verð á námskeiði: 18.900 kr.**

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

**Vertu með í sumar!**

DANSLISTARSKÓLI JSB
*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730*
*Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**
**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

laus



Klútur
vnr. 798405
3.499kr

true
Kjóll
st. S-XXL
vnr. 775081
3.999kr



Peysa
st. S/M-M/L
vnr. 789730
4.999kr

true
Kjóll
st. S-XXL
vnr. 788884
3.999kr

STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 787757
7.990kr



Bolur
st. S-XL
vnr. 790082
1.699kr

Buxur
st. S-XL
vnr. 787141
3.999kr

Sandalar
st. 36-41
vnr. 787880
4.999kr



true
Bolero
st. S-XXL
vnr. 789528
4.999kr

true
Bolur
st. S-XXL
vnr. 797013
2.299kr

true
Gallabuxur
st. S-XL
vnr. 789591
6.999kr

# true NÝJAR VÖRUR

true
Leggings
st. S-XXL
vnr. 789661
3.499kr

Sandalar
st. 36-41
vnr. 787878
4.499kr



Klútur
vnr. 798405
3.499kr

Bolero
st. S-XXL
vnr. 790085
3.999kr

true
Kjóll
st. S-XL
vnr. 788883
3.999kr



Bolur
st. S-L
vnr. 797016
2.499kr

Buxur
st. 6-14
vnr. 796650
4.999kr

STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 787756
7.990kr



true
Kjóll
st. S-XL
vnr. 797044
3.999kr

true
Leggings
st. S-XXL
vnr. 789661
3.499kr



Bolur
st. S/M-M/L
vnr. 797014
2.499kr

Skór
st. 36-41
vnr. 787735
5.999kr



Skór
st. 36-41
vnr. 787748
5.999kr



Sandalar
st. 36-41
vnr. 787899
5.999kr



Skór
st. 36-41
vnr. 787749
5.999kr



Jakki
st. 8-14
vnr. 789659
2.999kr

Bolur
st. S-L
vnr. 789538
999kr



HAGKAUP
Ein ferð betra verð


TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
VSOP er einungis úr sérvöldu dilkakjöti; vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott eru einkunnarorð VSOP. Kjötið er látið meyrna við kjöraðstæður. Hið einstaka bragð næst með úrvals koníaki og kryddblöndum sem eru sérlagaðar fyrir VSOP.
V·S·O·P vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott LAMBAKJÖT
V·S·O·P LAMBAKJÖT
færðu í Hagkaup!
EINGÖNGU Í HAGKAUP
VSOP LAMBA LÆRISSNEIÐAR
2.262 kr/kg.
Merkt verð 2.828.-
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
EINGÖNGU Í HAGKAUP
VSOP LAMBA TVÍRIFJUR
1.998 kr/kg.
Merkt verð 2.498.-
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
EINGÖNGU Í HAGKAUP
VSOP LAMBALÆRI
1.942 kr/kg.
Merkt verð 2.428.-
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
JACK DANIEL'S BBQ SVÍNARIF
1.119 kr/kg.
Merkt verð 1.598.-
Jack Daniel´s marineruð svínarif
ÍSLANDS NAUT
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.499 kr/kg.
Merkt verð 1.998.-
Nautavöðvi kryddleginn
Holta
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.796 kr/kg.
Merkt verð 2.395.-
Kjúklingabringur marineraðar í Texas legi og hvítlauk og rósmarín
Holta
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
2.027 kr/kg.
Merkt verð 2.895.-
Kjúklingalundir á grillspjóti kryddlegnar, ítalskar og indverskar
AMERÍSKAR BBQ SÓSUR
TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
Holta
TILBOÐ
KJÚKLINGALEGGIR TEXAS STYLE
647 kr/kg.
Jóa Fel sósurnar komnar aftur!
Jói FEL
REX BITAR
299 kr/pk.
Fanta exotic
NÝTT
TILBOÐ
HAMBORGARAR 2 STK. M/BRAUÐI, OSTI & SÓSU
594 kr/pk.
frábært sem meðlæti og á milli borgara!
KARTÖFLU KLATTAR
498 kr/pk.
Potato Patties
PEPSI MAX 2 LÍTRA
169 kr/stk.
FRENCH DOG DRESSING
389 kr/stk.
FRÖNSK PULSUBRAUÐ
499 kr/pk.
24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær
Gildir til 30. maí á meðan birgðir endast.
HAGKAUP Ein ferð betra verð

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örýrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Til sölu lítil rafstöð, 2500V kr. 45.000 s: 848 1476.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

## Ýmislegt

50.000 kr. Gjafabréf Icelandair til sölu á 20.000 kr. Fyrstur kemur - fyrstur fær Jón Birgir 844 2385.

# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**

An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS Fáðu kort og nudd frítt.**

NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - Tilboð - NUDD Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Eldavél (59-60 cm)óskast ódýrt/gefins. Uppl.s.699 4686.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Pug hvolpar til sölu.**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is S. 566 8417**
**Tökum visa/euro**

3 litlir svartir 9 vikna kettlingar fást gefins á góð heimili, eru kassavanir. Uppl. í s. 847 1057.

German Pincher, 1 árs (hundur) fæst gefins á gott heimili. Hreinræktaður frá H.R.F.Í. Uppl. í síma 893 0452.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.

Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

**Þarftu að leigja?**

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

Rentus LEIGUMIÐLUN

3 herbergja íbúð í 101. Uppl. í s. 849 3230.

Herb. og eldh. til leigu nálægt HÍ. 35þ. á mán. Uppl í S. 898 2862

Hellisgata Hafnarf. hús til leigu frá 1. júní 139þús á mán pallmarkan@hotmail.com 004797966571

Til leigu 81 fm. 3ja herb. íbúð á jarðhæð í rólegu og góðu fjölbýli á Hagamel í Vesturbænum. Stutt í flesta þjónustu ss. sundlaug, búðir, skóla, strætó ofl. Verð 147.000/mán. Vinsamlega hafið samband með emaili helgakristinth@yahoo.com eða s. 4990076

Til leigu risíbúð með sérinngangi við Laugaveg 101 Rvk. Upplýsingar í s. 861 0337.

Óðinsgata, til leigu 2 herb. íbúð, reyklaus. Verð kr. 80,000 á mánuði. Uppl. síma 898 4459. Laus 1 júní.

## Húsnæði óskast

Hjón með eitt barn óska eftir par- eða einbýlishúsi frá 1.júlí. Öruggar greiðslur. Sími: 697-8414

Reglusamt par óskar eftir 2-4 herb. íbúð í Reykjavík. Helst í kringum svæði 110. Helena: 8496506, Brynjar: 8682442.

Reglusöm miðaldra hjón óska eftir að taka íbúð á leigu í Reykjavík. 90 fm eða stærri, 3-4 herb. Skilvísar greiðslur, og tryggingar ef óskað er. Langtímaleiga æskileg. Uppl. veittar í s. 857 4676 eða tölvupóstur ymis@simnet.is

## Fasteignir



**Engihjalli 9- opið hús í dag**

Frábært verð Good flat for sale- Open house to day. Rúmgóð ca. 78 sqm ( fm ) íbúð á 1.hæð. Verð aðeins 12,8 millj. Björn tel 771 9432. To day 17.30-18.00 open house.



**Asparfell 10- opið hús í dag**

Frábært verð For sale big flat- Open house to day- very good price 94 sqm ( fm) íbúð á 6.hæð í lyftuhúsi. Góðar Suðursvalir laus strax. V. 15.2 millj. Open house Today 16.30-17.00.- Björn tel: 771 9432

## Sumarbústaðir

Til sölu fallegt 48 ferm sumarhús m. öllu innbúi í Brekkuskógi. Verð kr. 13 millj. Get tekið góðan húsbíl, lágþekju, uppl. s. 552 8329

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

26fm upphitaður bílskúr til leigu frá mánaðarmótum í Hólahverfi 111. Uppl. í s. 893 2217 milli 17-19.

## Gisting

Til leigu 3ja herb. íbúð í Hraunbæ, 110 Rvk. Leigist til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í s:893 3836, jonsist@simnet.is

Til leigu 2ja herb. íbúð miðsvæðis á Akureyri. Uppl. í s:893 3836, jonsist@simnet.is , www.oddeyrargata.shutterfly.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Tryggingamiðlun Íslands vantar fólk í kvöldstarf í símaveri fyrirtækisins. Umsóknir sendist á gisli@tmi.is

The Purple Rabbit vill kaupa djörf myndbönd íslenzkra kvenna. Nánari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

Skipstjóri við siglingar á Jökulsárlóni Jökulsárlón ehf. óskar eftir að ráða skipstjóra á hjólabát . Starfið felst í því að sigla með ferðamenn um Jökulsárlón. Umsækjendur þurfa að hafa réttindi til að stýra skipum sem eru 30 rúmlestir ( pungapróf). Upplýsingar og umsóknir sendist á agust@jokulsarlon.is eða í síma 868-4797 eftir kl 19

Vinna í sveit. Laust er starf í sveit á Norðurlandi, starfi er bæði við heimilisvinnu og úti vinnu. Upplýsingar í síma 892 7482.

Xodus ehf leitar að sölumanni/konu til að selja hugbúnaðarlausnir ásamt ýmsum vörum og þjónustu sem Xodus ehf hefur upp á að bjóða. nánar á www.xodus.is

**Hefur þú brennandi áhuga á snyrtivörum og vilt kynnast AVON tækifærinu ?**

Avon leitar að öflugum sölufulltrúum um allt land. Hafðu samband í síma 5772150 eða ths@avon.is

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

33 ára smiður óskar eftir vinnu. Upplýsingar í síma 899 9799.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

**Glæný eldheit upptaka**

Hún er ljóshærð, grannvaxin og græneyg og í þessari afar innilegu upptöku fylgist þú með henni klifra hærra og hærra og ná síðan hreint ótrúlegum endasprett. Ofboðslega innileg upptaka! Sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8144.

## Tilkynningar

Allt milli himins og jarðar

**VILTU GEFA OKKUR?**

Vantar föt, bækur, húsgögn eða annað sem þú getur séð af

**Sækjum ef óskað er / símar: 561 1000 - 661 1720**

**Nytjamarkaður Samhjálpar**

Stangarhylur 3 – 110 Reykjavík

Opið alla daga kl. 13 – 18 nema laugardaga og sunnudaga

## Óskast til leigu

# ÍBÚÐ ÓSKAST TIL LEIGU

Óska eftir að taka á leigu snyrtilega 2-3 herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Langtímaleiga.

**Árni Þór Sævarsson**
**Gsm. 821-7547 arnis@365.is**

# ÓSKAST TIL LEIGU

Hjón með 2 börn óska eftir 4-5 herbergja íbúð til leigu í hlíðunum. Skilvísum greiðslum heitið og góðri umgengni. Traustir leigjendur.

**Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir**
**gsm. 6993799 - svanhildur@365.is**

## Skemmtanir

# IRISH PUB Zaprasza

**Polska impreza z zespolem „Magic“**

**W Kazda sobote**

**START 22:00**

**Wstep Wolny**

Cafe Catalina

**Í kvöld spilar hljómsveitin SÍN**

***Kíkjið á www.catalina.is***

**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
**FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!**

Boltinn í beinni!

**Hádegismatur alla virka daga**

**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Góðar fréttir úr Kópavogi

Sveitarstjórnarkosningar

Guðmundur Freyr Sveinsson
frambjóðandi Y-lista Kópavogsbúa



Y-listi Kópavogsbúa býður fram fólk sem vill siðbót í stjórnsýslu Kópavogs og það ekki að ástæðulausu. Síðustu ár hafa einkennst af neikvæðum fréttum úr Kópavogi eins og neðangreind mál vísa til. Bæjarstjórinn Gunnar Birgisson þurfti að segja af sér í kjölfar þess að bærinn átti í umdeildum viðskiptum við fyrirtæki í eigu dóttur hans upp á um 40 milljónir. Verk Gunnars sem stjórnarformanns í Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar hafa einnig sætt rannsókn vegna meintra brota í rekstri sjóðsins en í stjórn hans sátu einnig formaður bæjarráðs Ómar Stefánsson og Samfylkingarmennirnir Flosi Eiríksson og Jón Júlíusson. Hestamannasvæði Gusts stendur eftir í óleystri stöðu þar sem milljarðar króna voru notaðir í viðskiptum bæjarins um land sem enginn veit hvernig á að nýta úr því sem komið er. Nú eru uppi deilur milli fyrrverandi landeiganda í Vatnsenda og Kópavogsbæjar sem hefur þegar greitt landeigandanum 8 milljarða en bærinn má eiga von á kröfu upp á 14 milljarða í viðbót fyrir land sem er lítils virði í dag. Nýlega þurfti bærinn að taka yfir rekstur á íþróttamannvirkjum í Kórnum upp á 1.600 milljónir af Knattspyrnuakademíunni sem sá ekki fyrir endann á fyrirhuguðum framkvæmdum á því svæði.

Í kjölfarið á stóraukinni skuldastöðu Kópavogsbæjar hefur þurft að skera niður í þjónustu bæjarins. Mikið hefur verið rætt og skrifað um lokanir í sundlaugunum og hver höndin var upp á móti annarri í Sjálfstæðisflokknum þegar eldri borgarar þurftu að fara að borga sjálfir fyrir sundferðirnar og þegar árshátíð starfsmanna bæjarins var tekin af nú í vetur. Það sem verst er í þessum niðurskurði er síðan það sem minna er talað um í fréttum en það er kerfisbundinn niðurskurður í lögbundinni starfsemi eins og til dæmis grunnskólum bæjarins.

Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að nú er tækifæri til að hreinsa til í stjórn bæjarins. Bæjarfélag með ríflega 30.000 íbúa á að vera leiðandi og til fyrirmyndar í rekstri og þjónustu við almenning. Fólk sem hefur kosið að setjast að í Kópavogi hefur engan hag af því að láta ráðskast með sameiginlega sjóði þannig að fjármálum bæjarins sé stefnt í voða. Fyrst og fremst þurfum við að geta treyst á góða grunnþjónustu fyrir íbúa bæjarins. Stjórnun bæjarins á ekki að lúta sérhagsmunum gömlu flokkanna hvorki til vinstri eða hægri og einstaklinga sem þeim eru tengdir.

Y listinn vill siðbót í stjórnsýslu og henni getum við náð með áherslu á siðareglur bæjarins, faglegum bæjarstjóra, bæjarfulltrúum sem sitja aldrei lengur en í tvö kjörtímabil, aukinni skilvirkni í nefndum og árlegum hverfafundum í öllum grunnskólum bæjarins. Leiðin til að ná þessum markmiðum er að gefa gömlu flokkunum frí til að hugsa sinn gang næstu fjögur árin. Við viljum fá góðar fréttir úr Kópavogi í framtíðinni.

# H? tekur yfir tölvunarfræðideild HR—DJÓÓÓK!

Háskólamál

Björn Jónsson
starfandi deildarforseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík



Ein af þeim greinum sem kennd er við fleiri en einn háskóla á Íslandi er tölvunarfræði. Eins og þekkt er, hefur upplýsingatækniiðnaður þróast upp í að vera umtalsverður hluti atvinnulífsins á Íslandi. Mörg af okkar sterkustu útflutningsfyrirtækjum byggja afurðir sínar að stórum hluta á tölvutækni. Þá hafa mörg sprotafyrirtæki orðið til á undanförnum árum, til dæmis í tölvuleikjaiðnaði, sem efla útflutningstekjur landsins.

Undirstaða slíks vaxtar er stöðugur straumur af starfsfólki út á atvinnumarkaðinn úr skólum landsins. Á þeim rúma áratug sem liðinn er frá því að tölvunarfræðideild HR tók til starfa, hefur hún orðið langstærsta tölvunarfræðideild landsins. Á árunum 2001-2008 útskrifaði HR alls 516 einstaklinga með B.Sc. gráðu í tölvunarfræði, eða rúmlega 70% allra útskrifaðra tölvunarfræðinga. Árið 2008 útskrifaði HR, svo dæmi sé tekið, 5 af hverjum 6 tölvunarfræðingum. Það má því spyrja sig: Hvar væri upplýsingatækniiðnaðurinn á Íslandi staddur án HR?

En það er ekki nóg með það að deildin sé sú stærsta á Íslandi og útskrifi flesta nemendur. Í viðurkenningarskýrslu um doktorsnám deildarinnar frá 2008 segir nefnd erlendra sérfræðinga að deildin sé sterkasta tölvunarfræðideild Íslands (s. 6) og að rannsóknir deildarinnar standa jafnfætis því sem gerist í „cutting-edge“ stofnunum á heimsvísu (s. 15). Sem dæmi um þennan styrk má nefna að vísindamenn deildarinnar rituðu meira en 80% af þeim íslensku vísindagreinum á sviði tölvunarfræði sem birtust í ISI tímaritum á árunum 2007-2009. Það þarf ekki að fjölyrða um það að sú þekkingarsköpun sem verður til í rannsóknarstarfi er lykilatriði í nýsköpunarstarfi og stofnun sprotafyrirtækja, og því er algerlega nauðsynlegt að hafa a.m.k. eina sterka rannsóknardeild í tölvunarfræði á Íslandi.

Það sem er samt allra best, er að tölvunarfræðideild HR hefur náð þessum árangri þrátt fyrir að hafa úr minna fé að spila á hvern nemanda heldur en helstu samkeppnisaðilar, þar sem heildarframlag á hvern nemanda frá ríkinu til rannsókna og kennslu er minna til HR en samkeppnisaðila. Þannig að í HR er hver útskrifaður nemandi í tölvunarfræði, og hver vísindagrein, ódýrari en annars staðar í íslenska háskólakerfinu.

Það að sumir starfsmenn annarra háskóla skuli telja sig geta tekið yfir þetta mikla starf, gert það betur, og sparað í leiðinni – eins og kom fram á forsíðu Fréttablaðsins síðasta föstudag – er auðvitað bara „djók“. Við vitum hvernig staðan var þegar HR var stofnaður og við vitum hvernig hún er núna, og það er auðvelt að sjá mikilvægi HR út frá mismuninum. Allar vangaveltur um breytingar á háskólakerfinu þurfa að taka tillit til þeirra gæða sem þar eru fyrir, þannig að uppbyggingu síðasta áratugar sé ekki fórnað í bráðræði. Háskólakerfið á Íslandi þarf að endast miklu lengur en efnahagskreppan.

En ef það á aðeins að vera ein tölvunarfræðideild á Íslandi, þá tala tölurnar skýru máli: hún á auðvitað að vera við HR.

> Allar vangaveltur um breytingar á háskólakerfinu þurfa að taka tillit til þeirra gæða sem þar eru fyrir, þannig að uppbyggingu síðasta áratugar sé ekki fórnað í bráðræði.

# Ég þori, get og vil

Samfélagsmál

Guðrún Árnadóttir
viðskiptafræðingur og meistaranemi í viðskiptasiðfræði við HÍ



Nýútkomin skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis staðfestir að einsleitni var sérstaklega mikil í forystuveit íslensks atvinnulífs undanfarin ár. Ungir, menntaðir og oft reynslulitlir karlmenn fóru með völd og mikla fjármuni. Á meðan horfðu stjórnmála- og embættismenn aðgerðalitlir á. Markmiðadrifin hugsun, áhættusækni og vanmat á aðstæðum kom þjóðinni í mestu fjármálakreppu og efnahagslægð lýðveldissögunnar. Varfærni og varaáætlanir eru hverju fyrirtæki nauðsynlegar og leggja þarf gagnrýnið mat á aðstæður hverju sinni. Stjórnendum margra fyrirtækja og stjórnmálamönnum bar ekki gæfa til að sinna því verki og nú glíma landsmenn allir við afleiðingarnar. Áhættusækni er tvíeggjað sverð.

Þrátt fyrir skýra kröfu samfélagsins um „Nýtt Ísland“ með nýjum áherslum þá birtast fréttir þess efnis að engin árangur hefur náðst í því að rétta hlut kvenna í forystu atvinnulífsins. Viljayfirlýsing milli Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og Verslunarráðs Íslands um að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs hefur engu breytt. Þá hefur verið ráðið í margar stöður í stjórnsýslunni án auglýsinga og virðast ríkisstjórnarflokkarnir skipta stöðum á milli sín. Það hefur ekkert breyst.

Höfundar að 8. bindi rannsóknarskýrslunnar (siðfræðihópur) hafa mælt með því í opinberri umfjöllun um skýrsluna að við tökum öll til okkar skilaboðin sem felast í skýrslunni og lærum af. Eitt af því er að fela konum ábyrgð og treysta þeim til forystu á öllum sviðum samfélagsins. Það er nauðsynlegt að auka fjölbreytni.

Rannsóknir hafa sýnt að fyrirtæki sem skipuð eru stjórnum af báðum kynjum sýna betri afkomu og líkur á vanskilum eru minni. Íslenskt viðskiptalíf hefur ekki efni á því að hafna þessum ávinningi. Í þeirri endurreisn sem framundan er verður að setja ný markmið og framkvæma. Skýr krafa er um bætt siðferði og aukna siðlega forystu í atvinnulífi, stjórnmálum og stjórnsýslu. Fyrirtæki landsins, ríki, sveitarfélög og opinberar stofnanir axla samfélagslega ábyrgð með því að hafa forgöngu á þessu sviði. Sömu aðilar hafa öll verkfæri til að fylgja breytingum eftir.

Góður vilji og fræðilegar hugmyndir er ekki nóg. Ryðjum hindrunum úr vegi og látum verkin tala. Íhaldssemi, þröng hugsun og sérhagsmunir mega ekki ráða för. Leggjum flokksskírteini til hliðar. Aukum jafnræði og vinnum af fagmennsku. Atvinnulífið er stærsti vettvangur mannlegra samskipta í þjóðfélagi okkar og þangað eiga konur fullt erindi. Áherslur og stefna fyrirtækja verður að vera sönn í sýnd og reynd. Það er allra hagur að breiðari hópur veljist til forystu í atvinnulífi og stjórnunarstörfum. Við höfum allt að vinna og engu að tapa. Breytum um hug og hætti. Konur þora, geta og vilja.



Kauptu mig!
ÉG ER ÓDÝR OG BRAGÐGÓÐ
JÓGÚRT SEM KEMUR Á ÓVART
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 10-0807

# Nú grillum við Eurovision

**Óskum Heru Björk og félögum logandi góðs gengis á morgun**



Ellingsen, 3 steypujárns-brennarar + hliðarbrennari og innrauður bakbrennari. Grillflötur 633 x 467 mm.

**18.250 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.

Verð 109.500 kr.



Ellingsen, 2 steypujárnsbrennarar. Grillflötur 450 x 467 mm.

**13.317 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.

Verð 79.900 kr.



Ellingsen, 4 steypujárnsbrennarar + hliðarbrennari og innrauður bakbrennari. Grillflötur 780 x 467 mm.

**21.650 kr.** í 6 mán. á vaxtalausum léttgreiðslum.

Verð 129.900 kr.

PIPAR\TBWA • SÍA • 101382



## Nýtt og einfaldara kerfi

Olís hefur innleitt Smellugas, nýtt og einfaldara kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á.

Smellugas



**Með öllum grillum fylgir:**

- 5 kg smellugashylki
- grillyfirbreiðsla
- kippa af 2 lítra Coca-Cola
- Lays-flögur

**Þú færð gasgrillið samsett og sent heim!***

olís

*Heimsending virka daga kl. 8–18 fyrir höfuðborgarsvæðið og Akureyri.

*Við höldum með þér!*



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arnheiður Helga Guðmundsdóttir**
Vallholti 16 Selfossi
(áður Sólbergi Stokkseyri)

lést mánudaginn 24. maí.

**Anna Jósefsdóttir** **Ingibergur Magnússon**
**Guðmundur Jósefsson** **Arndís Lárusdóttir**
**Sigmundur Sigurjónsson**
**Ólafur Jósefsson** **Rósa Kristín Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Oddgeirsdóttir**
Bogahlíð 13, Reykjavík,

lést þann 5. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför hennar. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjartadeildar 14G á Landspítalanum við Hringbraut fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Ólafur Oddgeir Sigurðsson**
**Íris Guðjónsdóttir** **Sveinn Elías Hansson**
**Pétur Óli Þorsteinsson** **Ásdís Rós Jóhannesdóttir**
**Arnar Birgir Ólafsson** **Helga Vilhjálmsdóttir**
**Irene Ósk Bermudez** **Arnar Jónasson**
**Dagný Ósk Pétursdóttir**
**Davíð Guðjón Pétursson**
**Hulda Rannveig Pétursdóttir**
**Hilmar Már Pétursson**
**og barnabarnabörn.**



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Einars H. Eiríkssonar**
frá Ísafirði, fv. skattstjóra í Vestmannaeyjum, Hraunvangi 3, Hafnarfirði.

**Guðrún Þorláksdóttir**
**Eiríkur Þ. Einarsson** **Anna Gísladóttir**
**Óskar S. Einarsson** **Kristrún Hjaltadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Bróðir minn, vinur og frændi,*

**Sigurður Gíslason**
Hrafnistu Reykjavík, áður til heimils í Bakkagerði 14,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju í dag föstudaginn 28. maí, kl. 15.00.

**Guðmundur B. Gíslason**
**Eygló Ragnarsdóttir**
**Ágúst Ingi Jónsson**
**og aðrir aðstandendur.**




**Legsteinar og fylgihlutir**
• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista
MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is




*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamömmu og ömmu,*

**Sigríðar Guðmundsdóttur**
Fjarðargötu 17, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 3b á Hrafnistu Hafnarfirði fyrir frábæra umönnun.

**Björn B. Líndal**
**Guðmundur Ingi Björnsson**
**Ingibjörg Bertha Björnsdóttir** **Guðmundur Pedersen**
**Árni Már Björnsson** **Ásrún Jónsdóttir**
**Sigurbjörn Björnsson** **Unnur Petra Sigurjónsdóttir**
**Vilborg Anna Björnsdóttir** **Sigurður Flosason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur, frændi og vinur,*

**Sigurður Ármann**
tónlistarmaður, Auðbrekku 2, Kópavogi,

lést á heimili sínu laugardaginn 22. maí sl. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 2. júní kl. 15.00.

**Margrét Örnólfsdóttir**
**Árni Kjartansson**
**Halldór Ármann Sigurðsson**
**Örnólfur Kristjánsson** **Helga Steinunn Torfadóttir**
**Eyjólfur Kristjánsson** **Guðrún Eysteinsdóttir**
**Anna Ragnhildur Halldórsdóttir** **Friðbjörn Eiríkur Garðarsson**
**Guðrún Lilja Hólmfríðardóttir** **Hákon Valsson**
**Hlíf Árnadóttir** **Einar Freyr Sigurðsson**
**Soffía Sólveig Halldórsdóttir** **Arnar Marvin Kristjánsson**
**og systkinabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóhanns Ágústs Guðlaugssonar**
frá Kolsstöðum.

**Steinunn Erla Magnúsdóttir**
**Árni H. Jóhannsson** **Sigrún Elfa Ingvarsdóttir**
**Bjarni Jóhannsson** **Ingigerður Sæmundsdóttir**
**Gunnbjörn Óli Jóhannsson** **Freyja Ólafsdóttir**
**Jóhann G. Jóhannsson** **Þórdís Þórsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur stuðning, samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Jóhanns Þorleifssonar**
Breiðabólsstað á Síðu.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar LSH fyrir einstaka umönnun og alúð.

**Sigurjóna Matthíasdóttir**
**Erna Margrét Jóhannsdóttir** **Þorsteinn Scheving Thorsteinsson**
**Sandra Brá Jóhannsdóttir** **Einar Bárðarson**
**Þormar Ellert Jóhannsson** **Sæunn Káradóttir**
**Henný Hrund Jóhannsdóttir**
**Kolbrún Tinna Ernudóttir**
**Jóhanna Ellen Einarsdóttir**

**RAGNHEIÐUR ÁSTA PÉTURSDÓTTIR ÞULA ER 69 ÁRA**

*„Allavega elliblettir á mig detta, hárin grá á höku spretta, hörmung er að lifa þetta."*



***Ragnheiður Ásta starfaði sem þula í Ríkisútvarpinu í rúma fjóra áratugi og flutti meðal annars jólakveðjurnar inn í stofu landsmanna. Rímuna orti hún í tilefni af sextugsafmæli sínu árið 2001.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MAÐUR KEMST LANGT Á HUGARFARINU** segir Þorsteinn Jakobsson göngugarpur en hann safnar áheitum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**LJÓSIÐ:** FAGNAR FIMM ÁRA AFMÆLI

# Tíu tindar til styrktar Ljósinu

Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem fengið hefur krabbamein og blóðsjúkdóma og aðstandendur þeirra, heldur upp á fimm ára starfsafmæli í dag. Í tilefni þess ætlar Þorsteinn Jakobsson göngugarpur að ganga tíu tinda á þrettán klukkutímum og safna áheitum til styrktar Ljósinu. „Mér finnst þetta gott málefni að styrkja og eitthvað sem snertir hverja einustu fjölskyldu," segir Þorsteinn sem lagði af stað klukkan fimm í morgun. Keilir, Sandfell, Helgafell og Valahnjúkar eru meðal tinda sem Þorsteinn gengur í dag en Esjan verður síðasti tindurinn. Þorsteinn áætlar að vera við Esjurætur milli klukkan 14 og 15 þar sem boðið verður upp á skemmtiatriði. Með göngunni vill Þorsteinn ekki síst vekja athygli á að hreyfing og útivist geri öllum gott og að hægt sé að sigrast á brattanum með jákvæðu hugarfari og hollu mataræði.

Erna Magnúsdóttir, iðjuþjálfi og forstöðukona stöðvarinnar hóf starfsemi Ljóssins í safnaðarheimili Neskirkju haustið 2005. Starfsemin vatt hratt upp á sig og flutti árið 2007 á Langholtsveg 43. „Um 300 manns koma hingað í hverjum mánuði og við þurfum að stækka við okkur húsnæðið. Söfnunin er ætluð til þess. Ljósið byggir á hugmyndafræði iðjuþjálfunar þar sem verið er að efla hvern einstakling til að vera virkur, til að hafa hlutverk og lifa lífinu lifandi," útskýrir Erna. „Fólk kemur hingað til að vera skapandi og byggja sig upp líkamlega og andlega með því að stunda handverk og líkamsrækt svo eitthvað sé nefnt. Við bjóðum einnig upp á ýmis námskeið og geta aðstandendur alltaf verið með. Þetta er lifandi fjölskylduhús þar sem við leggjum áherslu á að bjóða fólki inn í heimilislegt umhverfi."

Opið hús verður í dag á Langholtsvegi 43. Hægt er að heita á Þorstein með því að hringja í símanúmerið 9071001 og dragast þá 1000 krónur af símreikningi viðkomandi eða síma 9071003 fyrir 3000 krónur og 9071005 fyrir 5000 krónur. Bylgjan er með beina útsendingu frá húsnæði Ljóssins í dag en nánar má kynna sér starfsemi Ljóssins og söfnunina á heimasíðunni www.ljosid.is. **heida@frettabladid.is**



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Helga Þorvarðarsonar**
Frostafold 121.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 14 G á Landspítala við Hringbraut.

**Kristjana Hjartardóttir**
**Friðsemd Helgadóttir** **Kristinn Sigurðsson**
**Þorvarður Helgason** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Hrönn Helgadóttir** **Kristján Þ. Kristjánsson**

# Hjólaðu út í sumarið



JAMIS BICYCLES
WWW.JAMISBIKES.COM

**Hjóladeildin er í Holtagörðum!**

**Veglegur aukahlutapakki fylgir öllum Jamis hjólum á meðan birgðir endast:**

**Hjólastandur í hjólageymsluna eða bílskúrinn**
*
**Viðgerðasett**
*
**Pumpa**
*
**Brúsahaldari**
*
**Brúsi**

**Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis hjólunum.**
Öll hönnun Jamis hjóla hefur öryggi og þægindi í fyrirrúmi.
Í Jamis hjól eru aðeins notuð bestu fáanlegu efni og aukahlutir. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.

**Þú kemst leiðar þinnar á Jamis hjóli, hvert sem ferðinni er heitið!**

**0% VAXTALAUSAR LÉTTGREIÐSLUR allt að 6 mánuðum!**

## GÖTUHJÓL * GÖTUHJÓL * GÖTUHJÓL * GÖTUHJÓL * GÖTUHJÓL * GÖTUHJÓL * GÖTUHJÓL * GÖTUHJÓL



**Explorer 1.0**
6061 TIG álstell, SRAM 3.0, 7 gíra, Tektro V-bremsur og XC 60 mm framdempari.

**Verð: 58.990 kr.**



**Explorer 2.0**
6061 TIG álstell, Shimano Acera 21 gíra, Tektro V-bremsur og RST 191-T 80 mm framdempari.

**Verð: 69.990 kr.**



**Citizen 1**
6061 TIG álstell, Shimano ALTUS, 14 gíra, V-bremsur og 28” dekk.

**Verð: 61.990 kr.**



**Commuter 1**
7005 álstell, Shimano, 3 gíra Nexus, V-bremsur og 28” dekk.

**Verð: 71.990 kr.**

## FJALLAHJÓL * FJALLAHJÓL * FJALLAHJÓL * FJALLAHJÓL * FJALLAHJÓL * FJALLA



**Trail XR**
Enduro II stálstell, SRAM 3.0, 21 gíra og V-bremsur.

**Verð: 45.990 kr.**



**Trail X 1.0**
Enduro II 7005 álstell, Shimano Altus 21 gíra, V-bremsur og XC 60 mm framdempari.

**Verð: 54.990 kr.**



**Trail X 2.0**
Enduro II 7005 álstell, Shimano Acera 21 gírar, V-bremsur og RST 191-T 80 mm framdempari.

**Verð: 69.990 kr.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50419 05/10

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ WWW.UTILIF.IS

# ÚTILÍF






# Orðaleppar og angurgapar

**BAKÞANKAR Páls Baldvins Baldvinssonar**



Alltaf stinga upp kollinum nýir tískufrasar í tali þeirra sem fara með himinskautum í opinberri umræðu. Væri Orðabókinni sæmst að halda úti leppaskrá á netinu sem mældi tíðni frasanna og skilgreindi um leið hvaða hugmynd virðist liggja að baki – nú eða hugmyndaleysi. Í útvarpsþætti á gufunni á fimmtudag varð málsnjallri ungri konu tíðrætt um orku, ekki orkumál í skilningi virkjunarmála eða orkuneyslu landsmanna, nei, hún var að tala um persónuleika og hæfni flytjenda í dansverki. Jón var með öðruvísi orku en Gunna og orka karlmanna var önnur í samstarfi hópdans en orka kvenna. Líkast til er þetta bráðdrepandi smit úr nýaldarfræðum sem er lagst á sinnið á leikhúsfólki þar sem ég hef rekist mest á leppinn upp á síðkastið en hætt er við að leppasæknir spjallmenn taki það upp á stærri vettvangi.

**ÞANNIG** hlýtur Ögmundur Jónasson að hafa orku ólíka Pétri Blöndal, Hanna Birna að hafa orku ólíka Sóleyju Tómasdóttur. Auglýsing hennar sýnir aðra orku en auglýsingar Dags. Orkuþvaðrið er ígildi margra nákvæmari lýsinga á hæfileikum, geislun og áhrifamætti einstaklinga. Tiltækið að misnota orkuna á þennan hátt skilur raunar eftir tóm í merkingu, gat sem allir geta spáð í – vitaskuld vegna þess að þeir hafa mismunandi orku.

**VÍST** gæti Orkustofnun sett mælitæki á menn. Af okkur stafar krafti í hverju sem við tökum okkur fyrir hendur. Arkitekt greindi frá því að hitakostnaði í breskum barnaskólum væri haldið lágum yfir nótt og orkumagn nemenda sem kæmu heitir inn í morguninn dygði til að hækka hitastigið svo það yrði viðunandi til setu eftir tiltekinn mínútufjölda í skólastofunni að morgni dags. Við eigum örugglega heimsmet í orkusóun á hverjum degi í hitun húsa, keyrslu bíla, áti á rafmagni, vannýtingu á hæfileikum. Við erum jú vélar og á mörgum okkar sést í holdafari slakur orkubúskapur. Íslenskt samfélag gæti örugglega sparað mikið í orkuneyslu sinni og nýtt hana í annað og þarfara.

**EN** til þess að breyta því þarf líka orku. Breytingar útheimta líka orku og margir nenna því ekki, hafa ekki til þess þá hirðusemi sem þarf og þekkja ekki hvað orkan er okkur dýr af því að við hugsum ekki þannig. Við erum spreðarar á stórum skala. Við höfum þannig orku og það er eyðslusemi sem kostar mikla orku. Eða þannig.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





HERA OG HM FRAMUNDAN
HÁSPENNUTILBOÐ Í HÁTÆKNI
Í HÁSKERPU
FULL HD
42LD650N
42" LG
full HD 1080P
HDMI
USB UNIVERSAL SERIAL BUS
DivX
Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar
100Hz • 2 x USB 2.0 • 3 x HDMI • Intelligent Sensor 2
LAN • WiFi • DLNA • DivX
40.000 kr. afsláttur
Tilboðsverð 259.995 kr.
Verð áður 299.995 kr.
HT32S
LG 2.1 heimabíó
2 x 75W • DVD-spilari • 1080p uppskölun
HDMI • USB • Aux in • 150W bassabox
15.000 kr. afsláttur
Tilboðsverð 54.995 kr.
Verð áður 69.995 kr.
32LD320N
32" LG
HD ready
Frábær myndgæði • Upplausn 1366x768 punktar
USB • 2 x HDMI • XD Engine
20.000 kr. afsláttur
Tilboðsverð 129.995 kr.
Verð áður 149.995 kr.
HLB54S
LG Blu-Ray sound bar
LG Blu-Ray heimabíókerfi með stuðningi fyrir iPod, YouTube o.fl.
Hægt að streyma myndbönd, ljósmyndir og tónlist frá tölvu
70.000 kr. afsláttur
Tilboðsverð 249.995 kr.
Verð áður 319.995 kr.
FULL HD
PALLADINE
EPT4751MT
47" PALLADINE
Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar • USB
3 x HDMI • Íslenskt valmyndarkerfi
80.000 kr. afsláttur
Tilboðsverð 219.995 kr.
Verð áður 299.995 kr.
42LG2100
42" LG
Frábær myndgæði • Upplausn 1366x768 punktar
XD Engine • SRS True Surround (2x10W) • 2 x HDMI
50.000 kr. afsláttur
Tilboðsverð 149.995 kr.
Verð áður 199.995 kr.
42PJ350
42" LG
Frábær myndgæði • Upplausn 1024x768 punktar
600Hz • USB • 2 x HDMI • Stafrænn móttakari
30.000 kr. afsláttur
Tilboðsverð 169.995 kr.
Verð áður 199.995 kr.
HÁTÆKNI 1985-2010
25 ára
Hátækni
1985 - 2010
Opið: virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17
Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is
PIPAR\TBWA • SÍA • 101352

**!** **Kl. 20 í kvöld**

*Breski gamanleikurinn 39 þrep verður sýndur í Íslensku óperunni í kvöld og gefst því Faxaflóabúum tækifæri til að sjá þennan sprett-harða gamanleik sem hefur fengið einróma lof gagnrýnenda og vakið óskiptan fögnuð þúsunda leikhúsgesta norðan heiða. Sýningar verða fáar sunnan heiða á þessu vori.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Lýðveldið á eyrinni*



ANNA JÓA

Sýningin Lýðveldið á eyrinni verður opnuð á morgun kl. 14 í húsnæði Gamla kaupfélagsins á Þingeyri, en það er eitt af elstu verslunarhúsum landsins, byggt árið 1874. Sýningin er hluti af stórum sýningargjörningi hóps átta myndlistarmanna. Listamennirnir sem sýna eru: Anna Jóa, Bryndís Jónsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hildur Margrétardóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Kristín Geirsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá og Ólöf Oddgeirsdóttir.

Umfjöllunarefni sýningarinnar er sótt í ólíka afkima hins íslenska lýðveldis, tengsl okkar við menningu, náttúru og ólíkt rými sýningarstaðanna, sem gjarnan tengjast atvinnusögu þjóðarinnar. Hópurinn hefur gert víðreist og sýnt í óhefðbundnu sýningarhúsnæði svo sem í hlöðu við Mývatn, í yfirgefnum verbúðum í Ingólfsfirði á Ströndum og í húsnæði gömlu ullarverksmiðjunnar að Álafossi.

Sýningarnar standa í flestum tilfellum aðeins yfir eina helgi og hafa því yfir sér blæ gjörnings og því má líkja listamönnunum við farandverkamenn sem stoppa stutt á hverjum stað í stöðugri leit að nýjum verkefnum. Upphaf samstarfs listamannanna má rekja til sýningarinnar Lýðveldið Ísland sem haldin var í Þrúðvangi, Álafosskvosinni árið 2004 og tileinkuð var 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins.

Á laugardaginn verður boðið upp á léttar veitingar og harmonikkuleik og á sunnudag verður hægt að fylgjast með listamönnunum við vinnu sína. Allir eru boðnir velkomnir. Þess má geta að sýningarverkefnið hlaut styrk frá Menningarráði Vestfjarða.

### > Ekki missa af …

Árlegum vortónleikum kvennakórsins Emblu í Glerárkirkju á Akureyri og Laugarneskirkju í Reykjavík um helgina. Tónleikarnir í Glerárkirkju verða í kvöld kl. 20 og í Laugarneskirkju á sunnudaginn kl. 16. Einsöngvari með kórnum er Elín Ósk Óskarsdóttir sópran. Hljóðfæraleikarar eru Helga Kvam, harmonium, Richard Simm, píanó og Sophie Marie Schoonjans, harpa.

## BÓKSÖLULISTINN

*Bóksölulistinn er birtur á tveggja vikna fresti og mælir sölu íslenskra bóka. Listinn er byggður á upplýsingum frá flestum bóksölum landsins, dagvöruverslunum og öðrum verslunum sem selja bækur. Rannsóknarsetur verslunarinnar annast söfnun upplýsinga fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda. Eftirfarandi verslanir taka þátt í gerð listans: Bókabúð Máls og menningar, Bókabúðin Eskja, Bókabúðin Hamraborg, Bókabúðin Iða, Bókabúðin við höfnina (Stykkishólmi), Bóksala stúdenta, Bónus, Hagkaup, Kaupás, N1, Office 1, Penninn - Eymundsson, Samkaup*

Metsölulisti 10.05.10 - 23.05.10

| nr. | Titill | Höfundur | Forlag/útgefandi |
|---|---|---|---|
| 1. | **Hrunadans og horfið fé** | Styrmir Gunnarsson | Veröld |
| 2. | **Rannsóknarskýrsla Alþingis** | Rannsóknarnefnd Alþingis | Alþingi |
| 3. | **Góða nótt, yndið mitt** | Dorothy Koomson | JPV útgáfa |
| 4. | **Fyrirsætumorðin** | James Patterson | JPV útgáfa |
| 5. | **Hafmeyjan** | Camilla Läckberg | Undirheimar |
| 6. | **Sítrónur og saffran** | Kajsa Ingemarsson | Mál og menning |
| 7. | **Hálendishandbókin 2010** | Páll Ásgeir Ásgeirsson | Útgáfufélagið Heimur |
| 8. | **Missir** | Guðbergur Bergsson | JPV útgáfa |
| 9. | **Nemesis** | Jo Nesbø | Uppheimar |
| 10. | **Friðlaus** | Lee Child | JPV útgáfa |


DEILDARBUNGU-BRÆÐUR

Á STÓRDANSLEIK Í IÐNÓ Í KVÖLD



Föstudagskvöldið 28. maí.

Hin goðsagnakennda hljómsveit Staðaruppbótin hitar upp ásamt háleynilegum gestum!

Húsið opnar kl. 21.

EKKI MISSA AF SÖGULEGUM VIÐBURÐI!

Auglýsingasími 512 54 01

FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...


# Passar sem lok á pott

**Á morgun verður nýtt leik- og tónverk fyrir börn, Herra Pottur og ungfrú Lok, frumsýnt í Kúlunni, barnaleiksviði Þjóðleikhússins. Sýningin er bræðingur tónlistar eftir Bohuslav Martinu frá 1927 og sögu Christhophe Garda frá 2007 sem í fyrsta sinn er sögð í sviðsuppfærslu á Íslandi fyrir tilstilli Óperarctic félagsins.**



**LEIKLIST** Brúður, saga og tónlist skapa draumaheim í Kúlunni þessa dagana. MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/EDDI

Veröld herra Potts og ungfrúar Loks er allt í senn spennandi, undursamleg og heillandi fyrir öll börn allt frá fjögurra ára til hundrað og fjögurra. Með hjálp sex hljóðfæraleikara, að minnsta kosti jafnmargra brúða og einnar sögukonu, Sólveigar Simha, er áhorfendum fylgt hönd í hönd í ævintýralegt ferðalag um hið fagra draumaland Bohuslavs litla Martinus, drengs sem sér áhöldin í eldhúsinu lifna við. Ástir herra Potts og ungfrúar Loks fara nánast út um þúfur vegna afbrýðisemi daðurdrósarinnar Kvarnar. Pörupilturinn Klútur og hinn reglufasti herra Sópur dragast inn í atburðarás sem erfitt er að sjá fyrir endann á. Tónlistin segir einnig sögu, en það er saga djass, tangó, charleston og foxtrott.

Leikstjóri að verkinu er Ágústa Skúladóttir, en búninga, brúður og sviðsmynd skóp Katrín Þorvaldsdóttir. Sögumaður og leikari er Sólveig Simha.

Sýningardagar eru á morgun, 30. maí, 5. og 6. júní kl. 13 og 15. Ein sýning á frönsku 3. júní kl. 17. Sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2010 og er samstarfsverkefni Óperarctic félagsins og Þjóðleikhússins studd af Alliance française, Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóði, Barnamenningarsjóði og Barnavinafélaginu Sumargjöf.

Herra Pottur og ungfrú Lok er listrænt og fræðandi verkefni fyrir börn. Það miðar að því að kynna fyrir þeim töfraheim sígildrar tónlistar og leihússins í senn. Óperarctic félagið, sem hefur það að markmiði að setja upp óhefðbundnar tónlistarsýningar, vill með þessari sýningu vekja áhuga ungra hlustenda á þessu einstaka listformi sem reynir á allt í senn, rödd, líkama og hljóðfæraleik. Herra Pottur og ungfrú Lok er annað leikverk félagsins en kammeróperan Hugstolinn var sett upp á Listahátíð í Reykjavík 2004 og fór í leikför um Norður-Evrópu.

Fyrir nokkrum árum samdi franski leikhúslistamaðurinn Christophe Garda sögu, ævintýri fyrir börn, út frá raddskrá Bohuslavs Martinus og var verkið frumflutt í tónleikauppfærslu ásamt sögumanni við enduropnun Salle Pleyel-leikhússins í París árið 2007. Sama ár tók Sólveig Simha þátt í upptökum á vegum franska útgefandans Intrada á tónaævintýrinu. Hlöðver Ellertsson þýddi söguna á íslensku og í framhaldi af því ákvað Óperarctic félagið að setja verkið upp hér á landi. Sviðsuppfærsla Óperarctic félagsins í Þjóðleikhúsinu á sögu Garda við tónlist Martinus er sú fyrsta sinnar tegundar.

Með hjálp sex hljóðfæraleikara, að minnsta kosti jafnmargra brúða og einnar sögukonu, Sólveigar Simha, er áhorfandinn leiddur hönd í hönd í ævintýralegt ferðalag um hið fagra draumaland Bohuslavs litla Martinus.

pbb@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 28. maí 2010**



### → Tónleikar

**19.00** og **22.00** **Eivør Pálsdóttir** heldur tvenna útgáfutónleika í **Íslensku óperunni** við Ingólfsstræti. Einnig koma fram á tónleikunum kvennakórinn Graduale Nobili, auk karlaradda úr kór Langholtskirkju og nokkrir meðlimir úr Caput-hópnum.

**22.00** **Hvannadalsbræður** halda útgáfutónleika á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

### → Opnanir

**20.00** **Una Björk Sigurðardóttir**, **Katrín I. Jónsd. Hjördísard.** og **Greg Barret** sýna málverk, skúlptúra og leirmuni á sýningu sem opnar í gallery **Crymo** að Laugavegi 41a. Opið þri-sun kl. 13-18.

### → Sýningar

Í sýningarsal **Listasafns Reykjanesbæjar** í **Duushúsum** við Duusgötu hefur verið opnuð sýning á verkum fimm myndlistarkvenna: **Önnu Líndal**, **Guðrúnar Gunnarsdóttur**, **Hildar Bjarnadóttur**, **Hrafnhildar Arnardóttur** og **Rósu Sigrúnar Jónsdóttur**. Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-17.

### → Uppistand

**20.00** **Davíð Þór Jónsson** og **Steinn Ármann Magnússon** flytja uppistandssýninguna **Villidýr og Pólitík** eftir Ricky Gervais hjá **Leikfélagi Akureyrar** við Hafnarstræti á Akureyri.

### → Leikrit

**20.00** Leikhópurinn **CommonNonsense** sýnir verkið **Af ástum manns og hrærivélar** í **Kassanum**, sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindagötu. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

### → Dans

**20.00** **Ragnheiður S. Bjarnarson** sýnir dansverkið **Kyrrja** í **Norðurpólnum** við Norðurslóð á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

**20.00** Dansverkið **Bræður** eftir **Ástrósu Gunnarsdóttur** og **Láru Stefánsdóttur** verður sýnt í **Þjóðleikhúsinu** við Hverfisgötu. Nánari upplýsingar á www.listahatid.is.


BT
Eurovision helgartilboð!
Fyrir boltann
Enn meiri verðlækkun
SAMSUNG
Takmarkað magn
• Tegund: LCD - FullHD
• Upplausn: 1920 x 1080p
• Dýnamísk skerpa: High Contrast
• Endurnýjunartíðni: 50Hz
• Viðbragðstími: 6ms
• Móttakari: Háskerpumóttakari
• Myndvinnsluvél: Já, Samsung DNIe , Wide Colour Enhancer 2, 10bit litvinnsla
• Hátalarar: Já, 2x10W – SRS TruSurround HD & Dolby Digital Plus
• Tengi: SCART(2), VGA, HDMI(4), Component, Composite, Optical, Mini-Jack(3,5mm), USB, Antenna,
• Hæð(x)Breidd(x)Dýpt: 63,8(x)99,8(x)7,9 cm
• Annað: Media Center, Game Mode, Anynet
37"
179.999
199.999
40"
209.999
229.999
Myndavél
OLYMPUS
Olympus E-450
10 Megapixlar
28 mismunandi "skot" stillingar
Þráðlaus stýring fyrir flass
AF Live View
Tvær linsur fylgja:
Zuiko 14-42 mm.
Zuiko 40-150 mm.
99.999
119.999
Playstation 3
120GB
64.999
69.999
250GB
74.999
79.999
Blu-ray Disc
Leikir
10.999
11.999
11.999
MP3 spilari
16GB
SAMSUNG
Samsung MP3 spilari
16 GB flash minni
2.4" LCD skjár
FM útvarp
Innbyggður diktafónn
MP3 / WMA / Ogg / FLAC
WMV / MPEG4
Rafhlöðuending allt að 50 klst.
29.999
MP3 spilari
8GB
Coby MP3 spilari
2.0" bjartur LCD skjár
8GB minni (ca.2500lög)
FM útvarp með stöðvaminni
Spilar tónlist,video og ljósmyndir
MP3 / WMA / MPG / VOB
MPEG4 / AVI / FLV / WMV
Rafhlöðuending allt að 11 klst.
14.999
17.999
Myndir
2.799
2.499
2.499
Blu-ray útgáfa kr. 3.799 kr.
Tónlist
1.999
2.499
1.799
Ferðatæki
CD
Scott ferðatæki
SC SX25SR
7.999
9.999
DVD ferðaspilari
DVD
DMTECK
NLPDV9708B
19.999
Skilaðu inn 3 stk. spiluðum PS3 leikjum eða fleiri og þú færð 25% hærra verð fyrir!
spilað & skilað
Inneignarnótur BT gilda einnig í
ORMSSON
Sjónvarpsflakkari
500G
Verbatim Full HD sjónvarpsflakkari með upptöku og DVB-T Tuner
Taktu upp HM leikina og horfðu á þá aftur og aftur!
Spilar FULL HD 1080i (h.264)
Spilar af USB eða SD korti
10/100 tengi
One Touch Recording
HDMI / Component / Composit
59.999
69.999
Flakkari
Verbatim 1.0 TB harður diskur
1TB
19.999
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

> ELSKAR SLÚÐRIÐ

Orðrómur um að tónlistarkonan Lady Gaga sé tvítóla hefur lengi verið á sveimi. Söngkonan segist þó ekkert hafa á móti orðrómnum, ólíkt mörgum öðrum. „Ég hrífst mjög af þessum orðrómi og vegna hans elska ég aðdáendur mína aðeins enn meira. Þeir koma á tónleika mína sem sýnir mér bara það að þeir eru fordómalausir, þeim er alveg sama hvers kyns ég er og það er aðdáunarvert því fordómar eru alls staðar í dag.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

## S.H. Draumur spilar á Airwaves

Hljómsveitir frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Finnlandi hafa bæst við dagskrá tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves. Sömuleiðis hefur pönktríóið sögufræga S.H. Draumur ákveðið að spila á hátíðinni. Þetta verður í fyrsta skipti í sautján ár sem hljómsveitin stígur á svið og eru tíðindin því hvalreki á fjörur íslenskra rokkáhugamanna.

Frá Bretlandi kemur popparinn og plötusnúðurinn Alex Metric ásamt sérstökum gesti, ungstirninu Charli XCX. Metric endurhljóðblandaði nýverið Gorillaz-lagið Stylo og er mikils metinn í heimalandi sínu. Einnig kemur hingað breska þjóðlagasveitin Tunng, gítarpoppsveitin Everything Everything og elektródúóið Mount Kimbie. Frá Bandaríkjunum koma Tune-Yards, indí-rokkararnir The Antlers og stuðgjafarnir Hercules and Love Affair. Frá Finnlandi kemur síðan hljómsveitin Jaakko and Jay. Áður höfðu hljómsveitir á borð við JJ, Efterklang, Junip, Joy Formidable, Dikta, Hjálmar og Hjaltalín boðað komu sína á hátíðina.

Miðasala á Airwaves er í fullum gangi og kosta miðar 11.900 kr. Þá má nálgast á síðunni Icelandairwaves.is. 1. júlí hækkar miðaverðið og svo aftur 1. september. Hátíðin sjálf fer síðan fram dagana 13. til 17. október. - fb



**ALEX METRIC** Popparinn og plötusnúðurinn Alex Metric spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni í október. MYND/DAN WILTON

## Með nýjan þjóðsöng

Gunnar Reynir Þorsteinsson, trommari í Bermúda, hefur gefið út sitt fyrsta lag sem nefnist hinu hógværa nafni Nýi þjóðsöngurinn. Lagið fjallar um íslenska bankahrunið þar sem orðið „bananalýðveldi“ er sungið á grípandi hátt í viðlaginu. „Þetta er ársgamalt lag. Ég spilaði það óvart í partíi í Mosfellsbæ um daginn fyrir Sálarball og þetta var að hitta þvílíkt í mark,“ segir Gunni. „Það var hringt mikið í mann eftir þetta og spurt hvort maður ætlaði ekki að drífa sig að taka þetta upp.“ Hann segir að lagið hafi fyrst og fremst verið gefið út í gamni, enda sé bráðnauðsynlegt að hafa gaman af lífinu. - fb



**GUNNAR Í BERMÚDA** Fyrsta lag Gunnars, Nýi þjóðsöngurinn, er komið út.

## Lee losaði sig við feimnina

**Lee DeWyze frá Illinois í Chicago bar sigur úr býtum í níundu þáttaröð American Idol. DeWyze tókst að yfirbuga feimnina í lokaþættinum og skjóta hinni sigurstranglegu Crystal Bowersox ref fyrir rass.**

„Ég hef aldrei verið jafnhamingjusamur,“ sagði DeWyse eftir að sigurinn var í höfn. Hann fékk í sinn hlut plötusamning og fyrsta lagið með honum verður ný útgáfa af U2-laginu Beautiful Day. „Þetta snýst ekki um að mig langi að verða stjarna og hverfa síðan af sjónarsviðinu. Mig langar að gera þetta í langan tíma og það skiptir mig miklu máli. Að vera trúr sjálfum mér og semja góða tónlist,“ sagði hann.

Hinn 24 ára DeWyze starfaði sem aðstoðarmaður í málningarverslun þegar hann hóf þátttöku sína í American Idol. Þrátt fyrir augljósa sönghæfileika var honum lengi vel legið á hálsi fyrir að hafa ekki nægilegt sjálfstraust og að hann hefði ekki nógu mikla trú á að hann gæti unnið keppnina. Annað kom á daginn og DeWyze sigraði hina kraftmiklu og blúsuðu söngkonu Crystal Bowersox á úrslitakvöldinu.

Dómarinn Simon Cowell hreifst alla þáttaröðina af DeWyze og vissi allan tímann að hann gæti náð alla leið. Barðist hann meira að segja fyrir áframhaldandi þátttöku hans. „Hann vann í málningarbúð. Hann er hæfileikaríkur. Það hefur ekki gengið mikið upp hjá honum í lífinu og þessi keppni hefur gefið honum tækifæri og það finnst mér frábært,“ sagði Cowell áður en DeWyze tryggði sér sigurinn.



**SIGURINN Í HÖFN** Lee DeWyze er sigurvegari níundu söngvakeppninnar Amercian Idol. NORDICPHOTOS/GETTY

Cowell sjálfur hverfur nú af sjónarsviðinu sem dómari eftir áralanga þjónustu og mun næsta vetur stjórna bandarísku útgáfunni af X-Factor. Hann þakkaði áhorfendum kærlega fyrir sig í lokaþættinum. „Ég hélt að tilfinningarnar myndu ekki bera mig ofurliði en það gerðist samt,“ sagði Cowell. „Allir hafa spurt mig hver kemur í staðinn fyrir mig sem dómari. Sannleikurinn er sá að þið eruð dómararnir í þessum þætti og þið hafið staðið ykkur ótrúlega vel í gegnum árin.“

freyr@frettabladid.is

LAGERSALA VINNUFATNAÐUR
Síðustu dagar í dag og á morgun
66° NORÐUR
70 - 90% afsláttur af völdum vörum
15% afsláttur af öllum öðrum vinnufatnaði


Tindur jakki 6.500 kr.


Vinnubuxur 2.000 kr.


Með góðum vösum
Vinnubuxur 2.500 kr.


Bómullar samfestingur 2.000 kr.


Vinnujakki loðfóðraður 4.000 kr.


Með góðum vösum
Smekkbuxur 4.000 kr.


Flíspeysa m/ styrkingum 2.000 kr.


Smíðavesti 2.500 kr.

www.66north.is
Faxafeni 12: Fös. 8 – 18 | Lau. 11 – 16
Glerárgata Akureyri: Fös. 10 – 18 | Lau. 11 – 16
Miðhraun 11: Fös. 8 – 18 | Lau. 11 – 15

SUMAR HÚSGÖGN
ILVA einfaldlega betri kostur




© ILVA Ísland 2010
Marine. Fellistóll. Harðviður. Verð 7.900,-
Kingsbury. Fellliborð. 93x93 cm. Harðviður. Verð 24.900,-
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18
mánudaga - föstudaga 11-18:30 s: 522 4500 www.ILVA.is



**Í NOREGI** Stórsveit Samma spilar í kvöld.

## *Sammi spilar í Noregi*

**Stórsveit Samúels J. Samúelssonar spilar í kvöld á Nattjazz-hátíðinni í Bergen í Noregi. Á meðal annarra tónlistarmanna sem koma fram á hátíðinni eru Maria Kannegaard, Roy Hargrove, Tony Allen, Bonnie Prince Billy og norski djassarinn Nils Petter Molvaer. Nattjazz er ein stærsta djasshátíðin í Norður-Evrópu. Hún stendur yfir í ellefu daga og lýkur 5. júní. Frá stofnun hennar árið 1972 hefur komið þar fram fjöldi frægra listamanna og má þar nefna Stan Getz, Herbie Hancock, James Brown, Van Morrison, The Band og Macy Gray.**


SNABBA CASH
byggð á metsölubókinni FUNDIÐ FÉ
Bíómiði á *Snabba Cash* fylgir kaupum á kiljum Jens Lapidus í verslunum Eymundsson í Kringlunni og Smáralind meðan birgðir endast
Alvöru spennusaga eftir sænska krimmakrónprinsinn Jens Lapidus
Lestu þær báðar
JÄVLA SNILLE!
Jens Lapidus
FUNDIÐ FÉ
JENS LAPIDUS
FOKKING
KLÚÐUR
eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10 (POWER) | 12 |
| CENTURION | 6, 8 og 10 | 16 |
| BROOKLYN´S FINEST | 8 og 10.30 | 12 |
| HUGO 3 | 4 | L |
| NANNY MCPHEE & THE BIG BANG | 5 | L |

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3D - 5:30D - 6 - 8D - 8:30 - 10:30D | 10 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 10:30 | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| COPS OUT | kl. 8 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| KICK ASS | kl. 3:40 - 5:50 - 10:50 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3D - 5:30D - 8D - 9 - 10:30D | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 5:30 - 8 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| BACK UP PLAN | kl. 8 | L |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 10:10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| CENTURION | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 5 - 10.20 | 12 |
| ROBIN HOOD LÚXUS | kl. 5 - 8 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 8 | L |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BROOKLYN´S FINEST | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| YOUTH IN REVOLT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 | 16 |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 6 - 9 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| OCEANS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 | L |




**NÝ KYNSLÓÐ Í LEIKHÚSINU** Leikstjórinn Halldór Halldórsson, Snorri Helgason, höfundur tónlistar, og Bergur Ebbi Benediktsson leikskáld í Norðurpólnum. Leikritið Klæði verður frumsýnt þar um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Það er reynsla í famelíunni

**Dóri DNA leikstýrir nýju leikverki Bergs Ebba Benediktssonar sem frumsýnt verður um helgina. Hann segist vera stressaður fyrir þessa frumraun sína en er sannfærður um að snilldarverk sé í fæðingu.**

„Ég verð eiginlega aldrei stressaður. Ég er meira að segja oft kallaður Ísmolinn. En nú verð ég að viðurkenna að ég er stressaður," segir Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA. Dóri er leikstjóri og höfundur leikgerðar í leikverkinu Klæði sem frumsýnt verður í nýja leikhúsinu Norðurpólnum úti á Seltjarnarnesi á sunnudaginn. Verkið er eftir Berg Ebba Benediktsson og það er Sprengjuhallarmaðurinn Snorri Helgason sem semur tónlistina. Leikarar í sýningunni eru Hjörtur Jóhann Jónsson, Ólafur Ásgeirsson, Sara Margrét Nordahl og Snorri Engilbertsson.

Dóri segir að leikritið hafi upphaflega verið einstaklingsverkefni sem hann vann að í námi sínu í Fræði og framkvæmd í Listaháskóla Íslands. Hann og Bergur Ebbi hafi svo ákveðið að vinna betur með leikritið. „Við höfum allir gert ýmislegt, ég, Bergur og Snorri, en þetta er alveg nýtt fyrir okkur öllum. Við erum samt bara kokhraustir enda getur maður ekki alltaf verið að vaða í grunnu lauginni. Þetta er líka kjörið tækifæri til að setja upp í þessu nýja leikhúsi."

Aðspurður segir Dóri að leikritið fjalli um tvo menn sem báðir eru að gera hosur sínar grænar fyrir sömu konunni. Þeir beita mismunandi aðferðum enda hefur hvert þeirra þriggja mismunandi sýn á lífið. „Þetta er lítil sýning sem tekur á mjög stórum málefnum," segir leikstjórinn. „Þarna eru margar álitlegar spurningar um ástina. Sýningin er hlý en með kómískum undirtón, eins og allt sem við gerum því við getum ekki tekið okkur alvarlega."

Móðir Halldórs er Guðný Halldórsdóttir kvikmyndaleikstjóri. Hann er því barnabarn nóbelskáldsins Halldórs Laxness. Dóri er spurður hvort fjölskyldan sé eitthvað með í ráðum. „Ég hef auðvitað leitað til fólksins í kringum mig og hef fengið mömmu og frændur mína til að aðstoða mig. Það er reynsla í fjölskyldunni."

Klæði verður sýnt sex sinnum á þremur dögum og svo verður sýningum bætt við ef vel gengur. Allar upplýsingar má finna á Miði.is. Dóri segir að fólk sem láti sjá sig verði ekki svikið. „Þetta er gott verk. Ég er sannfærður um að ég hafi það næmi sem þarf til að gera þetta. Og svo erum við með frábæra leikara og frábæran hóp. Það er á svona stundum sem snilldin verður til."

**hdm@frettabladid.is**


TVÆR HENDUR TÓMAR...

Ein frægasta skáldsaga Evrópu, *Sultur* eftir Nóbelsverðlaunahafann Knut Hamsun, er nú loksins fáanleg að nýju.

**Hugtæk, nöturleg og hrífandi saga sem á engan sinn líka.**

Formála ritar Halldór Guðmundsson.
Jón Sigurðsson frá Kaldraðarnesi þýddi.




FORLAGIÐ
www.forlagid.is



RAFVÖRU MARKAÐURINN
RAFMAGNSVERKFÆRI
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
3995-
BORVÉL 500W
3995-
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM
2995-
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
6995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
6995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
8995-
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W
8595-
BELTASLÍPIVÉL 900W
3995-
HLEÐSLUBORVÉL 12V
2995-
SLÍPIMÚS
TILBOÐ!
16.949-
SLÁTTUVÉL
5995-
HJÓLSÖG 1400W
2995-
JUÐARI
2995-
STINGSÖG 350W
12.959-
LAUFSUGA - BLÁSARI
3495-
SLÁTTUORF 200W
6995-
SLÁTTUORF 500W
4795-
FRÆSARI
4495-
BÓNVÉL
15.595-
SLÁTTUORF BENSÍN
10.990-
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
12.474-
SLÖNGUKEFLI
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## 14 DAGAR Í HM

**Ítalinn Paolo Rossi** varð markakóngur HM 1982 á Spáni þrátt fyrir að vera ekki enn búinn að skora þegar Ítalir voru búnir að spila 365 mínútur í keppninni. Rossi skoraði aftur á móti sex mörk í síðustu þremur leikjum liðsins, þrennu á móti Brasilíu í leik sem tryggði liðinu sæti í undanúrslitunum (3-2 sigur), bæði mörk liðsins í undanúrslitunum (2-0 sigur á Póllandi) og síðan fyrsta markið í 3-1 sigri á Vestur-Þjóðverjum í úrslitaleiknum.



**sport**
sport@frettabladid.is

GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON OG BIRKIR BJARNASON: NÝLIÐARNIR Í LANDSLIÐSHÓPNUM Á MÓTI ANDORRA

# *Svo lengi sem ég spila ekki í vörninni þá er ég sáttur*

Gylfi Þór Sigurðsson hjá Reading og Birkir Bjarnason hjá Viking í Noregi eru einu nýliðarnir í íslenska landsliðinu sem mætir Andorra á Laugardalsvelli á laugardaginn. Þeir Gylfi og Birkir þekkjast vel úr yngri landsliðum og eiga það sameiginlegt að hafa verið sjóðheitir með liðum sínum það sem af árinu 2010.

Gylfi Þór Sigurðsson er kominn í landsliðshópinn og eru margir búnir að bíða lengi eftir því „Ég er einn af þeim," segir Gylfi. „Það er fínt að vera kominn í hópinn núna og það verður gott tækifæri á móti Andorra til að sýna hvað maður getur," segir Gylfi. „Ég hef ekkert spjallað við Ólaf um hvar hann vill að ég spili. Svo lengi sem ég spila ekki í vörninni þá er ég sáttur. Það skiptir ekki máli fyrir mig hvort ég er á kantinum, á miðjunni eða frammi. Ég er bara ánægður svo lengi sem ég fæ að spila," sagði Gylfi. Birkir Bjarnason hefur aðeins meiri reynslu af landsliðinu. „Ég var í einum hóp í Skotlandi í fyrra en ég vona að ég fái eitthvað að spreyta mig núna," segir Birkir sem hefur spilað vel með Viking. Hann er þekktur fyrir að skora stórglæsileg mörk. „Ég skora ekki bara frábær mörk því ég pota honum inn einstaka sinnum líka," segir Birkir. „Ég vona að ég fái tækifæri til að sýna mig aðeins og spila þá stöðu sem mér finnst best. Ég er að spila í þriggja manna miðju hjá Viking og það er sú staða sem mér finnst best," segir Birkir. „Það verður spennandi að sjá hvernig þetta verður enda bíða margir ungir leikmenn eftir tækifærinu."

Faðir Birkis er Bjarni Sveinbjörnsson sem gerði garðinn frægan með Þór og ÍBV á sínum tíma. „Ég held hann hafi spilað einn landsleik og svo meiddist hann í næsta leik. Ég vona að ég nái að spila lengur en pabbi."






## Lið 4. umferðarinnar

**Liðið spilar leikkerfið 3-5-2**

| | |
|---|---|
| **Albert Sævarsson** | **ÍBV** |
| James Hurst | ÍBV |
| **Daníel Laxdal** | **Stjarnan** |
| Haraldur Freyr Guðmundsson | Keflavík |
| **Haukur Baldvinsson** | **Breiðablik** |
| Bjarni Guðjónsson | KR |
| **Andri Ólafsson** | **ÍBV** |
| Kristinn Steindórsson | Breiðabliki |
| **Alfreð Finnbogason** | **Breiðabliki** |
| Hjálmar Þórarinsson | Fram |
| **Danni König** | **Val** |

**ANDRI ÓLAFSSON** Skoraði tvö mörk í 3-0 sigri ÍBV á Val. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ólíkir en náum vel saman

**Haukur Baldvinsson er leikmaður 4. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Blikar unnu í umferðinni góðan 2-0 sigur á Íslandsmeisturum FH þar sem að stórhættuleg sóknarlína Breiðabliks var í aðalhlutverki.**

**FÓTBOLTI** Haukur Baldvinsson, leikmaður Breiðabliks, er leikmaður 4. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann var valinn maður leiksins þegar Breiðablik vann sannfærandi 2-0 sigur á Íslandsmeisturum FH á mánudagskvöldið.

„Það sem var skemmtilegast við þetta var að þetta var okkar annar sigur í röð og við náðum að afsanna að við kunnum ekki að halda forskoti," sagði hann í léttum dúr. Breiðablik missti niður 2-0 forystu gegn Fram í 2. umferð en komst einnig í 2-0 gegn FH í þriðju umferð mótsins í fyrra. FH vann hins vegar leikinn á dramatískan máta, 3-2.

„Sá leikur var ekkert sérstaklega rifjaður upp fyrir leikinn gegn FH nú," sagði Haukur. „Við vorum smá taugaóstyrkir í leiknum gegn Fram en við vissum sjálfir að við getum vel haldið forystu í leikjum enda höfum við klárað síðustu tvo leiki mjög sannfærandi."

Hann segir það þó vissulega hafa verið ljúft að hafa náð að hefna ófaranna frá því í fyrra. „Það er alltaf ljúft að vinna FH," sagði hann og hló.

Sóknarlína Breiðabliks er óárennileg með þá Hauk, Kristin Steindórsson og Alfreð Finnbogason framarlega á miðjunni og Guðmund Pétursson á toppnum.

„Okkur líður mjög vel saman. Ég, Kiddi og Alfreð spiluðum allir saman í yngri flokkunum og Gummi bættist svo við síðasta sumar og spilaði frábærlega. Það er því ekki hægt að kvarta mikið undan þessu. Við erum allir frekar ólíkir leikmenn en við náum vel saman inni á vellinum og þetta hefur gengið mjög smurt fyrir sig," sagði Haukur.

Honum líst því vel á sumarið og Blikarnir hafa greinilega sett sér háleit markmið fyrir tímabilið. „Ég er mjög ánægður með það sem komið er. Við ætlum að vinna næstu leiki og halda einfaldlega áfram."

Breiðablik mætir næst ÍBV á útivelli en Eyjamenn hafa einnig unnið tvo leiki í röð. Bæði lið eru með sjö stig en þetta verður þó fyrsti leikur sumarsins í Vestmannaeyjum. Hann fer fram á sunnudaginn.

„Þeir hafa verið mjög heitir og ég á von á hörkuleik. Það er alltaf gaman að koma til Eyja og mikil og góð stemning þar. Síðast unnum við þar í miklum rokleik og vonandi verður veðrið betra núna," sagði hann.

Þess má svo geta að Haukur útskrifaðist úr Verslunarskólanum en fór ekki með í útskriftarferð samnemenda sinna. „Þau fóru til Costa del Sol á þriðjudaginn og ég er búinn að fá nokkrar hringingar þaðan síðan þá. En maður verður að fórna ýmsu fyrir boltann og ég sé ekki eftir þessu vali."

eirikur@frettabladid.is




**HAUKUR BALDVINSSON** Átti stórleik gegn FH eins og fleiri í liði Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Óm
SNYRTIVÖRUR

**Opna Óm mótið**

***verður haldið á Hellu sunnudaginn 30 maí.***

***Betri bolti / tvímenningur, hjóna- og parakeppni***. Bæði slá upphafshögg síðan er haldið áfram með betri boltann og skipst á. Puntkakeppni, gefin er helmingur af samanlagðri forgjöf. Verðlaun fyrir 1. 2. og 3 sæti, verðlaunagripir og snyrtivörupakki. Nándarverðlaun á 2. og 13. holu bæði fyrir konur og karla. Teiggjafir.

**Skráning á www.golf.is**







Styrktarsamningar undirritaðir hjá Golfsambandi Íslands í gær:

# Kreppan ekki dregið úr áhuga

**GOLF** Golfvertíðin fer formlega af stað um helgina en í gær voru undirritaðir styrktarsamningar þeirra fyrirtækja sem koma að starfi Golfssambands Íslands í sumar. Keppnismótaröðin sem hefst um helgina mun bera nafn Eimskips en fjöldi annarra fyrirtækja kemur að starfi GSÍ í sumar.

„Það var ekki erfitt að safna styrkjum," sagði Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri GSÍ, í samtali við Fréttablaðið. „Það er jákvæður tónn í þeim fyrirtækjum sem við reyndum að fá til liðs við okkur. Kröfurnar eru aðrar nú en þær hafa verið og menn hófstilltari. Samstarfssamningarnir eru því öðruvísi en áður. En þrátt fyrir allt hefur golfíþróttin verið að vaxa og dafna og margir vilja taka þátt í uppvextinum," sagði hann.

Samkvæmt tölum frá 2008 eru næstflestir iðkendur skráðir hjá GSÍ af öllum sérsamböndum ÍSÍ. Knattspyrnan hefur flesta iðkendur, tæplega tuttugu þúsund en golfið kemur næst með tæplega fimmtán þúsund iðkendur.

Hörður segir að þessi mikli golfáhugi hafi ekki minnkað þrátt fyrir fjármálakreppuna. „Síður en svo. Sumir golfklúbbar hafa til að mynda reynt að koma til móts við sína félaga sem hafa orðið fyrir tekjumissi með ýmsum leiðum. Svo höfum við séð að það hefur verið gríðarleg aukning í notkun vallanna og oft eru rástímar fullbókaðir frá klukkan sjö á morgnana. Það er nú strax byrjað í upphafi sumars," sagði Hörður.

Keppni á Eimskipsmótaröðinni hefst svo um helgina en fyrsta mót ársins fer fram í Vestmannaeyjum.

- esá




**SAMNINGAR UNDIRRITAÐIR** Fjölmörg fyrirtæki styrkja starf Golfsambandsins. Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri er fyrir miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# PHILIPS HMTILBOÐ




**Philips 42PFL8404H**
Full HD með Pixel Precise HD myndtækni
Ambilight Spectra baklýsing
HD Natural Motion
100Hz Clear LCD
Net TV

ambi light · Net TV · Pixel Precise HD · 100Hz LCD 3 ms · Full HD 1080p

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 319.995

## PHILIPS SJÓNVÖRPIN ERU Í ÚRVALSDEILD

*- sama hvaða hasar er á dagskrá!*




ÖRÞUNNT
**LCD** MEÐ
**LED** OG
**AMBILIGHT**






Pixel Precise HD · LED · Full HD 1080p · 100Hz LCD 3 ms · HD Natural Motion · Incredible Surround · Network LINK dlna · Net TV · CI+

**Philips 40PFL8664H**
40" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, 100Hz Clear LCD, Pixel Precise HD Engine, Ambilight baklýsingu, LED tækni, Digital Crystal Clear, 500.000:1 skerpu, 3ms svartíma, HD Natural Motion og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, 14 Bita litaupplausn, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, NetTV til að vafra á netinu, USB, 4x HDMI, 2x Scart, DLNA 1.0, Common Interface Plus, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 439.995

Pixel Plus HD · Full HD 1080p

**Philips 42PFL5604H**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, dýnamískri 50000:1 skerpu, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, 3x HDMI, USB, VGA (auðvelt að tengja við tölvu), RCA, S-Video, S/PDIF tengi ofl.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 279.995

**PHILIPS**
sense and simplicity

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Pepsi-deild kvenna

| | |
|---|---|
| Þór/KA-Valur | 2-4 |
| 0-1 Rakel Logadóttir (6.), 1-1 Rakel Hönnudóttir (43.), 2-1 Danka Podovac (45.), 2-2 Kristín Ýr Bjarnadóttir (50.), 2-3 Dagný Brynjarsdóttir (88.), 2-4 Hallbera Guðný Gísladóttir (91.). | |
| FH-Fylkir | 2-4 |
| 0-1 Anna Björg Björnsdóttir (12.), 0-2 Laufey Björnsdóttir (36.), 1-2 Sigríður Guðmundsdóttir, víti (40.), 1-3 Rúna Sif Stefánsdóttir (64.), 2-3 Guðrún Björg Eggertsdóttir (80.), 2-4 Anna Björg Björnsdóttir (83.) | |
| Afturelding-Grindavík | 1-0 |
| 1-0 Telma Þrastardóttir (84.) | |
| KR-Breiðablik | 0-1 |
| 0-1 Jóna Kristín Hauksdóttir (81.) | |
| Stjarnan-Haukar | 0-1 |
| 0-1 Ashley Myers. | |

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **4** | **4** | **0** | **0** | **19-2** | **12** |
| Breiðablik | 4 | 3 | 0 | 1 | 7-5 | 9 |
| **Þór/KA** | **4** | **2** | **1** | **1** | **10-7** | **7** |
| KR | 4 | 2 | 0 | 2 | 6-3 | 6 |
| **Stjarnan** | **4** | **2** | **0** | **2** | **6-3** | **6** |
| Fylkir | 4 | 2 | 0 | 2 | 8-7 | 6 |
| **Afturelding** | **4** | **2** | **0** | **2** | **6-9** | **6** |
| Grindavík | 4 | 1 | 1 | 2 | 3-4 | 4 |
| **Haukar** | **4** | **1** | **0** | **3** | **2-11** | **3** |
| FH | 4 | 0 | 0 | 4 | 3-19 | 0 |

**Upplýsingar** um markaskorun eru fengnar frá vefsíðunni fótbolti.net.



**HALLBERA GÍSLADÓTTIR** Innsiglaði sigur Valsliðsins í gær og lagði upp jöfnunarmarkið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Valskonur skoruðu tvö mörk í lokin

**Íslandsmeistarar Vals héldu sigurgöngu sinni áfram með 4-2 sigri á Þór/KA fyrir norðan í gær. Jóna Kristín Hauksdóttir tryggði Blikum 1-0 sigur á KR og þar með annað sætið en þrír leikir í umferðinni unnust 1-0.**

**FÓTBOLTI** Heil umferð fór fram í Pepsi-deild kvenna í fótbolta í gærkvöldi. Stórleikur kvöldsins fór fram þegar efstu liðin mættust fyrir norðan en óvæntustu úrslit kvöldsins voru í Garðabænum þar sem nýliðar Hauka unnu 1-0 sigur á Stjörnunni og fögnuðu fyrstu stigum tímabilsins. Blikar nýttu sér líka tap Þórs/KA á móti Íslandsmeisturum Vals og komust upp í annað sætið með 1-0 sigri í Vesturbænum.

Valskonur fengu á sig sitt fyrsta mark á tímabilinu og lentu 2-1 undir á móti Þór/KA fyrir norðan en náðu að tryggja sér 4-2 sigur og þriggja stiga forskot á toppnum í Pepsi-deild kvenna í fótbolta með því að skora tvö mörk á lokamínútum leiksins.

Strax dró til tíðinda á 6. mínútu leiksins þegar Dóra María Lárusdóttir fékk boltann fyrir utan vítateig eftir krafs í teig heimamanna. Hún renndi boltanum út til hægri á Rakel Logadóttur sem gerði sér lítið fyrir og hamraði boltann upp í hornið fjær, óverjandi fyrir Berglindi Magnúsdóttur í marki Þórs/KA. Valskonur voru mun sterkari í fyrri hálfleik og réðu lögum og lofum á vellinum.

Heimamenn komust þó betur inn í leikinn síðustu tíu mínútur hálfleiksins og á síðustu tveim mínútum sneru þær leiknum. Rakel Hönnudóttir var fyrst að átta sig og fylgdi eftir stangarskoti og jafnaði metin á 43 mínútu. Danka Padovac átti svo ekki í erfiðleikum með að rúlla boltanum í netið eftir sendingu Rakelar Hönnudóttur.



**BLIKAR Í ANNAÐ SÆTIÐ** Blikinn Sandra Sif Magnúsdóttir sést hér í baráttunni við KR-inginn Rebekku Sverrisdóttur á KR-vellinum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Seinni hálfleikurinn hófst eins og sá fyrri og á 51. mínútu náðu Valskonur að jafna metin þegar Kristín Ýr Bjarnadóttir reyndist sterkust í loftinu eftir hornspyrnu.

Síðustu 25 mínúturnar voru síðan að mestu háðar á vallarhelmingi Þórs/KA þar sem Valskonur óðu í færum. Sóknarþungi Valskvenna bar árangur á 88. mínútu þegar Dagný Brynjarsdóttir skoraði eftir eina af fjölmörgum hornspyrnum þeirra í leiknum. Hallbera Guðný innsiglaði sigurinn svo í uppbótartíma. Lokastaðan 4-2.

Dragan Stojanovic, þjálfari Þórs var að vonum súr eftir leikinn: „Lokastaðan gefur ekki rétta mynd af leiknum. Í stöðunni 2-2 hefðum við getað skorað og þá hefðum við kannski unnið leikinn. Svona er fótboltinn, fáum dauðafæri og klúðrum og fáum svo mark í bakið.“

Freyr Alexandersson, þjálfari Vals var hins vegar á öðru máli: „Leikurinn spilaðist nákvæmlega eftir leikskipulaginu. Mörkin sem Þór/KA skorar má skrifa á einbeitingarleysi og óheppni. Þær eru stórhættulegar og refsa grimmilega,“ sagði Freyr sem lét markahæsta leikmann deildarinna, Björk Gunnarsdóttur, byrja á bekknum þrátt fyrir að hún hefði skorað í öllum leikjum liðsins og tryggt liðinu 1-0 sigur á Fylki í leiknum á undan.

Jóna Kristín Hauksdóttir tryggði Blikum 1-0 útisigur á KR en systir hennar hafði tryggt Blikum þrjú stig í leiknum á undan. Þessir tveir sigrar hafa komið Breiðabliki upp í annað sæti deildarinnar.

Afturelding vann 1-0 sigur á Grindavík þar sem Telma Þrastardóttir skoraði sigurmarkið sex mínútum fyrir leikslok. Þetta var annar sigur Aftureldingar í röð en Telma skoraði tvö mörk í 4-1 sigri á FH í síðustu umferð.

Ashley Myers tryggði Haukum óvæntan 1-0 útisigur á Stjörnunni en þetta voru fyrstu stig nýliða Hauka á þessu tímabili eftir að þær höfðu tapað þremur fyrstu leikjum sínum með markatölunni 1-11.

Anna Björg Björnsdóttir skoraði tvö mörk og þær Laufey Björnsdóttir og Rúna Sif Stefánsdóttir voru með eitt mark hvor í 4-2 sigri Fylkis á FH í Kaplakrika. Sigríður Guðmundsdóttir og Guðrún Björg Eggertsdóttir minnkuðu muninn fyrir FH. **ooj@frettabladid.is, - sa**






KSÍ sannreynir meiðsli með sínum eigin læknum:

# Ekki sjálfgefið að fá undanþágu

**FÓTBOLTI** Knattspyrnufélög á Íslandi geta sótt um undanþágu frá félagaskiptareglum til að fá til sín markmann utan félagaskiptaglugga lendi þau í markmannsvandræðum. Keflvíkingar sóttu um slíka undanþágu í gær vegna meiðsla Ómars Jóhannssonar.

Samkvæmt reglugerð 10.2 um um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga geta félögin fengið undanþáguna frá framkvæmdastjóra KSÍ „ef rík ástæða er til“. En hvað þýðir það?

„Það eru fordæmi fyrir þessum málum. Þetta gildir yfirleitt ef báðir eða jafnvel fleiri markmenn eru meiddir eða í banni,“ segir framkvæmdastjórinn Þórir Hákonarson.

Samkvæmt reglugerðinni skal félagið „leggja fram rökstudda greinargerð ásamt fylgigögnum“ þegar það sækir um undanþáguna. En Þórir segir að það sé alls ekki alltaf sem félög fái undanþáguna, og að það sé ekki sjálfgefið.

„Félögin leggja af stað inn í mótið með sína leikmannahópa sem þjálfarinn velur. Reglan er aðeins til undantekninga, menn geta ekki reiknað með henni nema ríkar ástæður séu til,“ segir Þórir.

Árið 2006 kom upp umdeilt mál þegar ÍBV sótti um undanþágu. Hrafn Davíðsson fór utan í nám þegar fjórar umferðir voru eftir. Varamarkmaður var Guðjón Magnússon, þá 23 ára, en ÍBV fékk ekki undanþáguna.

Viðar Elíasson, þáverandi formaður knattspyrnudeildar ÍBV, sagði að KSÍ væri að reyna að koma ÍBV úr deildinni með því að hafna beiðni félagsins um undanþágu. Hann fékk 30 þúsund krónur í sekt fyrir ummælin.

Birkir Kristinsson tók fram skóna og lék einn leik með ÍBV, meiddist svo á æfingu og lék ekkert meira það sumarið.

ÍBV vann einn leik, gerði eitt jafntefli og tapaði tveimur leikjum án Hrafns en féll úr deildinni, þremur stigum frá öruggu sæti. Guðjón lék einn leik, gegn FH í 1-1 jafntefli en Elías Fannar Stefnisson, þá sextán ára, tvo. Það var í 4-2 tapi gegn ÍA og 2-0 sigri á Fylki.

Síðasta sumar fékk Stjarnan svo Kjartan Ólafsson að láni frá Víkingi þegar Bjarni Þórður Halldórsson fór í leikbann og Baldvin Guðmundsson, hinn 45 ára gamli markmannsþjálfari, meiddist.

„Við létum tvo af okkar læknum skoða Baldvin til að sannreyna meiðslin. Þá vantaði Stjörnuna tvo af sínum aðalmarkmönnum og þá fengu þeir lánaðan mann,“ sagði Þórir en Kjartan fékk reyndar rautt spjald í leiknum sem hann spilaði, strax á tíundu mínútu. Í markið í hans stað fór hinn 16 ára gamli Davíð Guðjónsson sem hélt hreinu í 80. mínútur og var meðal annars valinn leikmaður umferðarinnar af Fréttablaðinu. **- hþh**



**MEIDDUR** Ómar er meiddur og Keflvíkingar vilja fá annan markmann að láni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLIX

Arnór Sveinn Aðalsteinsson gæti spilað tvo leiki á einum sólarhring:

# Blikar vilja ekki hægja á skriðinu

**FÓTBOLTI** Ísland og Andorra mætast í æfingaleik á laugardaginn en fimm leikmenn í hópnum spila í íslensku deildinni. Samt sem áður eru tveir leikir í deildinni á sunnudaginn og þrír á mánudaginn.

Breiðablik spilar við ÍBV í Vestmannaeyjum á sunnudaginn klukkan 16, sólarhring eftir að landsleikurinn hefst. Blikinn Arnór Sveinn Aðalsteinsson er í landsliðshópnum. „Við vildum ekki fresta leiknum þar sem við erum á góðu skriði og þetta hefði riðlað öllu hjá okkur. Þá hefði liðið farið í langt frí fyrir bikarleikinn gegn FH,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika.

Fram og KR frestuðu sínum leik en Skúli Jón Friðgeirsson og Jón Guðni Fjóluson eru í landsliðshópnum. Leikur þeirra fer fram 10. júní í staðinn en KR spilar þá þrjá leiki á einni viku, gegn Val 7. júní, þá við Fram og loks FH 14. júní.

„Ef við hefðum frestað leiknum hefði leikskipulagið verið alltof þétt hjá okkur,“ sagði Ólafur en Blikar hefðu þá spilað eins og KR-ingar, þrjá leiki á einni viku.

Arnór býst ekki við að spila báða leikina, í það minnsta ekki 90 mínútur í þeim báðum. „Ég veit ekkert hvernig verður með landsleikinn, kannski fæ ég að spila eitthvað en þjálfarinn ræður því. Þetta verður smá álag á mér en ég kvarta ekki,“ sagði Arnór en Blikar fara til Eyja á sunnudagsmorgun.

Ólafur er óhræddur við að leyfa Arnóri að spila gegn ÍBV. „Við leysum það ef hann spilar landsleikinn. En ég er líka með stóran hóp og ég treysti öllum til að spila,“ sagði þjálfarinn. - hþh




**LANDSLIÐSMAÐUR** Arnór á landsliðsæfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ARNAR FREYR JÓNSSON** Glímdi við erfið meiðsli í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arnar Freyr Jónsson:

## Er í viðræðum við tvö félög

**KÖRFUBOLTI** Arnar Freyr Jónsson, leikstjórnandi Grindavíkurliðsins undanfarin tvö tímabil, er ekki búinn að ákveða það hvar hann muni spila á næsta tímabili.

„Ég er í viðræðum við tvö lið á Suðurnesjum og þetta ætti að skýrast á morgun (í dag),“ sagði Arnar Freyr í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Heimildir Fréttablaðsins eru að annað þessara liða sé Njarðvík en Arnar Freyr vildi þó ekkert gefa upp um hvaða lið hann væri að tala við. Arnar Freyr varð fjórum sinnum Íslandsmeistari með Keflavík á árunum 2003 til 2008 áður en hann fór yfir til Grindavíkur fyrir 2008-2009 tímabilið. Arnar Freyr varð í 3. sæti í stoðsendingum í Iceland Express deild karla í vetur með 7,0 að meðaltali þrátt fyrir að spila bara 24,0 mínútur í leik en auk þess var hann með 5,4 stig í leik. - óój



**FRÁBÆRT TÍMABIL** Jose Mourinho fagnar sigri í Meistaradeildinni í vetur. MYND/AFP

Forseti Real um Mourinho:

## Fullkominn fyrir Real-liðið

**FÓTBOLTI** Þjálfunarstíll Jose Mouringo hentar fullkomlega fyrir Real Madrid, samkvæmt forseta félagsins Florentino Perez. Mourinho tekur við Madrídarliðinu í þessari viku.

Mourinho er almennt talinn mjög varnarsinnaður þjálfari og lið hans ekki talin spila skemmtilegan fótbolta. Það er jú önnur krafa hjá stuðningsmönnum Real Madrid, að liðið spili skemmtilegan fótbolta.

Krafa númer eitt er sigur. Alltaf og allsstaðar. Stíll Mourinho hefur einmitt skilað árangri þar sem hann hefur þjálfað.

„Stíll Mourinho fellur fullkomlega að sögu Madrídar. Að vinna, gildin og andi fórnarinnar, munu henta fullkomlega,” segir Perez.

Mourinho mun fá 40 milljónir punda í laun, eftir skatta, yfir fjögur tímabil hjá Real Madrid. - hþh




**Við viljum ekki senda afkomendur okkar í Evrópusambandsherinn!**

*„Hvað Evrópusambandsherinn varðar hefur lengi staðið til að koma honum á laggirnar. Fjölmargir forystumenn innan Evrópusambandsins hafa lýst yfir stuðningi við þá hugmynd á liðnum árum og þegar er kominn vísir að slíkum her. Um er að ræða sérstakar hersveitir sem lúta stjórn sambandsins og ætlað er að geta brugðist hratt við hættum sem kunna að koma upp. Þá eru heimildir til stofnunar slíks hers í Stjórnarskrá Evrópusambandsins (Lissabon-sáttmálans) sem tók gildi þann 1. desember á síðasta ári.“*

Kanslari Þýskalands, Angela Merkel, í ræðu sem hún flutti 13. maí sl.

**Samtök ungra bænda**

> **Scarlett Johansson**

„Ég er orðin mjög þreytt á því að vera spurð hvort ég sé með hálsbólgu. En fólk sem hefur sagt mér að rödd mín sé einstök, óvenjuleg eða sérstæð, það fólk mun mér ávallt þykja vænt um.“

***Scarlett Johansson er á meðal leikenda í kvikmyndinni Dagbók barnfóstru sem sýnd er í Sjónvarpinu kl. 21.15.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON HELDUR PARTÍ**

## Söguleg kosningavaka

Allt bendir til þess að kosningavaka laugardagskvöldsins verði söguleg. Gjaldþrot stóru stjórnmálaflokkanna í Reykjavík blasir við en þeir hafa undanfarna daga, rétt eins og útrásarvíkingarnir á fyrstu dögum hrunsins, svarið það af sér að hafa gert nokkuð rangt á liðnu kjörtímabili.

En þá má kannski til til gamans rifja upp fréttir af myndhöggvaranum Helga Gíslasyni sem hefur séð um að gera brjóstmyndir af borgarstjórum Reykjavíkur. Árið 2007 var hann nýbúinn með brjóstmynd af Davíð Oddssyni og ætlaði að fara að byrja á Markúsi Erni. Þetta kjörtímabil bættist aldeilis á listann hans. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Dagur B. Eggertsson, Ólafur F. Magnússon og loks Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ekki má heldur gleyma þeim ágætu mönnum sem höfðu það verkefni að skipta um nöfn á hurð borgarstjóraskrifstofunnar. Þeir höfðu í næg horn að líta á þessu kjörtímabili sem er að líða. Ódauðleg sms og REI-málið, en ekki sé nú talað um ógleymanlegan flótta borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í gegnum kjallara Valhallar. Þetta var hátíð.

Kosningavakan verður söguleg. Kannski vinnur Besti flokkurinn. Kannski ekki. Kannski horfast stjórnmálamenn fjórflokkanna í augu við eigið gjaldþrot. Kannski berja þeir bara hausnum við vegg og benda hvor á annan. Við áhorfendur fáum allavega eitthvað fyrir okkar snúð á laugardaginn þótt ekki væri nema sigur í Eurovision.



**BRJÓSTMYNDABULL** Davíð Oddsson var síðasti borgarstjórinn sem fékk brjóstmynd af sér í Ráðhúsi Reykjavíkur. Borgarstjórarnir voru fjórir á kjörtímabilinu sem var að líða og því næg verkefni fram undan hjá myndhöggvurum landsins.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.30** The Doctors STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** Wipeout USA STÖÐ 2



▶ **21.10** Biggest Loser SKJÁR EINN



▶ **21.15** Dagbók barnfóstru SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** An American Haunting STÖÐ 2 BÍÓ

### SJÓNVARPIÐ

**14.45 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Upptaka frá seinni forkeppninni í Osló á fimmtudagskvöld. (e)
**16.50 Stiklur - Undir Vaðalfjöllum** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fyndin og furðuleg dýr** (13:26)
**17.35 Gæludýr úr geimnum**
**18.00 Leó** (10:52)
**18.05 Tóta trúður**
**18.30 Mörk vikunnar**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Kastljós** Í þættinum verða leiðtogaumræður um borgarmálin fyrir kosningarnar á laugardag.
▶**21.15 Dagbók barnfóstru** (The Nanny Diaries) Bandarísk gamanmynd frá 2007. Háskólastúdína fer að vinna sem barnfóstra hjá auðugri fjölskyldu í New York og lendir í ýmsum ævintýrum. Með aðalhlutverk fara Scarlett Johansson, Chris Evans og Alicia Keys.
**23.00 Úrvalsliðið** (The Elite) Bandarísk bíómynd frá 2000. Fimm ungmenni eru þjálfuð sem sérsveitamenn til að berjast gegn hryðjuverkamönnum eftir að fjölskyldur þeirra farast í sprengingu. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.45 Barnaby ræður gátuna - Fiskikóngurinn** (Midsomer Murders: The Fisher King: Fiskikóngurinn) (e)
**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Elías, Kalli litli Kanína og vinir
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Mercy** (7:22)
**11.05 The Moment of Truth** (15:25)
**11.50 Chuck** (15:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Wildfire**
**13.45 La Fea Más Bella** (176:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (177:300)
**15.30 Wonder Years** (2:6) Sígildir þættir um Kevin Arnold sem rifjar upp fjöruga æsku sína á sjöunda áratugnum.
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn, Kalli litli Kanína og vinir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
▶**20.00 Wipeout USA** Stórskemmtilegur skemmtiþáttur og nú í bandarísku útgáfunni þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari.
**20.50 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að láta dáleiða sig og taka uppá ýmsum kostulegum hlutum.
**21.20 Steindinn okkar** Drepfyndinn sketsaþáttur með nýstirninu Steinda Jr.
**21.45 First Wives Club** Ekkert er hættulegra en reið eiginkona. Þær hafa allar staðið með mönnunum sínum og hjálpað þeim upp metorðastigann en þegar á hólminn er komið er þeim sparkað og ungar og rennilegar teknar inn í staðinn.
**23.25 Piccadilly Jim**
**01.00 Boo**
**02.30 Pathfinder**
**04.05 Wipeout USA**
**04.50 Steindinn okkar**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

### BÍÓ

**08.00 Fjölskyldubíó. The Wiches**
**10.00 Dave Chappelle's Block Party**
**12.00 Garfield Gets Real**
**14.00 Fjölskyldubíó: The Wiches**
**16.00 Dave Chappelle's Block Party**
**18.00 Garfield Gets Real**
**20.00 Road Trip**
▶**22.00 An American Haunting**
**00.00 Showtime**
**02.00 Ice Harvest**
**04.00 An American Haunting**
**06.00 Naked Gun 2 ½. The Smell of Fear**

### SPORT *besta sætið*

**18.10 HP Byron Nelson Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**19.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**19.30 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**20.00 NBA körfuboltinn. LA Lakers - Phoenix** Útsending frá leik Lakers og Phoenix í úrslitakeppni NBA körfuboltans.
**21.55 Main Event. Day 5** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**22.50 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, og fleiri magnaðir spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.
**23.40 Poker After Dark**
**00.30 NBA körfuboltinn. Boston - Orlando** Bein útsending frá leik Boston og Orlando í úrslitakeppni NBA körfuboltans.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Hull - West Ham** Útsending frá leik Hull og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 Arsenal - Aston Villa** Útsending frá leik Arsenal og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.00 David Beckham**
**21.30 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**22.00 Gullit**
**22.30 Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik Man. Utd og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 One Tree Hill** (21:22) (e)
**19.00 Being Erica** (3:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið.
**19.45 King of Queens** (21:24)
▶**20.10 Biggest Loser** (5:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið. Þátturinn er lengri en vanalega.
**21.35 The Bachelor** (1:10) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Þetta er tólfta þáttaröðin af The Bachelor og í fyrsta þættinum endurnýjum við kynnin við fólk sem hefur tekið þátt í fyrri þáttaröðum svo sem Andrew Firestone og Aqaron Buerge. Einnig er rætt við Bachelorette hjónin Tristu og Ryan Sutter og fleiri fyrrum þátttakendur. Þá er kynntur til leiks piparsveinninn sem nú fær tækifæri til að finna draumadísina. Hann heitir Matt Grant og er breskur séntilmaður, bláeygur, hávaxinn og myndarlegur.
**22.25 Parks & Recreation** (4:13) (e)
**22.50 Law & Order UK** (3:13) (e)
**23.40 Life** (6:21) (e)
**00.30 Saturday Night Live** (19:24) (e)
**01.20 King of Queens** (21:24) (e)
**01.45 Big Game** (6:8)
**03.40 Girlfriends** (20:22) (e)
**03.40 Jay Leno** (e)
**05.15 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Kosningahrafnaþing, engir frambjóðendur,en sérvaldir og sjálfskipaðir sérfræðingar láta ljós sitt skína um þessar hundleiðinlegu kosningar.
**21.00 Hrafnaþing**
**21.30 Golf fyrir alla** Endursýndur þáttur um vippið, stutta spilið og púttið.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Ort laust og fast

Meinfyndið og fjörugt ljóðakver eftir Þórarin Eldjárn

Speki og sprok um sérviskur og samviskur, mannlýsingar og upplýsingar



Hver og einn sem á það lítur
álykta verður sem svo:
Einn er búkki einskis nýtur,
annað gildir um tvo.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.35

### Auddi og Sveppi



Auddi og Sveppi safna milljón fyrir Mæðrastyrksnefnd. Fjögur fyrirtæki gefa 250 þúsund krónur hvert og í staðinn máttu þau velja atriði sem þau vildu sjá í þættinum. Útkoman eru hreint út sagt stórhlægileg; Hilmir Snær í freyðibaði, Gillzenegger tuskaður til, Rikka í blautbúningi á bílaþvottastöð og Ingó Veðurguð fær það óþvegið frá Selfossliðinu í kvöld hjá Audda og Sveppa. Alveg milljón!

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Bachelor**

### Skjáreinn kl. 21.35

Þetta er tólfta þáttaröðin af The Bachelor og í fyrsta þættinum endurnýjum við kynnin við fólk sem hefur tekið þátt í fyrri þáttaröðum. Þá er kynntur til leiks piparsveinninn sem nú fær tækifæri til að finna draumadísina. Hann heitir Matt Grant og er breskur séntilmaður, bláeygur, hávaxinn og myndarlegur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** Þau völdu Ísland
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngfuglar
**21.10** Hringsól
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Lois and Clark. The New Adventure** (14:21) LOIS AND CLARK

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS** (21:25) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.

**22.35 Fringe** Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsakar hún röð dularfullra atvika.

**23.20 The Fixer** (6:6)

**00.10 Auddi og Sveppi**

**00.45 Steindinn okkar**

**01.15 The Doctors** r.

**02.00 Lois and Clark. The New Adventure** (14:21)

**02.45 Fréttir Stöðvar 2**

**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** The Inspector Lynley Mysteries **10.50** The Inspector Lynley Mysteries **11.40** The Black Adder **12.10** Blackadder II **12.40** My Hero **13.10** My Hero **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** The Black Adder **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** Doctor Who **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** The Catherine Tate Show **18.30** No Heroics **18.55** Coupling **19.25** Coupling **19.55** Coupling **20.30** The Jonathan Ross Show **21.20** Strictly Come Dancing **22.35** Strictly Come Dancing

## DR 1

**11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Seinfeld **12.00** Rabatten **12.30** Dyrehospitalet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Kurt - En ukendt helt **15.35** Amalie **15.55** Blå ko blir popstjerne **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Kim Larsen - Live in Concert **19.00** TV Avisen **19.30** Enough **21.20** U2 360° Live From the Rose Bowl **22.20** The Front Line

## NRK 1

**10.45** Dallas **11.35** Urix **11.55** Ut i nærturen **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Svenske dialektmysterium **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Dei blå hav **18.55** Eurovision Song Contest 2010 **19.25** Kalde spor **21.20** Kveldsnytt **21.35** En velutstyrt mann **22.05** Barbra Streisands store comeback

## SVT 1

**08.30** Gomorron Sverige **09.15** Go'kväll **10.00** Rapport **10.05** Eurovision Song Contest **12.15** Landet runt **13.00** Mitt i naturen **13.30** Landgång **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hanser Lina - vallkullan som blev operasångerska **15.25** Sverige! **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Trångt i kistan **20.30** Sverige! **21.00** Million Dollar Baby **23.10** Landgång




## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Sá þáttur væri Vampire Diaries, nóg af blóði og öðrum skemmtilegheitum.“*

Embla Grétarsdóttir, leikmaður Vals.

# María og Sigga leita að nýjum stjörnum

„Þetta er fyrsta alvöru keppnin fyrir þennan aldurshóp,“ segir María Björk Sverrisdóttir en hún ásamt Sigríði Beinteinsdóttur ætlar að þvælast um allt Ísland og leita að næstu söngstjörnu landsins í söngvakeppninni Röddin. Keppnin er hugsuð fyrir krakka á aldrinum tólf til sextán ára og ætlar Stöð 2 að fylgjast grannt með gangi mála en þættir um keppnina verða sýndir á sjónvarpsstöðinni í haust.

María og Sigríður eru auðvitað þaulreyndar báðar tvær í þessum bransa, María hefur rekið Söngskóla Maríu Bjarkar í áratug og var umboðsmaður Jóhönnu Guðrúnar og Sigríður á farsælan feril að baki í söng, bæði ein og með hljómsveitinni Stjórninni. Þær segja mikla þörf fyrir svona keppni enda hafi bæði Idolið og X-Factor stílað inn á eldri markhópa. „Ég var mikið spurð sem dómari í Idolinu af hverju það væri engin svona keppni fyrir yngra fólkið. Þar var alltaf verið að horfa á fólk sem væri orðið sextán ára,“ segir Sigríður og undir það tekur María Björk. Þær segja jafnframt að svona keppni sé holl fyrir ungt fólk, þetta styrki sjálfsmynd þeirra og æfi það í að koma fram. „Þau læra líka að taka uppbyggilegri gagnrýni, þarna verður enginn niðurlægður heldur fær viðkomandi bara að heyra eitthvað jákvætt sem hann getur byggt á.“

Fyrsta leitin verður í Reykjavík á Hótel Loftleiðum 19. júní og þaðan verður förinni heitið út á land. Sigurvegarinn fær veglegan farandbikar og lag á safnplötu frá Senu sem gefin verður út fyrir jólin en allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á roddin.is. - fgg



**LEITA AÐ NÆSTU STJÖRNU** María Björk og Sigríður Beinteinsdóttir ætla að ferðast út um allt land og leita að næstu söngstjörnu Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT 2.** heimili, **6.** samþykki, **8.** vandlega, **9.** þrá, **11.** í röð, **12.** sæti, **14.** ról, **16.** nafnorð, **17.** móðuþykkni, **18.** námstímabil, **20.** ólæti, **21.** afli.
**LÓÐRÉTT 1.** útihús, **3.** átt, **4.** skrautplanta, **5.** angan, **7.** frilla, **10.** sönghús, **13.** prjónavarningur, **15.** þrátta, **16.** bjargbrún, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** inni, **6.** já, **8.** vel, **9.** ósk, **11.** lm, **12.** stóll, **14.** kreik, **16.** no, **17.** ský, **18.** önn, **20.** at, **21.** fang. **LÓÐRÉTT: 1.** fjós, **3.** nv, **4.** nellika, **5.** ilm, **7.** ástkona, **10.** kór, **13.** les, **15.** kýta, **16.** nöf, **19.** nn.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Eftirlitsstofnun EFTA.
2. Rakel Dögg Bragadóttir.
3. Exile on Main Street sem fyrst kom út árið 1972.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: 553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is



**STJARNA Í ÓSLÓ** Hera Björk Þórhallsdóttir er umsetin af fjölmiðlafólki á Eurovisionkeppninni í Ósló. Hún segir að Eurovisionkeppnin verði haldin á Íslandi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EÁ

HERA BJÖRK: ÉG HEF DÁSAMLEGA TILFINNINGU FYRIR ÞESSU

# Eurovision-keppnin verður haldin á Íslandi á næsta ári

Þjóðin mun eflaust sitja límd fyrir framan sjónvarpið á laugardagskvöldið þegar úrslitakvöld Eurovision fer fram í Telenor-höllinni.

Eflaust voru margir með öndina í hálsinum á þriðjudaginn þegar níu lönd af tíu voru komin áfram í úrslitin. Hera segist sjálf hafa verið alveg pollróleg og hún hefði ekki kosið að hafa þetta á neinn annan hátt. „Það hefði ekki alveg verið nógu töff. Sú staðreynd, að við vorum síðust, er bara vitnisburður um að okkur hafi gengið svolítið vel og orðið á götunni hérna úti er að við höfum unnið okkar riðil. Auðvitað vorum við ægilega ánægð en vorum líka meðvituð um að þessi möguleiki væri alltaf fyrir hendi, að við sætum eftir,“ segir Hera. En þótt Hera sjálf hafi verið róleg verður ekki sagt hið sama um manninn hennar. Halldór Eiríksson var nánast lamaður af stressi, að sögn Heru. „Hann missti eiginlega bara máttinn fyrir neðan mitti og sat bara,“ útskýrir Hera og hlær.

Sú nýbreytni var höfð á að varpa myndum af keppendum áður en ljósin kviknuðu á stóra sviðinu. Hera segist hafa verið að vinka syni sínum sem sat heima í stofu og síðasta hugsun hennar var, taktu þig saman í andlitinu, stelpa. „Maður heyrði bara hrópin og köllin, áfram Ísland og ég varð bara hrærð,“ segir Hera. Athygli hefur vakið hversu vel samstilltur íslenski hópurinn er, góður andi svífur yfir vötnum svo eftir er tekið. Hera segir að þar vegi reynslan af svona keppnum þungt. „Ég hef lært það sem bakraddasöngkona í þessi tvö skipti sem ég hef tekið þátt að það skiptir öllu máli að vera með fólk sem heldur ró sinni, tekur ekki leiðindaskrif inn á sig og er bara prófessjónalt í alla staði,“ segir söngkonan.

Laugardagskvöldið ætlar Hera síðan að gera eftirminnilegt. „Mesta stressið er kannski búið, að komast í úrslitin. Ég hef alveg dásamlega tilfinningu fyrir kvöldinu og ég hef fulla trú á laginu. Ef ég hefði hana ekki þá hefur enginn hana. Ég held að Íslendingar þurfi hreinlega að búa sig undir þá staðreynd að næsta Eurovision-keppni verði haldin heima.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Heba Þórisdóttir, einn fremsti förðunarmeistari þjóðarinnar, hefur verið ráðin í ansi skemmtilega mynd sem stendur til að framleiða í hinni stóru Hollywood. Myndinni hefur enn ekki verið gefið nafn en aðalstjarna hennar er Kirstein Wiig sem er einn af aðalleikurum Saturday Night Live. Meðal annarra sem koma fram í myndinni er **Matt Lucas**, þekktastur fyrir leik sinn í Little Britain.



Þrír íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru nú staddir á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Póllandi, nánar tiltekið í Gdynia. Þetta eru þau Hanna Björk Valsdóttir, Júlíus Kemp og **Friðrik Þór Friðriksson,** en sérstöku kastljósi verður beint að íslenskum og norrænum kvikmyndum og alls verða sjö íslenskar kvikmyndir sýndar á hátíðinni. Þeirra á meðal Draumalandið, Sólskinsdrengurinn og Reykjavík Whale Watching Massacre.

**Högni Egilsson**, söngvari hljómsveitarinnar Hjaltalín, útskrifast á morgun með BA-gráðu í tónsmíðum frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Útskriftartónleikarnir fara fram í Þjóðmenningarhúsinu og hefjast klukkan fjögur. Sígildir tónar Högna eru væntanlega notaleg hvíld áður en europoppið frá Eurovision og kosningatölur fara að dynja á þjóðinni. - fgg



ÍSLENSK HOLLUSTA ER Á MATSEÐLI BESTA VEITINGAHÚSS Í HEIMI!




Íslensk hollusta framleiðir hágæða hollustuvörur úr gnægtarbrunni íslenskrar náttúru. Veitingahúsið NOMA í Kaupmannahöfn, sem nýlega var kosið besta veitingahús í heimi, notar eingöngu söl frá okkur.

íslensk hollusta
–frá náttúrunnar hendi!
www.islenskhollusta.is

# Pabbi Heru grét í höllinni í Ósló

Fjölskylda Heru Bjarkar styður þétt við bakið á sinni konu á Eurovision-keppninni í Ósló. Fréttablaðið tók foreldra hennar og 12 ára dóttur söngkonunnar tali í gærdag í anddyri Radisson-hótelsins þar sem þau dvelja. Dóttirin, Þórdís Petra Ólafsdóttir sem er 12 ára, segir að Eurovision-keppnin leggist mjög vel í sig. Hún viðurkennir að sér finnist ennþá skrítið að sjá mömmu sína á sviðinu. „Það er dálítið skrítið, en samt ekki.“

„Hún er orðin svo vön stelpan!“ segir amma hennar, Hjördís Geirsdóttir sem er bjartsýn fyrir keppnina á laugardaginn. „Hún verður í topp tíu ef ekki bara í topp þrem. Hún Hera vinnur alltaf á sinn hátt, það er bara þannig.“

Hvernig er svo planið fyrir laugardaginn?

„Við söfnumst saman fjölskyldan, fáum okkur að borða og förum bara í strætó eins og hinir og syngjum og tröllum úti í sal með íslensku fánana. Við vorum öll hérna á þriðjudagskvöldið; systkini Heru, foreldrarnir og stelpan og nú er yngri sonur hennar farinn heim en við reynum að vera hérna eins mörg og við getum. Það er bara gaman, stuð og stemning,“ segir Hjördís mamma Heru.

Pabbi söngkonunnar, Þórhallur Geirsson, er að lokum spurður út í orðróm þess efnis að hann hafi grátið þegar dóttir hans komst áfram. „Já, þær vilja meina það dætur mínar að ég sé svolítið svona meyr stundum og það má rétt vera. Á þriðjudagskvöldið var ótrúlegur spenningur orðinn í manni þegar það var eitt land eftir og maður ætlaði varla að trúa þessu en þvílíkur léttir þegar Ísland kom upp úr umslaginu. Þetta var með ólíkindum að upplifa stemninguna þegar Ísland birtist á skjánum og hún á sviðinu.“ - eá



**STOLT** Hjördís og Þórhallur, foreldrar Heru, með barnabarnið Þórdísi Petru á milli sín. FRÉTTABLAÐIÐ/EÁ

# VORTILTEKT!

# LÝKUR Á LAUGARDAGINN!



**KING KOIL CORSICA**
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 249.636 kr.

**NÚ MEÐ 40% AFSLÆTTI**
**149.782 kr.**
**= 99.854 kr. AFSLÁTTUR**

**CORSICA PLUSH/FIRM**

- 5 svæðaskipt Svefnsvæði
- 5 svæðaskipt Sleep design gormakerfi eitt það fullkomnasta á markaðnum í dag
- Tvíhert sérvalið stál í gormunum
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

# NÚ HREINSUM VIÐ ÚT

# 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, á næstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®

# ÁTTU VON Á GESTUM?



Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf · Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGH! 240510

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Syngur Gay Pride-lagið



**Friðrik Ómar** mun syngja íslenska Gay Pride-lagið í ár. Friðrik, sem fluttist til Svíþjóðar fyrir skömmu ásamt unnusta sínum, Ármanni Skæringssyni, hefur verið á fullu við að klára lagið sem hann samdi ásamt góðvini sínum, **Örlygi Smára**. Friðrik er jafnframt að leggja lokahönd á Elvis-plötu en söngvarinn hélt vel heppnaða „tribute-tónleika" fyrr á árinu. - fgg



### Bent í bobba

Lánið leikur við Rottweilerhundinn **Ágúst Bent Sigbergsson** þessa dagana, enda hefur Steindinn okkar, í leikstjórn Bents, heldur betur slegið í gegn á Stöð 2. Gamlar syndir eiga það hins vegar til að koma í bakið í mönnum. Í vikunni var þingfest ákæra á hendur Bent fyrir líkamsárás sem honum er gefið að sök að hafa framið í febrúar árið 2008. Þar mun hann hafa slegið mann í andlitið og missti þolandinn við það tvær tennur. Hann krefur Bent um 1,2 milljónir í skaðabætur með vöxtum og tilheyrandi. Fregnir herma að eftir atvikið hafi hinn mikilhæfi rappari og leikstjóri róast nokkuð og forðast slagsmál síðan.



### Mest lesið vísir.is

1. Læknar beita þroskahefta konu valdi
2. Fegurðardrottning ásökuð um fíkniefnabrot
3. Beittu garðklippum á fingur manns
4. Jón Gnarr gerir kröfu til borgarstjórastólsins
5. Þyrla Magnúsar seld úr landi


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!



69
COCA COLA - 33 CL
www.europris.is



BRÆÐUR
DJARFT DANSVERK UM KARLMENN
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 28. MAÍ
KR. 3.400




NJÚTON OG THE FORMALIST QUARTET
VORTEX TEMPORUM
FRUMFLUTNINGUR Á ÍSLANDI
EINNIG FRUMFLUTT VERK EFTIR ATLA INGÓLFSSON



ÍSLENSKA ÓPERAN 4. JÚNÍ
KR. 2.900



BENNI HEMM HEMM
ALASDAIR ROBERTS
BLÁSARASVEIT REYKJAVÍKUR
STJÓRNANDI TRYGGVI M. BALDVINSSON
ÍSLENSKA ÓPERAN 3. JÚNÍ
KR. 2.900

TAKTU ÞÁTT Í LISTAHÁTÍÐ



TÓNÆVINTÝRI FYRIR BÖRN
HERRA POTTUR OG UNGFRÚ LOK
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
FRUMSÝNT 29. MAÍ
KR. 1.500

SCHUBERT Á SUNNUDAGS-MORGNUM
SVANASÖNGUR
SCHWANENGESANG
FRÍKIRKJAN 30. MAÍ
KR. 2.000





NORDIC AFFECT
TÓNLIST OG BÓKMENNTIR 18. ALDAR
ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ 2. JÚNÍ KR. 2.500



AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ KR. 2.500

UPPSELT
ORQUESTA CHEKARA FLAMENCA
ÍSLENSKA ÓPERAN 30. MAÍ



RAUNVERU-LEIKATÉKK
LEIÐSÖGN JÓNS PROPPÉ FRÁ NASA Á AUSTURVELLI
SUN. KL. 14
ALLIR VELKOMNIR

UPPSELT
ÓPERUVEISLA
KRISTINS SIGMUNDSSONAR
HÁSKÓLABÍÓ 5. JÚNÍ



SAMRÆÐA UM TÓNLIST Í SAMTÍMANUM
KJARVALSSTAÐIR 1. JÚNÍ
AÐGANGUR ÓKEYPIS



HÚSLESTRAR Á HEIMILUM RITHÖFUNDA
ÖRFÁ SÆTI LAUS
UM ALLA BORG LAU. 29. OG SUN. 30. MAÍ
KR. 1.000

DAVID BYRNE
SÝNIR MORAL DILEMMAS Í MIÐBORGINNI TIL 1. JÚNÍ

FABRIKAN

SJÁ HEILDARDAGSKRÁ
www.listahatid.is

FRÉTTABLAÐIÐ Iceland Express CENTER HOTELS PÓSTURINN SAMSKIP

Miðasala:
www.listahatid.is, www.midi.is,
og í síma 552 8588

Listahátíð í Reykjavík 2010 12. MAÍ – 5. JÚNÍ
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL